

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 4. júní 2025

Mál nr. S-4/2025:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

X

(Hlynur Jónsson lögmaður)

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson réttargæslumaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí 2025, var höfðað með ákæru útgefni 7. janúar 2025 á hendur X, kt. [...].

Samkvæmt I. kafla ákæru eru ákærða gefin að sök stórfelld brot í nánu sambandi gegn fyrrverandi sambyliskonu sinni og barnsmóður, A, kt. [...], að heimili hennar að [...], með því að hafa endurtekið og á alvarlegan hátt ógnað lífi, heilsu og velferð hennar með líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi svo sem hér greinir:

- kynferðislega áreitni og húsbrot, með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 13. október 2024 farið í heimildarleysi inn í hús og síðan svefnherbergi A þar sem hún var stödd og haldið A niðri í rúmi hennar, reynt að kyssa hana, káfað á henni og rifið hana úr buxum og nærbuxum áður en A náði að ýta honum af sér og koma honum fram á gang hússins og eftir það neitað að yfirgefa heimilið þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir A þess efnis.
- tilraun til manndráps, með því að hafa síðdegis miðvikudaginn 16. október 2024 í skemmu við [...] veist að A með rúllubaggateini og notað hann til að reyna að stinga hana, ýta við henni þar til hún féll til jarðar og síðan notað teininn til að þrengja að hálsi hennar með þeim afleiðingum að hún hætti að geta andað og meðvitund hennar skertist og hún hlaut dílablæðingar í andliti, húð- og mjúkvefjablæðingu á hægri hluta hálsins, leturhúðarblæðingu á hægri og vinstri hluta hálsins, sár í hægri lófa, húðblæðingu á hægri framhandlegg, báðum öxlum, báðum lærum og vinstri fótlegg, skrámur á vinstra hné og læri, mjúkvefjablæðingu framan háls hryggjaliða 2-4 og hreyfiskerðingu og kraftminnkun í hægri olnboga og öxl.

Sú háttsemi er í ákæru talin varða við 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að auki er háttsemi samkvæmt 1. tl. ákæru talin varða við 199. og 231.

gr. sömu laga og háttsemi samkvæmt 2. tl. ákæru talin varða við 211. gr., sbr. 20. gr., þeirra laga.

Þá er ákærði í II. kafla ákæru sakaður um líkamsárás með því að hafa föstudaginn 24. nóvember 2023 ráðist gegn B, kt. [...], við húsnæði að [...], og veitt honum ítrekuð högg í andlit og líkama, meðal annars með áldós og ítrekað sparkað í bók hans með þeim afleiðingum að B hlaut mar hægra megin á andliti við eyra og efri vör, sár innan á vör, mar vinstra megin á andliti á enni og vanga, áverka á öxlum næst hálsi beggja megin, mar á brjóstkassa vinstra megin, rispur á báðum síðum, skrapsár á hægri rasskinn og gervitennur brotnuðu í neðri gómi. Þessi háttsemi er heimfærð til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Enn fremur er ákærða með III. kafla ákærunnar gefið að sök brot gegn vopnalögum með því að hafa mánudaginn 20. nóvember 2023, á heimili sínu að [...], haft í förum sínum 14 skotvopn sem lögregla fann á veggjum og í tösku á heimilinu við húsleit auk fjölda skotfæra sem fundust víða um húsnæðið án þess að hafa gilt skotvopnaleyfi, án þess að skotvopnin væru skráð á hann og án þess að tryggja viðeigandi og áskilda geymslu þeirra í aðskildum og læstum hirslum þar sem óviðkomandi aðili næði ekki til þeirra. Þessi háttsemi er heimfærð til 1. mgr. 12. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998 og 2. mgr. 33. gr. reglugerðar nr. 787/1998.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Auk þess er krafist upptöku á nánar tilgreindum vopnum og skotfærum samkvæmt heimild í 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Af hálfu A, kt. [...], kröfuhafa og brotþola, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 6.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, frá 13. október 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði greiði brotþola kostnað að fjárhæð 141.891 króna vegna sjúkrakostnaðar og annars fjártjóns, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað brotþola, þ.e. þóknun fyrri réttargæslumanns hennar, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, og núverandi réttargæslumanns hennar, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, að viðbættum virðisaukaskatti á málflytningsþóknun.

Bótakrafa sem höfð var uppi vegna II. kafla ákæru var felld niður við meðferð málsins og var því lýst yfir hvort tveggja af hálfu kröfuhafans og ákærða að hvorugur krefðist málskostnaðar í þeim þætti málsins og á hvorugur því eftirleiðis kröfu á hinn að einkarétti í máli þessu.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið. Gæsluvarðhald ákærða frá 19. október 2024 komi til frádráttar refsingu. Hvað einkaréttarkröfu brotþola A varði sé þess krafist að fjárhæð bóta verði lækkuð verulega. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda, verði greiddur úr ríkissjóði, en til vara hluti hans.

Með úrskurði héraðsdóms 9. apríl síðastliðinn var fallist á kröfu um að ákærða yrði gert að víkja úr dómsal á meðan brotþoli A gæfi skýrslu. Landsréttur staðfesti þann úrskurð 15. sama mánaðar.

I

Helstu málsatvik vegna sakargifta samkvæmt 1. tl. I. kafla ákæru:

Samkvæmt því sem greinir í frumskýrslu lögreglu barst fjarskiptamiðstöð tilkynning um heimilisófrið að [...], að kvöldi 13. október 2024. Fóru tveir lögreglumenn á staðinn og hittu þar fyrir brotþola A, C og D, son C, en ætlaður gerandi hafi verið farinn af vettvangi.

Á vettvangi hafi brotþoli lýst samskiptum sínum við ákærða í samtali við annan lögreglumanninn. Hún hafi meðal annars greint frá því að ákærði hefði sent henni kynferðislegar myndir af henni sem hann hafi sagst vera búinn að setja í google photos albúm á netið. Hann hafi lokað albúminu og komið á [...] með háðslegan svip. Er hún hafi setið á rúmi í svefnherberginu hafi þau rætt saman, meðal annars um ætlaða flutninga ákærða á suðvesturhorn landsins, og í samtalinu hafi brotþoli farið að hlæja. Ákærði hafi þá hent í hana þungunarprófi, sem hún hefði nýverið hent í ruslið heima hjá sér og kvittun fyrir kaupum hennar á undirfötum og sagt hana kvarta yfir því að eiga ekki peninga og geta svo keypt sér nærföt fyrir 70.000 krónur. Hann hafi líka hent í hana einni af flíkunum. Fram til þessa og í framhaldi af þessu hafi hún beðið hann um að fara út af heimilinu, en þau hafi slitið sambandi sínu mörgum mánuðum áður. Í svefnherberginu hafi ákærði á hinn bóginn ýtt henni niður, reynt að kyssa hana og rifið hana úr brókinni. Hún hafi barist um og ýtt honum í burtu. Ákærði hafi að svo búnu haldið áfram að ausa yfir brotþola alls konar orðum og svívirðingum, en hún hafi farið fram á gang og reynt

að koma honum út, ekki í neinu að neðan. E, sonur hennar, hafi þá verið í stofu hússins að spila tölvuleik með heyrnartól á höfðinu, en sameiginlegur sonur ákærða og brotaþola, F, hafi komið að. Hún hafi „náð“ ákærða í þvottahús hússins þar sem hún hafi spurt hann hvort hann hafi ætlað að nauðga henni, en hann svarað „nei, djöfull ertu klikkuð“. Hún hafi þá svarað „en þú rífur mig samt úr öllu að neðan“. Lýsti brotaþoli því fyrir lögreglumanninum að ákærði hefði mörgum sinnum komið til hennar og komið sér upp á hana eins og flaðrandi hundur. Hún frysi í svona augnablikum. Hún hafi stundum tekið þátt í því en alltaf fengið það í bakið. Hún hafi þarna náð að hringja í neyðarlínuna á gangi hússins og haft símann í hendinni allan tímann svo unnt væri að hlusta á það sem fram færi. Hún hafi talað við starfsmann fjarskiptamiðstöðvar eftir að hafa komið ákærða út. Hún hafi læst hurðinni og setið smástund á þvottahúsgólfinu og svo hringt í C og hann og sonur hans komið. Stuttu síðar hafi hún einnig hringt í lögreglu.

Samkvæmt skýrslunni var farið með brotaþola á [...] þar sem G, læknir, hafi tekið á móti henni og rætt við hana. Enn fremur hafi lögregla tilkynnt um atvikið til barnaverndar.

Á meðal gagna málsins er upptaka í hljóði og mynd af skýrslugjöf sameiginlegs sonar ákærða og brotaþola, F, í Barnahúsi 28. október 2024. Var drengurinn meðal annars spurður út í samskipti foreldra sinna, klæðaburð þeirra og leitast við að staðsetja atvik í tíma á [...] hinn 13. október 2024. Hann greindi meðal annars frá rifrildi foreldra sinna og að honum hafi liðið illa á meðan á því hafi staðið. Faðir hans hafi verið í úlpu og móðir hans hafi verið í fötum. Aðspurður um hvort hún hafi verið í miklum fötum svaraði hann „já, allt“. Aðspurður um hvort hún hafi verið í buxum kvað drengurinn svo hafa verið, en einnig að einu sinni hafi hún ekki verið í buxum. Það hafi verið þegar faðir hans hafi komið. Hún hafi verið í nærbuxum og það hafi verið í þvottahúsinu. Hann sjálfur hafi verið að spila og horfa á spjaldtölvu þegar þau hafi rifist. Síðast þegar drengurinn hafi séð föður sinn hafi þau rifist og faðir hans hafi farið í herbergið til móður hans. Nánar aðspurður kvað hann móður sína hafa verið í buxum í það skipti, hún væri oft í buxum en stundum ekki. Er hann var nánar spurður í lok skýrslugjafarinnar um hvort það hafi verið í síðasta skiptið sem hann hefði séð föður sinn í húsinu, hvort móðir hans hafi þá ekki verið í buxum, svaraði hann því játandi. Hann haldi að þau hafi verið í þvottahúsinu í það skipti.

Þá er á meðal rannsóknargagna áverkavottorð G, lækni á [...], dags. 24. október 2024, vegna komu A á [...] í fylgd tveggja lögreglumanna að kvöldi 13. sama mánaðar.

Fram kemur að brotapolí hafi greint læknum frá því að fyrrum sambýlismaður hennar hafi ruðst inn til hennar og reynt að afklæða hana með ósk um kynlíf. Læknirinn hafi átt samtali við brotapolu og beðið hana að lýsa áverkum. Hún hafi sagst ekki vera með nein áverkamerki önnur en verk í fæti eftir að hafa sparkað frá sér. Hún hafi ekki verið skoðuð ítarlega, en gerð hafi verið nóta. Í nótu úr sjúkraskrá 13. október 2024 greinir auk annars frá því að enga líkamlega áverka sé að sjá utan að hún sé aum „medialt á rist hæ fótar eftir að hafa sett fótinn í manninn“.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af ákærða, tvær skýrslur af brotapolu og síma-skýrsla af C. Enn fremur var tekin fyrrgreind skýrsla fyrir dómi af F, sameiginlegum syni ákærða og brotapolu, í Barnahúsi, sbr. 59. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þá eru á meðal rannsóknargagna hljóðupptaka og endurrit framangreinds símtals brotapolu við fjarskiptamiðstöð, skýrsla félagsþjónustu [...], afstöðumynd húsa [...], gátlistar lögreglu vegna heimilisofbeldis, fyrrgreint áverkavottorð G læknis, ásamt beiðni lögreglu um það, og skaðabótakröfur vegna brotapolu og F, sonar ákærða og brotapolu.

Helstu málsatvik vegna sakargifta samkvæmt 2. tl. I. kafla ákæru:

Samkvæmt því sem greinir frumskýrslu lögreglu var í símtali fjarskiptamiðstöðvar tilkynnt um heimilisofbeldi í skemmu [...] 16. október 2024. Tveir lögreglumenn hafi farið á staðinn ásamt sjúkrabifreið. Á leið á vettvang hafi borist upplýsingar um að ákærði væri ætlaður gerandi og að hann hafi reynt að kyrkja fyrrum sambýliskonu sína, brotapolu A. Á leið á vettvang hafi lögreglumaður óskað eftir heimild til að vopnast og hafi slík heimild verið veitt.

Við komu viðbragðsaðila á vettvang hafi bifreið ákærða verið við [...], en engu að síður hafi verið ekið að skemmum til að tryggja að hann væri ekki þar. Þegar þangað hafi verið komið hafi lögregla veitt athygli konu sem veifaði þeim en ákærði hafi ekki sést. Hafi sjúkraflutningsmenn verið beðnir um að fara á vettvang og sinna brotapolu en lögregla hafi farið að [...]. Þegar lögregla hafi nálgast húsið hafi ákærði komið út úr því, verið óvopnaður og verið handtekinn. Hann hafi greint lögreglu frá samskiptum sínum og brotapolu og sagt þau hafa lent í deilum. Hann hafi verið heima við og séð brotapolu setja upp fukk-merki með höndunum og henda út úr skemmum dóti sem hann hafi átt. Því hafi hann farið þangað. Þar hafi þau rifist um muni sem hún hafi sagt hann vera að taka af henni, þar á meðal [...] sem hann hafi ákveðið að selja bílaða en hún talið sig þurfa á að halda. Hún hafi sagt hann vera ógeðslegan og viðbjóðslegan og sagt C vera

betri en hann og ögrað ákærða. Þá hafi hann misst stjórn á sér og ráðist að henni. Hann hafi þá verið stöðvaður í frásögn sinni og kynnt réttarstaða sakbornings. Ákærði hafi greint lögreglu frá því að þetta væri mjög alvarlegt. Í kjölfarið hafi aðstoð sérsveitar verið afþökkuð en aðstoðar lögreglu [...] enn óskað. Ákærði hafi verið færður í fangaklefa á lögreglustöðinni [...] og á meðan á því hafi staðið hafi brotþoli verið flutt með sjúkra-bifreið á [...]. Þá hafi barnavernd verið upplýst.

Á [...] hafi lögregla rætt við brotþola og tekið viðtal við hana upp í hljóði og mynd. Hún hafi greint lögreglu frá atburðum eins og þeir hafi horft við henni. Hún hafi verið að [...] um daginn með C og hafi farið í skemmuna þegar hún hafi komið heim og byrjað að henda dóti. C hafi skroppið frá en H, vinkona hennar, verið inni í húsi þegar ákærði hafi komið í skemmuna. Hann hafi í upphafi verið rólegur og spurt hvað hún væri að gera. Hún hafi tjáð honum að hún væri að setja út dót sem hann hafi átt að vera búinn að taka fyrir mörgum mánuðum síðan. Hún kvaðst ekki muna alveg, en hann hafi tekið upp járnkarl og sagst ætla að klára þetta bara og reynt að stinga hana með járnkarlinum. Hún hafi reynt að verjast með höndunum og hann ýtt henni. Hann hafi náð henni niður og sagst ætla að klára þetta og ýtt járnkarlinum að hálsi hennar. Hann hafi spurt hvort hún hafi ekki verið með C og hver hafi keypt nærfötin. Hún hafi reynt að ná andanum og náð að snúa sér á vinstri hliðina til þess, en hann bara hert meira og meira. Hún kvaðst ekki vita hvers vegna hann hafi hætt, því hún hafi verið hætt að sjá og geta andað. Hún hafi öskrað eins og hún hafi getað til að athuga hvort H eða C myndu heyra. H hafi svo komið í þann mund er hann hafi hætt eða þá að hann hafi hætt þegar hann hafi tekið eftir H. H hafi svo staðið yfir henni allan tímann sem ákærði hafi verið á staðnum og hann viðurkennt fyrir henni að hafa ætlað að drepa brotþola A. Þá hafi brotþoli sagst hafa hringt í mömmu sína, henni hafi fundist lögregla svo lengi og hún hafi óttast að hann réðist líka á H. H og ákærði hafi rætt saman og ákærði svo farið í burtu, en hafi þó í fyrstu ætlað að bíða á staðnum eftir að vera handtekinn. Brotþoli hafi sagst ekki hafa getað hreyft sig en samt talað við mömmu sína. H hafi svo verið með neyðarlínu í símanum, en brotþoli A hafi hringt í C og verið með hann í símanum þar til sjúkraflutningamenn og lögregla hafi komið.

Síðar um kvöldið hafi lögregla rætt við H. Hún hafi sagt C hafa hringt í sig og beðið hana að hafa auga með brotþola A þar sem hún hafi verið mjög reið. Hún hafi sagst hafa séð ákærða koma akandi frá [...] á mikilli ferð og að skemmumni. Hún hafi skellt á C og hringt á neyðarlínuna mjög óðamála. Hún hafi leitað að skóm og jakka til að koma sér út

úr húsi og fundist hún vera óþarflega lengi að því, stressið hafi verið það mikið. Þegar hún hafi komið út hafi hún mætt ákærða á bílnum á leiðinni í burtu. Í skemmum hafi allt verið mölbrotið, brotaþoli legið á gólfinu og hún strax sagt ákærða hafa reynt að drepa hana með því að kyrkja hana með járnkarlinum. Hún kvaðst hafa rætt við neyðarlínu á meðan á þessu gekk og strax séð að brotaþoli hafi verið með skurð í lófanum, marín á hálsinum og hnakkanum og „blóð og drasl“. Hún hafi stumrað yfir brotaþola og reynt að fá hana til að vera í samskiptum við neyðarlínu þar sem hún sjálf hafi alltaf verið að kíkja út til að athuga hvort ákærði kæmi til baka. Hann hafi síðan komið aftur og ætlað inn í skemmuna en hún meinað honum inngöngu. H hafi spurt hvað hann hafi verið að gera og hann sagst hafa ætlað að „kála“ brotaþola. Hún hafi ítrekað rekið hann burt, en hann þá hlegið og spurt hvort hann ætti að vera hræddur, sem hún hafi svarað játandi. Eftir rifrildi og ýtingar H og ákærða hafi hann sagt „ég ætlaði ekki að kála henni, ég elska hana“, en samt fyrst sagst hafa ætlað að kála henni. Hann hafi ætlað að bíða eftir lögreglunni við skemmuna, en hún sagt honum að það væri ekki í boði og hann farið burtu. Þá lýsti hún meðal annars fyrir lögreglu að hún hafi haft áhyggjur af brotaþola og drengjunum inni í íbúðarhúsinu, og greindi líka frá mönnum sem komið hafi að [...] að sækja [...], en þeir ekki verið á staðnum þegar árásin hafi átt sér stað.

Samkvæmt frumskýrslunni tók lögregla stroksýni af andliti, hálsi og höndum ákærða á níunda tímanum um kvöldið og einnig þvagsýni. Á tíunda tímanum hafi verið haft símasamband við annan þann einstakling sem talinn hafi verið að sækja [...]. Hann hafi greint frá því að hafa verið á ferðinni ásamt tengdaföður sínum og að þeir hafi ekki áttað sig á hvað hafi verið í gangi. Þeir hafi séð konu í skemmudyrnum en ekki veitt því athygli hvort hún væri að veifa til þeirra og fá að tala við þá. Síðan hafi þeir séð þegar lögreglu- og sjúkrabifreið kom á staðinn. Klukkan 21:34 hafi verið tekin ákvörðun um að brotaþoli yrði flutt landleiðina á [...] þar sem ekki hafi verið flugfært. Klukkan 21:44 hafi ákærða verið dregið blóð og klukkan 23:44 hafi hann verið leystur úr fangaklefa á [...] og fluttur á lögreglustöðina [...].

Samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu, dags. 23. október 2024, var framkvæmd leit með samþykki ákærða á heimili hans og í bifreið 17. sama mánaðar án þess að nokkuð fyndist sem þótti gefa tilefni til að haldleggja. Samkvæmt niðurstöðum annarrar skýrslu lögreglu, dags. 23. október 2024, um rannsókn á þeirri skemmu [...] sem sakargiftir þessa ákæruliðar taka til var rúllubaggateinn haldlagður á vettvangi og mun ekki hafa verið ágreiningur um að það hafi verið sá teinn sem hafi verið beitt gegn brotaþola í nefnt sinn.

Samkvæmt skýrslu lögreglu 21. október 2024 um teininn var hann 126 cm að lengd og vó 7,3 kg.

Þá eru á meðal rannsóknargagna tvær skýrslur, dags. 18. október 2024, vegna myndupptöku úr öryggismyndavél við heimili brotaþola að [...] 16. október 2024. Önnur skýrslan varðar tilurð upptökunnar en varðar hin skoðun hennar. Í hinni síðar tilgreindu er rakið það sem ber fyrir augu lögreglu á myndupptökunni og er upptakan sjálf einnig á meðal gagna málsins.

Á meðal málgagna eru einnig upptökur úr búkmyndavélum lögreglu við handtöku ákærða að [...] að kvöldi 16. október 2024 og sams konar upptaka af honum við komu á lögreglustöð á [...] og af honum í fangaklefa þar. Einnig liggja fyrir í málinu upptökur af símtali vitnisins H og brotaþola A við neyðarlínu/fjarskiptamiðstöð 16. október 2024. Sömuleiðis skýrsla lögreglu um það sem heyra má í þessu símtali brotaþola og H við neyðarlínu.

Meðal rannsóknargagna málsins eru einnig ýmis gögn er varða áverka brotaþola A í kjölfar atvika 16. október 2024. Þar á meðal er áverkavottorð, dags. 23. þess mánaðar, ritað af G lækni [...], vegna komu brotaþola þangað kvöldið 16. sama mánaðar. Einnig læknaþréf K, sérfræðings við [...], dags. 20. október 2024, vegna legu brotaþola þar dagana 17. til 20. þess mánaðar. Sömuleiðis upplýsingar úr sjúkraskrá brotaþola, dags. 17. október 2024, vegna komu brotaþola á bráðamóttöku sjúkrahússins, skráðar af L lækni. Jafnframt áverkavottorð M, sérfræðings í skurðlækningum, dags. 22. sama mánaðar. Enn fremur eru á meðal gagna málsins ljósmyndir af áverkum brotaþola sem teknar voru að kvöldi 16. október 2024 á [...].

Jafnframt vann O réttarlæknir réttarlæknisfræðilega matsgerð, dags. 4. desember 2024, en til grundvallar matsgerðinni lágu gögn frá lögreglu, þar á meðal ljósmyndir, og athugun á sjúkraskrá brotaþola. Í niðurstöðu matsgerðarinnar er greint frá eftirfarandi áverkum og ummerkjum: Húð- og mjúkvefjarblæðingu á hægri hluta háls og leðurhúðarblæðingu á hægri og vinstri hluta háls. Sári í hægri lófa og húðblæðingu á framhandlegg, hægri öxl, vinstri öxl, lærum og vinstri fótlegg. Skrámu á vinstra hné og vinstra læri. Litlu mari á brjósti, mjúkvefjarblæðingu framan háls hryggjarliða 2-4 og dílablæðingum í andliti.

Um tilurð áverkanna greinir frá því að útlit áverka á hálsi, eins og þeir birtist á innsendum myndum (þeim sé lýst í læknisskoðunum og á segulómrannsókn), bendi sterklega til þess að þeir hafi komið til fyrir sljóan virkan kraft og að brotaþola hafi verið

veittir þessir áverkar af öðrum manni. Útlit, útbreiðsla, eðli og staðsetning þeirra bendi til þess að krafturinn hafi komið beggja vegna á og þannig líklega haft klemmandi eðli. Útlit áverkanna að teknu tilliti til díflablæðinga í andlitinu bendi til þess að krafturinn hafi haft hindrandi áhrif á blóðflæði um æðar í hálsinum og að kraftinum hafi verið haldið drjúga stund. Útlit áverka á hægri hluta hálsins samræmist því að þeir hafi komið til ef teininum, sem sýndur sé á myndum lögreglu, hafi verið þrýst að hálsinum, eins og fram komi í frásögn brotþola.

Útlit sársins í hægri lófa bendi sterklega til þess að það hafi komi til fyrir sljóan kraft í formi steyps gegnt hörðum kanti. Útlit sársins samræmist því að það hafi komið til við steyt gegnt enda teinsins sem sýndur sé á innkomnum myndum lögreglu, líkt því sem brotþoli hafi sagt við lögreglu. Útlit húðblæðinga á hægri og vinstra læri og á vinstri aftanverðum fótlegg bendi sterklega til þess að þær hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi steyta eða þrýstings gegnt svæðunum. Staðsetning áverkanna geti bent til þess að kraftinum hafi verið beint gegnt svæðunum með virkum hætti, líkt því sem gildi við tök eða högg sem veitt eru af öðrum manni. Útlit húðblæðinga á hægri öxl og vinstri öxl bendi sterklega til þess að þær hafi komið til við sljóan kraft í formi steyta gegnt svæðunum. Útlit og staðsetning áverkanna geti skýrst jafnt af eigin falli eða hrasí á hart yfirborð, mögulega kant, sem höggi eða sparki veittu af öðrum manni. Útlit skráma á vinstra hné og vinstra læri bendi sterklega til þess að þær hafi komið til fyrir sljóan kraft í formi skröpunar gegnt hörðu og óreglulegu eða stömu yfirborði. Útlit skrámanna á vinstra hné samræmist best því sem þekkt sé við fall á undirlag eða þegar hafst sé við á hnjám á undirlaginu. Mari sé lýst á brjósti í sjúkraskrá, en engar nánari lýsingar séu gefnar á því sem torveldi frekari túlkun þess ummerkis.

Hvað aldur áverkanna varði séu þeir ferskir sem samræmist því að þeir hafi komið til síðdegis 16. október 2024, eins og ætlað sé í rannsókn lögreglu. Þá er vísað til meðhöndl- andi bæklunar-, tauga- eða endurhæfingarlækna vegna áframhaldandi meðferðarþarfar vegna mögulegs taugaskaða á hægri efri útlím. Þá er jafnframt greint frá því að hafi hálsinn verið beittur þrýstingi með blóðflæðihindrun sem leitt hafi til slævandi áhrifa á meðvitund megi segja að brotþoli hafi verið sett í lífshættulegt ástand. Að öðru leyti megi ætla að áverkarnir grói án varanlegra líkamlegra meina.

Enn fremur eru í málinu gögn er varða andlega heilsu ákærða. Þar af er læknisvottorð N geðlæknis, dags. 23. október 2024, [...]. Undir rannsókn málsins var framkvæmd geðrannsókn á ákærða vegna atvikanna 16. október 2024 af Ó geðlækni. Við meðferð

málsins fyrir dómi var sami geðlæknir dómkvaddur til að meta ákærða með tilliti til 15., 16., 62. og 63. gr. almennra hegningarlaga vegna annarra ákæruliða málsins, þ.e. 1. tl. I. kafla ákæru, sem og II. og III. kafla hennar. Þá voru geðlæknarnir P og Q dómkvödd til að vinna yfirmat á öllum fjórum ákæruliðum málsins. Gerð er grein fyrir matsgerðum Ó geðlæknis og yfirmatsgerð geðlæknanna P og Q í kafla II þessa dóms. Af skjallægum gögnum um andlega heilsu ákærða er einnig að geta vottorðs J geðlæknis [...], dags. 28. apríl 2025, en í því er fjallað um andlega heilsu ákærða, meðferð hans á gæsluvarðhaldstíma hans og mat læknisins á óminnisköstum sem ákærði hefur lýst fyrir lækninum.

Meðal málgagna er einnig atvikaskrá Barnaverndar [...], dags. 17. október 2024, vegna atvika 16. október 2024.

Hinn 17. október 2024 var ákærða gert að sæta brottvísun af heimili og nálgunarbanni gagnvart brotaþola A og ákvað hann að una þeirri ákvörðun. Með úrskurði héraðsdóms 19. sama mánaðar var hann svo úrskurður í gæsluvarðhald til 4. nóvember 2024. Sá úrskurður var kærður til Landsréttar og með úrskurði réttarins 24. október 2024 var ákærði úrskurðaður til vistunar á sjúkrahúsi allt til 29. sama mánaðar. Sú vistun var framlengd til 26. nóvember sama ár með úrskurði héraðsdóms 29. október 2024. Á hinn bóginn var ákærði með úrskurði héraðsdóms 13. nóvember á ný úrskurðaður í gæsluvarðhald, þá ekki lengur en til 11. desember 2024. Þann úrskurð staðfesti Landsréttur 18. nóvember 2025. Gæsluvarðhald ákærða hefur síðan þá verið framlengt í nokkur skipti, nú síðast með úrskurði 22. maí 2025 til 6. júní 2025.

Vegna rannsóknar á atvikum 16. október 2024 tók lögregla skýrslur af ákærða, brotaþola A, H og C.

Helstu málsatvik vegna sakargifta samkvæmt II. kafla ákæru:

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst að morgni 24. nóvember 2023 tilkynning til fjarskiptamiðstöðvar um slagsmál fyrir utan hús [...] milli ákærða og brotaþola B. Kom lögreglumaður skömmu síðar á vettvang. Þar var ákærði að ljúka við að setja hluti á kerru sem hann hafði tekið úr iðnaðarbili sem brotaþoli B átti, en brotaþolinn hafði yfirgefið vettvang. Ákærði fylgdi lögreglu á lögreglustöð og tjáði sig um málavexti eins og þeir horfðu við honum.

Þá greinir sömuleiðis frá því að lögregla hafi hitt brotaþola B á heimili hans þar sem hann hafi lýst atburðum eins og þeir hafi horft við honum. Áverkar hans hafi verið

myndaðir, hann hafi upplýst að hann vildi kæra og farið hafi verið með brotapolá B að iðnaðarbíli sem brotapolinn átti, svokölluðu „[...]“, þar sem vettvangur og skemmdir á húsnæðinu hafi verið myndaðar. Hann hafi greint frá því að ákærði hefði tekið ýmislegt sem brotapolinn hafi átt.

Þá hafi verið haft samband við vitnið S sem hefði komið á lögreglustöð og gefið skýrslu. Hann hafi meðal annars greint frá því að hafa verið heima hjá sér og heyrð einhver öskur og læti og farið og litið út. Lýsti hann atvikum eins og þau hafi horft við honum á nánar tilgreinda vegu og hann hafi sagt ákærða að klára bara að taka dótið sitt, loka og ganga frá.

Brotapoli B lést [...], en hann hafði þá 24. nóvember 2023 gefið skýrslu við rannsókn lögreglu. Í skýrslugjöfnum kvaðst hann þann dag hafa farið í verbúðina sína og séð ákærða á efri hæð hennar. Hann hafi ekki ætlað að hafa nein samskipti við hann. Húsið sé á tveimur hæðum og tveir inngangar. Þegar hann hafi komið að neðri hæðinni og ætlað þangað inn hafi verið augljóst að búíð hafði verið að mölva hurðina og brjótast inn þar sem hann hafi verið með verkstæði ásamt öðrum. Hann hafi ekki farið inn heldur keyrt upp fyrir húsið, farið út úr bílnum, gengið í áttina að inngangi efri hæðarinnar, í því mætt ákærða og eingöngu sagt við hann „var þetta ekki óþarfi?“ því hann hafi ekki munað til þess að ákærði ætti nokkuð á neðri hæðinni. Við það að sjá brotapolá hafi ákærði tapað áttum og strax hafið að lemja hann, fyrst með hnefum, síðan hafi hann gripið þungt plastkefli og „leikurinn“ borist úr dyragættinni og út á plan. Ákærði hafi ýmist barið brotapolá með plastkeflinu eða hnefum í búk og höfuð og brotapoli reynt að verja höfuðið með höndunum. Svo hafi ákærði verið kominn með járnprófil, ramma um einn metri á lengd sinnum 30–40 cm á breidd, og tekið til við að lemja brotapolá með rammanum. Ákærði hafi slegið brotapolá þó nokkrum sinnum niður. Annars vegar hafi hann legið á beislinu á kerru sem hafi verið aftan í bíl ákærða og þá hafi hann lamið hann í síðuna með þessu járn. Brotapoli hafi reynt að standa upp og þá hafi ákærði slegið hann aftur niður og þá hafi hann hangið eins og drusla á bílpallinum hjá honum. Hann hafi haldið áfram að berja hann með þessu járnstykki. Brotapoli hafi bara haldið um höfuðið og ætlað að forða sér og þá hafi ákærði slegið hann aftur niður og hann legið hálfvankaður á bílplaninu haldandi um höfuðið. Þá hafi ákærði tekið til við að sparka í brotapolá. Hann hafi ekki verið í mjúkum skóm og sparkað í líkama hans og líka í höfuð hans. Við það hafi neðri gómur brotnað og vör sprungið, en hann hafi verið með falskar tennur. Brotapoli kvaðst hafa verið verulega óttasleginn. Hann hafi reynt að standa upp aftur en

ákærði hafi óðara hjólað aftur í hann. Hann hafi ætlað að reyna að forða sér en aldrei náð því þar sem ákærði hafi þá hjólað aftur í hann og hann dottið aftur á bílpallinn hjá honum.

Þá greindi brotþoli B meðal annars frá því að ákærði hafi hent frá sér járnstykkinu og gripið borvél, byrjað að berja hann með henni og stungið henni í hann eins og hann ætlaði að bora og haldið áfram að lemja hann í höfuð og bók. Hann hafi fallið við aftur en komist á fætur en þá hafi ákærði hætt. Brotþoli hafi komist í bílinn sinn og getað bakkað í burtu. Í því hafi félagi hans komið og orðið vitni að þessu og þá hafi brotþoli hugsað að það hafi jafnvel orðið sér til lífs. Það hafi eitthvað rofað til því þegar hann hafi komið, eða á einhverju augnabliki, hafi ákærði virst átta sig á því að einhver væri að koma og hætt. Brotþoli hafi forðað sér í bílinn, farið beint heim og hringt á lögreglu.

Brotþoli B kvaðst aðspurður aldrei hafa svarað atlögu ákærða eða veitt honum högg, heldur haldið allan tímann um höfuð sitt. Ákærði hafi alltaf náð að „kjamma“ hann. Hann kvaðst vera helaumur og gómurinn hafi brotnað. Hann trúi því að aðkoma S hafi bara hreinlega orðið honum til lífs því ákærði hafi verið gjörsamlega sturlaður. Allan tímann hafi hann orgað á sig, hótað sér og sagt hvað hann væri mikill aumingi, að hann hefði stolið af sér og allt þar fram eftir götunum. Ákærði hafi verið rekinn úr nánar tilgreindri vinnu sumarið 2021 og borið sig aumlega. Þá hafi brotþoli gengist við að hleypa honum inn í þetta rými og ákærði hafi unnið fyrir brotþola í nánar tilgreindum verkum.

Brotþoli B greindi frá því að áverkar í andlit hans væru eftir hnefahögg eða tá. Þá hafi ákærði líka sparkað í höfuð hans er hann hafi legið og hann væri með áverka á bók, hálsi og öxlum. Þegar hann hafi reynt að rísa upp hafi hann jafnharðan verið sleginn aftur niður. Verið hafi líkt og ákærði væri í einhverju andlegu ástandi, í einhverjum trans, en þannig hafi brotþoli aldrei séð ákærða áður. Hann hafi farið upp til að tala við hann og það ekki hvarflað að honum að ákærði myndi trompast.

Þá greindi brotþoli B sömuleiðis nánar frá aðdraganda þessara atvika og almennt frá samskiptum sínum við ákærða. Sömuleiðis því að ákærði hefði haft lykllaðgengi að efri hæð hússins og átt þar muni, en einnig einhverja á neðri hæðinni þar sem hann hafi ekki lengur haft aðgengi. Þá vildi hann koma því á ný á framfæri að hann hafi hreinlega óttast um líf sitt á meðan á „þessum atgangi stóð“ og rakti nánar hvernig hann hefði læst húsi sínu, forðast ákærða eftir þetta og að hann óttaðist ákærða enn.

Meðal rannsóknargagna eru áverkavottorð, dags. 9. janúar 2024, ritað af læknum T, og skýrsla lögreglu um myndir af áverkum brotþola sem borist hafi frá [...]. Í læknisvottorðinu kemur fram að læknirinn hafi ekki hitt eða rætt við brotþola og að það

sé unnið upp úr sjúkragögnum innan [...]. Í vottorðinu er því meðal annars lýst að brotaþoli hafi hinn 24. nóvember 2023 hitt G lækni og greint honum frá innbroti í húsnæði sitt, „[...]“, og hitt ákærða á vettvangi. Eftir að brotaþoli hafi spurt ákærða hvort það hafi verið ástæða til að fara svona að hafi hinn umsvifalaust ráðist á sig með höggum, fyrst með plastkefli og hnefum og síðan með jánramma sem hann hafi tekið og lamið í búkinn með. Þá segir meðal annars að brotaþoli hafi lýst því að barsmíðin hafi staðið í einhverjar mínútur og að hann hafi ekki tekið á móti. Hann hafi fengið högg á höfuð og bók og einnig spörk þegar hann var lagstur. Hann hafi einnig lýst höggum í háls. Neðri gómur í munnnum hafi brotnað eftir högg á hægri vanga og að beitt hafi verið rafmagnsborvél. Aðili í nálægu húsi hafi séð að eitthvað var um að vera og mætt á staðinn og þá hættu barsmíðarnar og brotaþoli hafi komist undan.

Við skoðun hafi sést mar á andliti, framanvert við hægra eyra og mar á efri vör hægra megin. Innan á vörinni sjáist sár. Það sé mar á enni vinstra megin, skrámur á vinstri vanga. Brotnar gervitennur í neðri gómi. Brotaþoli hafi sýnt læknum hvar þær eru límdar saman. Það sjást áverkamerki á hálsi eða á öxlum næst hálsinum beggja vegna. Einnig mar framanvert á brjóstakassa vinstra megin og á báðum síðum sjást alllangar rispur sem örlítið hefur vætlað úr, sérstaklega vinstra megin. Mar og svolítið skrapsár á hægri rasskinn. Ekki sjást áverkamerki á höndum. Á vinstra hné framanverðu sé sár sem brotaþoli segi að hafi komið þegar hann hafi hrasað. Læknirinn hafi tekið myndir af öllum þessum áverkum sem fylgi áverkavottorðinu. Þá er meðal annars rakin lyfjagjöf til brotaþola vegna verkja.

Helstu málsatvik vegna sakargifta samkvæmt III. kafla ákæru:

Samkvæmt framskýrslu málsins má rekja sakargiftir samkvæmt þessum ákærulið til þess að B hafi talið ákærða [...] 20. nóvember 2023 og því gert lögreglu viðvart. Þá hafi einnig legið fyrir upplýsingar um að ákærði hafi haft í hótunum við annan einstakling í samtali við lögreglumann. Ráðið verður að allnokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar af þeim sökum og höfðu komið fram upplýsingar um að byssur væru á heimili ákærða. Laust fyrir miðnætti þetta kvöld var ákærði handtekinn og færður á lögreglustöð. Eftir að samþykki fékkst frá ákærða hafi lögregla farið að heimili hans og fjarlægð þaðan skotvopn sem hafi verið skráð af sérsveit sem hafi meðal annarra verið mætt á vettvang af framangreindum ástæðum. Alls hafi fundist 14 skotvopn í húsinu og hafi þau verið fjarlægð ásamt skotfærum sem hafi fundist og farið með þau á lögreglustöðina [...]. Öll

vopnin hafi verið trygg og vel frágengin utan þess að þau hafi ekki verið geymd í löglegum byssuskáp.

Ákærði hafi [...]. Eftir skýrslugjöf hjá lögreglu, þar sem tekin hafi verið af honum skýrsla sem sakborningi, hafi ákærði farið til síns heima.

Á meðal gagna málsins eru upplýsingaskýrsla lögreglu, dags. 3. desember 2023, um haldlagningu skotvopna og skotfæra á vettvangi, og munaskýrsla, dags. 19. sama mánaðar, vegna þeirra muna, auk annarra rannsóknargagna vegna þessa ákæruliðar.

II

Matsgerðir Ó geðlæknis og yfirmatsgerð geðlæknanna P og Q.

Hinn 29. október 2024 var Ó geðlæknir dómkvaddur til að vinna geðrannsókn á ákærða vegna atvika samkvæmt 2. tl. I. kafla ákæru og skilaði hann af sér matsgerð af því tilefni 15. nóvember 2024. Eftir málshöfðun var hann svo einnig dómkvaddur að beiðni verjanda til að vinna viðbót við þá geðrannsókn vegna annarra ákæruliða og skilaði hann af sér matsgerð vegna þess 3. febrúar síðastliðinn.

Í samantekt matsgerðarinnar frá 15. nóvember 2024 er meðal annars rakið frá því að ákærða hafi verið gefin að sök alvarleg líkamsárás 16. október sama ár þar sem hann hafi ráðist á sambyliskonu sína til níu eða tíu ára með skelfilegum afleiðingum. Saga hans sé erfið [...].

[...]. Þessir hlutir hafi lifnað við þegar [...]. Hann hafi farið að fá endurtekin reiðiköst og erfiðleikar hafi farið vaxandi í sambandi hans og brotþola A. Miklir og vaxandi samskiptaörðugleikar hafi verið þeirra á milli með stuttum hléum. Hann hafi leitað sér áfallameðferðar fyrir rúmu ári og farið í ein 20 viðtöl, en meðferðin verið of dýr þannig að hann hafi ekki ráðið við hana fjárhagslega. Hann telji að hún hafi gert eitthvert gagn, að minnsta kosti í stuttan tíma. Samband hans og brotþola A hafi farið mjög versnandi undanfarin tvö ár, sérlega undanfarið ár, ekki síst síðustu mánuði.

Ákærða hafi verið gert að sæta gæsluvarðhaldi, en verið fluttur [...]. Hann hafi síðan verið fluttur aftur á Hólmsheiði en sé ósáttur við flutninginn og kveðst þurfa mikla aðstoð við að vinna úr sínum málum.

Að mati matsmannsins bendi ekkert til þess að ákærði hafi verið í geðrofi þegar hann hafi ráðist að brotþola A 16. október síðastliðinn. Samband þeirra hafi verið orðið mjög slæmt og verið það um nokkurt skeið. Hann hafi verið ósáttur við að þau hafi farið í sundur og verið í ójafnvægi um nokkurn tíma. Undirliggjandi hafi verið reiði hans og

mikil tortryggni í garð brotaþola A. Á sama tíma hafi ákærði verið að eiga við skelfilega reynslu vegna [...]. Leiða má að því rök að hömlur hans almennt hafi verið minnkaðar.

Niðurstaða matsmannsins samkvæmt matsgerðinni 15. nóvember 2024 er sú að ákærði hafi haft engin þau einkenni sem talin séu upp í 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á verknaðarstundu 16. október 2024. Að mati matsmannsins hafi hann orðið skyndilega frávita af reiði og misst algjörlega stjórn á sér. Ástandið hafi verið skammvinnt og muni ákærði ekki hvað hafi gerst í reiðikastinu. Ekkert bendi til þess að hann hafi verið í geðrofsástandi á þeim tíma.

Þá eigi þau atriði sem upp séu talin í 16. gr. sömu laga að mati matsmannsins ekki við í þessu tilvikum. Að hans mati komi ekkert í veg fyrir að refsing kunni að geta borið árangur. Rétt sé að vekja athygli á því að ákærði sé [...]. Hann þurfi nauðsynlega á langvarandi aðstoð [...] að halda. Matsmaðurinn hafi haft samband við [...] þannig að ákærði fái nauðsynlega aðstoð meðan hann dvelji í fangelsinu. Þá hafi ekkert gerst eftir 16. október síðastliðinn sem breyti álitum á geðrænu heilbrigði ákærða eftir það tímamark. Loks telur matsmaðurinn ekki ástæðu til að gera ráðstafanir til þess að varna því að háski stafi af ákærða, sbr. 62. og 63. gr. almennra hegningarlaga.

Í matsgerð sama geðlæknis 3. febrúar 2025 er vísað er til fyrrgreindrar samantektar í geðrannsókninni 15. nóvember 2024. Vegna þeirra þriggja tilvika sem til umfjöllunar eru í þessari síðari matsgerð matsmannsins segir í samantekt að ekki sé að finna nein merki um geðrofseinkenni á einn eða neinn hátt og engin einkenni um gleymskuköst. Þetta séu kölluð hugrofseinkenni, en engin slík hafi fundist tengd þeim málum sem hér séu til umfjöllunar. Í því tilvikum sem varðar 1. tl. I. kafla ákæru rekur matsmaðurinn að það sé mjög líklegt að ákærði hafi sýnt af sér hugrofseinkenni. [...]. Hugrof sé ekki auðveldlega skilgreint, en sé líklega sálfræðilegur varnarháttur, sem verði til þess að viðkomandi missir minnið í stuttan tíma og þá undir miklu álagi. Eins og fram komi í viðtölum sé ákærði mjög ósáttur við fyrrum sambyliskonu sína, reiður og afbrýðisamur. Hann sé með fyrri sögu um [...]. Allt þetta auki mjög líkurnar á hugrofi. Að mati matsmannsins falli hugrofseinkenni ekki undir skilgreiningu 15. gr. almennra hegningarlaga.

Það sé niðurstaða matsmannsins að ekki sé hægt að sýna fram á að ákærði hafi í þeim þremur tilvikum sem til umfjöllunar séu í matsgerðinni haft nein þau einkenni sem talin eru upp í 15. gr. almennra hegningarlaga á verknaðarstundum 13. október 2024 eða 20. og 24. nóvember 2023. Að mati matsmannsins eigi þau atriði sem talin séu upp í 16. gr. almennra hegningarlaga ekki við í þessum tilvikum. Ekkert komi í veg fyrir að refsing

kunni að geti borið árangur verði hann dæmdur sekur og hafi geðrænt heilbrigði hans verið heldur betra á síðustu vikum, samkvæmt því sem greinir í matsgerðinni. Ljóst sé að ákærði geti tileinkað sér þau meðferðarúræði sem fangelsið hafi upp á að bjóða og líði að eigin sögn almennt betur en áður. Loks telur matsmaðurinn ekki ástæðu til að gera ráðstafanir til þess að varna því að háski stafi af ákærða, sbr. 62. og 63. gr. laganna.

Af hálfu ákærða var óskað eftir yfirmati á mötum Ó geðlæknis og voru geðlæknarnir P og Q dómkvödd til starfans 6. febrúar 2025 og skiluðu þau af sér yfirmatsgerð 8. apríl síðastliðinn.

Í samantekt yfirmatsgerðarinnar er rakið að ákærði hafi verið metinn í sjö viðtölum af yfirmatsmönnum á tímabilinu 20. febrúar til 4. apríl 2025. Hann hafi sýnt þokkalega samvinnu en geðhagur hafi sveiflast mikið eftir umræðuefni. Hann eigi ekki fyrri sögu um alvarlegan geðsjúkdóm á borð við geðrof, ekkert í gögnum eða viðtölum bendi til þess. Ekkert bendi til geðhvarfa. Bakgrunnur hans sé [...].

Hann sé að mati yfirmatsmanna með eðlilega greind. Honum hafi gengið verr með reglulega vinnu og verið [...] síðastliðin tvö til þrjú ár. Þó lýsir hann versnandi ástandi alveg sex ár aftur í tímann. Hann hafi [...] og aðskilnaður verið í uppsiglingu í sambandi hans við brotaþola er atburðir hafi orðið. Bjargráð hans virðist að mörgu leyti takmörkuð sem skýrst gæti af samblandi af [...].

Fram komi vísbendingar um [...]. Hann sé mjög ósáttur og reiður yfir hlutskipti sínu. Vísbendingar séu um ákveðið markaleysi í hegðun og tilhneigingu til að afneita gjörðum sínum og ásaka aðra [...]. Hann ítreki í viðtölum heiðarleika sinn og að hann sé ekki ofbeldismaður. Engar vísbendingar séu um að hann hafi verið undir áhrifum vímugjafa á verknaðarstundu. Hann hafi almennt verið heilsuhraustur um ævina en glímt við alvarlegan háþrýsting og hjartabilunareinkenni í kringum atburði. Fyrir atburð hafi hann verið undir mjög miklu álagi. Samband hans við brotaþola A hafi verið flókið. Hann hafi grunað hana um framhjáald en samt viljað láta reyna áfram á sambandið.

Í fyrstu viðtölum eftir atburð séu engin merki geðrofs (við handtöku og í fangaklefa [...], einnig mat [...])læknis). Engin skýr merki hafi sést um geðrof eða geðrofssjúkdóm í viðtölum yfirmatsmanna við ákærða. Engin merki séu um heilasjúkdóm og ekkert sem styðji óminniseinkenni. Þörf sé á viðeigandi stuðningi og meðferð í framtíðinni sem geti verið veittur í fangelsi. Hann skilji reglur og lög samfélagsins og viti muninn á réttum og röngum athöfnum. Hann sé fullur eftirsjár og vildi óska þess að atburðurinn hefði aldrei átt sér stað. Hann taki ábyrgð á því sem gerðist en kenni samt barnsmóður sinni um

hvernig hafi farið og sé upptekinn af því að hún hafi verið óheiðarleg í þeirra sambandi. Hann beri við köstum með geðrofi sem hann jafni við „blackout“ (óminni) en hvergi komi fram hefðbundin einkenni geðrofs (ranghugmyndir, ofskynjanir og hugsanatrufun). Hann tengi köstin við [...].

Í niðurstöðum yfirmatsgerðarinnar segir að það sé niðurstaða matsmanna að ákærði hafi verið sakhæfur samkvæmt 15. gr. almennra hegningarlaga verði hann sekur fundinn fyrir gjörðir þær sem hann sé nú ákærður fyrir. Ástand hans á verknaðarstundu, sérstaklega 16. október 2024, virðist hafa einkennst af gríðarlegri reiði og hræðslu. Hann hafi misst sig þá. Hegðun hans bendi þó til þess að hann hafi ekki algjörlega stjórnast af ástandi sínu og hafi haft eitthvert innsæi í gjörðir sínar. Útilokað sé að hann hafi verið í geðrofi eða haft algjört óminni.

Fyrir atburðina og á þeim tíma sem atburðirnir sem yfirmatsgerðin varðar hafi átt sér stað hafi ákærði verið undir miklu álagi. Síðar hafi orðið ljóst að hann hafi verið [...] og sé enn. [...] árið 2021. Einkennin hafi aukist við deilur hans og brotaþola A. Ákærði sé sakhæfur samkvæmt 16. gr. og refsing geti borið árangur. Ákærði sé í dag ekki metinn hættulegur öðrum en sjálfum sér. Hann muni þurfa stuðning og handleiðslu. [...].

III

Meginatriði skýrslugjafa fyrir dómi.

1. tl. I. kafla ákæru, atvik 13. október 2024.

Ákærði greindi frá því við aðalmeðferð málsins að hafa verið að [...] með drengjunum helgina fyrir atburði 13. október 2024 í fjarveru brotaþola A. Einnig að hafa komið á hverjum einasta morgni eftir að hann hafi flutt út af heimilinu til að aðstoða [...]. Einn morguninn hafi hún beðið hann um að koma ekki og hafi hann virt það. Þegar brotaþoli hafi komið heim eftir fjarveru sína hafi hún verið mjög flóttaleg. Þau hafi spjallað saman inni í svefnherbergi þegar hún hafi verið að taka upp úr töskum og hann rekið augun í þvagprufu hjá henni, hún hafi verið í pakka í tösku hjá henni, en hann ákveðið að minnast ekkert á hana eða segja neitt.

Þegar hann hafi komið á heimilið 13. október 2024 hafi hann bankað á þvottahúshurðina en ekki verið svarað. Hann hafi ekki talið neitt því til fyrirstöðu að hann gengi inn þar sem hann hafi verið búinn að vera þar alla helgina, gista í húsinu og ganga þar inn og út og því talið sig hafa haft heimild til að fara inn á heimilið. Inni hafi hann heilsað syni sínum sem hefi verið í spjaldtölvu og eldri drengurinn, sonur brotaþola A, hafi verið

í Playstation-tölvu og með heyrnartól á höfðinu. Hann kvaðst aðspurður handviss um að hafa heilsað syni sínum, en sonur hann sé þannig gerður að hann eigi það til að festast í spjaldtölvunni. Hann hafi þrívægis gengið framhjá syni sínum inni í húsinu þennan dag. Svefnherbergisdýr brotaþola hafi verið hálfopnar, hann hafi bankað á hurðina og spurt hana hvort hann mætti spjalla við hana, sem hún hefði svarað játandi og hann því farið inn í herbergið. Hún hafi setið uppi í rúmi. Í kjölfarið hafi hann farið út í bílinn sinn og sótt óléttuprufu og kvittanir fyrir undirfötum sem hann hafi séð í ruslinu hjá brotaþola A þegar hann hafi hent tóbaksdós í ruslið þennan sama dag eða degi fyrr. Hann hafi farið með prufuna og kvittanirnar inn til hennar og rætt við hana um heiðarleika þeirra í milli þar sem þau hafi gert samkomulag um að ætla ekki að vera með öðrum einstaklingum. Við það hafi hún reiðst, sparkað ákærða fram úr rúminu, öskrað á hann og kallað hann öllum illum nöfnum. Þetta rifrildi hafi borist fram á gang og þaðan inn í þvottahús. Hann hafi bara hrökklast út. Hann kvaðst hafa farið í nærfataskúffu brotaþolans og tekið þar upp þau nærföt sem kvittunin hafi verið fyrir. Aðspurður um hvernig brotaþoli hafi verið klædd kvaðst hann minna að hún hefði verið í bol og nærbuxum. Þá kvaðst hann „staðfastur á því“ að hún hefði verið í náttbuxum, sem hann kvaðst minna að væru hvítar og ljósbrúnar.

Ákærði kvað það fáránlegt að halda því fram að hann hafi ætlað að nauðga brotaþola líkt og heyra megi að hún spyrji hann að í símtali við neyðarlínu. Þau hafi stundað yndislegt kynlíf þremur dögum áður. Hann hafi talið upplifun brotaþola A hafa verið hina sömu, en greinilegt sé að hún hafi ekki viljað viðurkenna að svo hafi verið. Hann kvaðst hafa ætlað að kyssa hana á ennið með því að beygja sig yfir hana þegar hún hafi sparkað honum fram úr rúminu. Hann hafi verið búinn að tjá henni að hann væri búinn að taka ákvörðun um að flytja og hafi ætlað að þakka henni fyrir. Þegar hann hafi teygst sig fram hafi hún sparkað honum fram úr, öskrað á hann og gólað og gargað. Hún hafi orðið reið þar sem hann hafi lagt fram þvagprufuna og hann sagt hana segja ósatt. Þau hafi ekki verið búnin að ganga frá sínum slitum. Hann hafi flutt út frá henni hálfum mánuði áður [...]. Hann kvað það ekki rétt að þau hefðu slitið samvistum í marsmánuði 2024.

Hann kvaðst aðspurður ekki kannast við að hafa káfað á brotaþola eða rifið hana úr buxum og nærbuxum og sagði hana hafa verið í náttbuxum þegar þau hafi rifist á ganginum. Hún hafi öskrað á hann að hann ætti að fara út og hann hafi lagt af stað út.

Aðspurður um hvers vegna hún bæri þessar sakir á hann kvað ákærði hana hafa leikið tveimur skjöldum í nokkurn tíma og rakti nánar í hverju það hefði falist. Þá rakti hann

sömuleiðis hvernig þau hefðu kynnst og hvernig samband þeirra hefði þróast. Sambandið hefði oft á tíðum verið mjög gott, en stundum stormasamt. Þau hafi rifist. Haustið 2023 og fram í október 2024 hafi hann sjálfur verið í annarlegu ástandi vegna minninga sem opnast hefðu hjá honum um [...], sem hann greindi frá á nánari vegu. Þetta hafi komið niður á sambandi hans og brotaþola og kannaðist ákærði aðspurður við að hafa fengið skapofsaköst á tveggja mánaða fresti sem hafi „í orðum“ bitnað á brotaþola. Greindi hann frá því að þau hafi verið búin að vera í erfiðleikum í nokkur ár, en í alvarlegum erfiðleikum í um tvö ár. Þau hafi verið búin að fara til hjónabandsráðgjafa sem hafi aðstoðað þau og gefið þeim góð ráð, meðal annars þar sem brotaþoli hafi kvartað mikið undan því að ákærði tjáði sig lítið tilfinningalega. Síðar hafi brotaþoli viljað að þau ræddu við annan ráðgjafa í gegnum Skype þar sem ráðgjafinn hafi verið staðsettur erlendis. Eftir tvö til þrjú skipti hafi brotaþoli eftir síðasta skiptið orðið brjáluð og sagt að ráðgjafinn stæði með ákærða og að hún liði ekki svona framkomu. Þegar ákærði hafi komið heim frá Þýskalandi, þ.e. í mars eða apríl, eða fljótlega eftir þann tíma hafi C verið mikið á heimilinu og aðstoðað brotaþola og ákærði farið að finna fyrir ýmsu sem honum hafi ekki fundist í lagi. Hann hafi aldrei fengið heiðarleg svör og hlutirnir hægt og bítandi fjarað út. Hann hafi svo flutt út af heimilinu tveimur til þrem vikum áður en þessir atburðir hafi komið upp. Hann hafi þó ekki flutt strax upp eftir, því hann hafi ekki verið kominn með dótið sitt og rúmið þangað og því sofið heima hjá brotaþola lengur en það, þar á meðal dagana fyrir 13. október þegar hún hafi verið fjarverandi. Hann hafi sofið í rúminu hennar. Hann kvaðst aldrei hafa lagt hendur á hana en gat um eitt tilvik þar sem hún hefði lagt hendur á hann. Hann kvaðst hafa orðið afbrýðisamur þegar C hefði komið til sögunnar og greindi í því samhengi frá ýmsu sem hann hefði gert fyrir brotaþola A. Hann hafi ætlað að gefa eftir allt nema son sinn þegar þau hafi skilið að skiptum, hann hafi lagt helling á sig í sambandinu.

Hann kvaðst ekki hafa vitað af öryggismyndavélakerfi sem sett hefði verið upp á [...] eða um ástæður þess og ekki heldur að C eða H hefðu þurft að passa brotaþola A gagnvart honum. Þá taldi hann það ekki geta verið rétt að brotaþoli hefði verið að hlífa drengjunum á heimilinu með því að ákærði fengi að stunda með henni kynlíf þegar hann „nuðaði“ um það, er hann var spurður um frásögn hennar þar um við skýrslugjöf hjá lögreglu 13. október 2024. Það hafi aldrei verið hans upplifun. Þau hafi bæði viljað slíta sambandinu og hún hafi verið í uppnámi 13. október 2024 yfir því að hann hafi verið búinn að komast

að því að hún færi annað og svæfi hjá öðrum manni. Hann hafi í þetta skipti verið að tjá henni að hann ætlaði að flytja suður.

Aðspurður um atvik í kjölfar þess að hann hafi gefið skýrslu á lögreglustöð vegna atvika 13. október 2024 greindi ákærði frá því að hafa verið mjög rólegur þar til fulltrúi barnaverndar hefði tilkynnt honum á lögreglustöðinni að hún og brotaþoli A hefðu tekið þá sameiginlegu ákvörðun að fara fram á það að hann ætti ekki nein samskipti við son sinn nema í gegnum sýslumann. Það hafi komið honum í mikið uppnám. Fulltrúi barnaverndar hafi einnig viljað mæla með því að sett yrði nálgunarbann á hann og að hann fengi ekki að sjá son sinn nema í gegnum sýslumann, en hún ekki hlustað á hans hlið málsins. Í kjölfarið hafi hann haldið sig frá heimili brotaþola og drengjanna.

Brotþoli A bar svo um atvik að kvöldi 13. október 2024 að hafa verið stödd í svefnherbergi sínu að [...] þegar ákærði hafi komið að húsinu á bílnum sínum og gengið inn í húsið án þess að banka. Hann hafi svo komið inn í herbergi til hennar með poka í hendinni, þar sem hún hafi setið á rúminu, og farið að útskýra fyrir henni að hann vildi gera upp þeirra samband og ljúka því. Hún hefði svarað því játandi þegar hann hefði spurt hvort hann mætti eiga við hana samtal er hann hefði komið inn. Hann hafi á hinn bóginn ekki farið út úr húsinu aftur eftir að hafa verið kominn inn eftir að sækja eitthvað og hafi kvittanir fyrir nærfötum sem þau hafi rætt verið inni í svefnherberginu. Í samtali þeirra hafi hann sagt henni að hann væri búinn að fá herbergi hjá vinkonu sinni og vinnu fyrir sunnan. Við þá frásögn hafi hún farið að hlæja og hann orðið ósáttur við hana. Svo hafi þau rætt þann óheiðarleika sem hann nefni og hann nefnt þvagprufuna sem verið hafi í þeim poka sem hann hafi haft meðferðis. Þá hefðu orðið orðastimpingar því hún hefði áttað sig á því að hann hefði verið að róta í ruslinu fyrir utan heimili hennar. Hún hafi verið búin að henda þessari þvagprufu í ruslið og hún verið í ruslapoka sem bundið hafi verið fyrir í ruslinu fyrir utan húsið. Á svipuðum tíma hafi hann opnað nærfataskúffuna hennar, hent í hana nærfötum sem hún hafði keypt sér og spurt spurninga um hvernig hún hafi getað keypt þau og hvernig hafi verið borgað fyrir. Þegar þessar orðastimpingar hafi verið í gangi hafi hann gripið í annan fót hennar og rifið hana úr að neðan. Svo hafi hann „komið yfir“ hana, sleikt hana vinstra megin á hálsinum, haldið henni og sagt henni hversu „ógeðsleg hóra“ hún væri. Hann hafi einnig þuklað hana að ofan og reynt að kyssa á munninn. Þetta hafi bara gerst allt í einu. Hann hafi ekki reynt að kyssa hana á ennið. Hún hafi náð að grípa í hárið á honum, koma undir sig öðrum

fætinum og náð að spyrna honum frá sér, fram á gang. Hún hafi náð að hringja í 112, hún hafi verið með „krækju á símanum sínum“ og haldið áfram að biðja ákærða að fara út úr húsinu, sem hún hafi ítrekað gert. Það heyrir allt á upptöku af símtalinu. Litli strákurinn þeirra hafi komið þarna að þegar þau hafi verið á ganginum og sagt við pabba sinn að hann hafi ekki vitað að hann væri þarna. Drengurinn hafi beðið þau um að hætta þessu. Á meðan á þessu hafi staðið hafi hún ýtt í ákærða og reynt að koma honum út úr húsinu því hann hafi ekki verið að fara neitt. Hún hafi viljað strax í upphafi að hann færi. Á sama tíma hafi ákærði talað um hversu mikið leikrit, lygar og annað hún væri með. Hún hafi náð honum út úr herberginu, út á gang, niður í þvottahús og hann farið á endanum. Hún kvað það ekki hafa verið eðlilegt ástand að ákærði kæmi á heimilið og sinnti drengjunum, en hann hefði spurt hvort hann mætti koma á morgnana og aðstoða á heimilinu. Hún hafi sagt að það væri í lagi, það hafi verið í fimm til tíu skipti, en ekki verið í aðdraganda þessa atviks. Mögulega hafi hann komið mánudag til miðvikudags áður en brotþoli hafi farið suður á ráðstefnu frá miðvikudegi til föstudags.

Hún greindi frá því að þegar ákærði hefði komið inn í herbergið hefði hún verið klædd í nærbuxur, náttbuxur og bol, en verið gæti að hún hefði líka verið í toppi. Hann hafi klætt hana úr nær- og náttbuxunum og hún ýtt honum út úr húsinu nakin að neðan fyrir framan strákana. Hún kvaðst ekki hafa gefið brotþola undir fótinn með kynlíf, en hann hafi lengi verið búinn að reyna að viðhalda kynferðislegu sambandi þeirra, og hafi meðal annars verið búinn að óska eftir samningi um kynlíf á meðan hann væri enn á staðnum. Ekkert vit hafi verið í því og ekkert heilbriggt við það. Þau hafi slitið sambúð sinni í mars 2024, en hún hafi byrjað í júlí 2014. Ákærði hafi flutt út um sumarið 2024, en hún hafi verið búin að falast eftir því að það gerðist fyrr. Það hafi skipt hana gríðarlega miklu máli eftir sambúðarslitin að samskipti þeirra yrðu „nokkurn veginn“ góð samskipti tveggja einstaklinga sem ættu saman barn.

Þá greindi hún meðal annars nánar aðspurð frá því að eftir sambands slit þeirra hafi áfram verið kynferðislegt samband þeirra á milli, „en samt ekki á heilbrigðum nótum“, og rakti tilvik þar sem sú aðstaða hefði verið fyrir hendi. Þar á meðal var þegar hún hefði verið með drengina í sumarbústað í Borgarfirði og ákærði verið að koma úr meðferð af Vogu. Hún hefði sofið við hlið sonar þeirra en ákærði sofið annars staðar í bústaðnum. Þá hefði hún vaknað við það um nóttina að ákærði hefði verið búinn að skríða á dýnuna hjá þeim, en hún og sonur þeirra hefðu gist á svefnlofti, og ákærði farið að ríða henni. Hún hefði frosið þar sem hún hefði verið með sofandi barn við hliðina á sér. Þá greindi

hún einnig frá því að í öðrum tilvikum hefði verið betra „að leyfa“ til að hafa hann góðan, og greindi nánar aðspurð frá því að með „að leyfa“ ætti hún við að stunda samfarir með honum. Ef hún hefði sagt nei hefði hún óttast að hann myndi ekki hætta. Hann hafi orðið að fá sitt þegar hann væri graður. Hún hafi verið logandi hrædd við hann á þessu tímabili en reynt að sýna það ekki. Hún hafi verið lengi búin að vera í „varnarsóni“, vaknandi við minnstu hljóð og fylgjast með öllu. Hún nefndi í því samhengi aftur tilvikið í bústaðnum, að hún hefði ákveðið að sofa við hliðina á syni þeirra þar sem hún hefði talið að það myndi kannski stoppa hann frá því að koma upp í. En það hafi ekki skipt hann máli.

Hvað varðaði sambúðartímann greindi hún á nánar tilgreinda vegu frá því að sambúðin hefði gengið vel í fyrstu og rakti hvernig farið hefði að halla undan fæti og nefndi dæmi þar um. Greindi hún frá áfalli sínu vegna samskipta ákærða af kynferðislegum toga við aðra konu, þegar hún sjálf hefði verið ólétt að syni þeirra árið 2017, sem þau tvö hafi ákveðið að vinna saman úr. Hún hafi [...] og reynt að vinna í sínum hluta að hans beiðni. Í maí 2022 hafi byrjað „þessi rússíbani“ sem hafi svo ágerst, birst í skapofsaköstum, ásökunum um að hún væri ekki að sinna ákærða, væri ekki til staðar eða að hún gerði ekki nóg. Þetta hafi ekki verið eðlilegt ástand. Einnig í kynferðislegri brenglun og afbrýðisemi yfir öllu og engu að því er henni hafi fundist. Hún hafi alltaf vonast til þess að hann gæti orðið betri og fengið aðstoð. Eftir október þetta ár hafi hún alltaf farið að sjá betur og betur að þetta væri ekki í lagi og nefndi dæmi þar um. Nánar aðspurð kvað hún skapofsaköstin hafa lýst sér í öskrum og óánægju og nefndi einnig í því sambandi dæmi um atvik sem komið hefðu upp að því er henni hafi fundist „út í bláinn“. Þetta hafi alltaf ágerst meira og meira. Hún hafi aldrei skilið hvað hafi verið að eða hver vandinn væri. Ef vinir hennar yrðu spurðir myndu þeir segja að þetta hefði ekki verið eðlilegt ástand.

Nánar spurð út í aðgengi ákærða að húsnæðinu að [...] hafi hún eftir atvikið í sumarbústaðnum að ráðleggingum lögreglu sett honum þau mörk að hann væri ekki velkominn á heimilið og sent honum tölvupóst um það. Hún hafi viljað eiga fínt samband milli tveggja aðila sem ættu barn saman og hafi verið að reyna að koma því á. Dagana fyrir atvikið 13. október 2024 hafi hún verið að reyna að komast á ráðstefnu fyrir sunnan, hún hafi ætlað að fara á miðvikudagskvöldi, og beðið ákærða að vera með drengina en fengið leiðindi og skít til baka. Því hafi hún gert aðrar ráðstafanir vegna drengjanna. Svo annaðhvort á þriðjudagskvöldi eða miðvikudeginum hafi ákærði sagst geta verið með drengina. Hún hafi samþykkt það gegn því að það yrði á hans heimili, en hann sagst ekki

geta gert það því hann væri ekki með neitt þar, sem ekki hafi verið rétt. Hún hafi rætt þetta við barnavernd sem hafi verið sama sinnis. Eftir vinnu á miðvikudeginum hafi hún svo ekki nemnt eða ekki haft þrek eða tíma til að standa í þessu þannig að hann hafi fengið að vera með þá á heimili hennar þessa daga á meðan hún hafi verið í burtu fram á föstudag. Hún hafi óskað eftir því að hann myndi fara upp eftir strax og hún kæmi heim. Aðspurð um hvort hann hefði verið sáttur við að fara kvað hún hann hafa verið það eftir kynlíf. Það hafi verið seinni partinn á föstudeginum, eða kannski um kvöldmatarleytið eða rétt fyrir það. Þetta hafi gerst á borðstofuborðinu heima hjá henni og hún hugsað „kláraðu og farðu“. Svo hafi hann verið suðandi í skilaboðum á laugardegi og sunnudegi um að fá að koma í heimsókn. Hún hafi spurt hann í einum skilaboðunum af hverju og þá hafi hann sagt „þú veist af hverju“. Hún kvað það hafa verið fyrir kynlíf.

Lögreglumadur BB ritaði frumskýrslu lögreglu vegna atvika 13. október 2024. Hann kvaðst fyrir dómi hafa farið á vettvang að [...] ásamt lögreglumanni nr. EE og hitt þar brotþola A. Hún hafi verið þar ásamt C, syni C og tveimur sonum brotþola. Brotþoli og lögreglumadurinn hafi ræðst einslega við inni í herbergi og hún greint honum frá kýtum sínum og ákærða. Hún hafi greint frá því að ákærði hafi æst sig og að hún hafi átt erfitt með að koma honum út, en þau ákærði hafi rætt þungunarpróf og nærfatnað. Hún hafi komið honum fram á gang þar sem hún hafi hringt á neyðarlínu. Hún hafi komið honum fram í þvottahús og svo áfram út. Hún hafi greint frá því að ákærði hafi reynt að kyssa hana, ýtt henni niður og rifið hana úr brókinni. Verið geti að hún hafi greint frá því síðar í framburðarskýrslu að hann hafi einnig rifið hana úr buxum.

C bar um við aðalmeðferð málsins að hafa verið staddur heima hjá sér þegar brotþoli A hafi hringt í hann, hún hafi verið viti sínu fjær og sagt ákærða hafa gert tilraun til að ráðast á hana og nauðga henni. Hann hafi farið heim til hennar og þar hafi hún verið hágrátandi með ekka og lýst því fyrir honum sem átti að hafa gerst. Ákærði hafi reynt að koma fram vilja sínum við hana inni í herberginu ásamt því að hafa haft skoðanir á nærfatakaupum og fundið hjá henni þungunarpróf, sem farið hafi illa í ákærða. Hún hafi lýst því þannig að þau ákærði hafi rifist út af þessum nærfatakaupum og vegna þungunarprófsins. Það hafi átt sér stað inni í herbergi og endað með átökum þeirra á milli, þar sem hún hafi staðið uppi buxna- og nærbuxnalaus. Hún hafi náð að henda honum frá sér og koma honum út úr húsinu. Hann kvaðst halda að hún hafi verið með

lögreglu í símanum á meðan. Allt hafi verið yfirstaðið þegar hann sjálfur hafi komið á staðinn, en ástandið þá verið slæmt. Brotapoli hafi verið hágrátandi með ekka, titrandi og skjálfandi og strákarnir hennar hálfreðnir. Hún hafi verið komin í buxur þegar hann hafi komið á staðinn.

Fyrir dómi greindi *H* svo frá að brotapoli *A* hafi hringt í hana sunnudagskvöldið 13. október 2024 og sagt ákærða hafa ráðist á sig og reynt að nauðga sér. Hún hafi verið í svakalegu uppnámi, hágrátandi, hrædd og reið. Hún hafi hárreytt hann og ýtt honum frá sér til að koma honum í burtu. Hún hafi líka verið hrædd þar sem lögregla hafi verið sein á vettvang og því upplifað sig varnarlaus. H hafi svo hringt aftur í brotapola seinna um kvöldið og boðist til að koma til hennar á mánudeginum þar sem vitnið hafi verið í vaktufrí. Brotapola hafi þótt óþægilegt að vera ein og vitnið meðal annars rætt við hana um hvort hún væri nokkuð með myndavélar eða eitthvað til að verja sig. Brotapoli hafi haft miklar áhyggjur því ákærði hafi verið í eigin húsi með brotapola í beinni sjónlínu. Þær hafi ekki rætt atvik að öðru leyti en því að ákærði hefði komið inn óboðinn, hún ekki komið honum út úr húsi og hann rifið hana úr buxunum. Hún hafi rifið í hárið á honum til að koma honum frá sér og gert það sem konum sé kennt að gera í aðstæðum sem þessum.

Vitnið hafi svo komið á staðinn á mánudeginum. Brotapoli hafi þá ekki lýst atvikum nánar fyrir henni að öðru leyti en því að ákærði hafi komið þarna óboðinn og það hafi komið henni á óvart að hann væri þarna. Hún hafi talið sig vera búna að gera honum það ljóst að hann ætti ekkert erindi þarna inni. Hún hafi verið skíthrædd, sem vitnið hafi vel skilið. Vitnið hafi svo dvalið á staðnum í vaktufríinu sínu, þangað til afi og amma drengjanna hafi komið.

Læknirinn G greindi við aðalmeðferðina frá áverkavottorði, dags. 24. október 2024, sem hann staðfesti að hafa unnið vegna komu brotapola *A* á [...] að kvöldi 13. október 2024. Brotapoli hafi greint honum frá áreitni af hendi fyrrverandi sambýlismanns sem hafi ruðst inn til hennar með ósk um kynlíf. Hún hafi ekki verið með sýnilega áverka, en verið aum í fæti þar sem hún hafi sparkað frá sér. Ekki hafi farið fram ítarleg skoðun. Í vottorðinu komi einnig fram að hún hafi verið búin að búa við áreitni og ofbeldi. Brotapoli hafi ekki verið í miklu uppnámi, en verið dálítið niðri fyrir og liðið illa því

ýmislegt hafi verið búið að ganga á. Hún hafi skýrt ágætlega frá því sem hún hafi verið spurð um.

J, félagsmálastjóri [...], greindi fyrir dómi frá aðkomu sinni að málefnum ákærða og brotþola A dagana 13. og 14. október 2024, en hún ritaði bakvaktarskýrslu, dags. 15. október 2024, sem hún staðfesti fyrir dómi. Hún kvaðst hafa rætt við brotþola sem hefði tjáð henni að ákærði hefði komið óboðinn inn á heimili hennar og viljað ræða samband þeirra, sem hún hafi talið löngu loknu. Þessum atvikum hafi lyktað með því að hann hafi lagst ofan á brotþola og reynt að kyssa hana og sleikja, en hún rífið í hár hans. Hann hafi rífið brotþola úr nærbuxunum en hún náð honum af sér og komið honum fram. Þá hafi brotþoli einnig rætt ótilgreind fyrri atvik við vitnið, þar sem brotþoli hafi greint frá því að hafa hlíft börnunum og látið háttsemi ákærða yfir sig ganga. Vitnið greindi frá því að hafa fundist frásögn brotþola trúverðug, hún hafi verið í miklu uppnámi, og bera einkenni kvenna í langvarandi ofbeldissambandi. Henni hafi ekki þótt ástæða til að rengja frásögn hennar.

Þá greindi vitnið meðal annars einnig frá því að hafa rætt við ákærða á lögreglustöð. Hún hafi viljað spjalla við hann og taka á honum stöðuna. Hann hafi verið æstur, haft mikinn áhuga á því að aðstaða barnanna hjá brotþola yrði könnuð og rakið það á nánar tilgreinda vegu. Þau hafi einnig rætt aftur saman síðar, eftir að ákærði hafi verið búinn í yfirheyrslu. Hún hafi kynnt honum þá lausn á þeirri stöðu sem upp væri komin að ákærði færi ekki á heimili barnanna og til að skapa frið og öryggi yrðu engin samskipti. Hann hafi verið fastur í eigin reiði og ekki getað sett hagsmuni barnanna í fyrirrúm. Hún hafi strax metið ákærða mjög hættulegan. Í framhaldi hafi hún unnið að því að brotþoli færi [...] á meðan ákærði væri enn [...]. Henni hafi fundist henni hætta búin í þeim aðstæðum sem hún hafi verið í. Kvaðst I hafa viljað setja nálgunarbann á ákærða, og farið formlega fram á það, en lögregla hafi fyrst viljað reyna „Selfossleiðina“.

2. tl. I. kafla ákæru, atvik 16. október 2024.

Fyrir dómi rakti ákærði samskipti sín og brotþola A í aðdraganda atvika 16. október 2024 vegna sölu á [...] á nánar tilgreinda vegu, en hún hafi viljað að hann tæki [...]. Flutningamenn hafi komið að sækja [...] þennan dag, en hann sjálfur ekki viljað vera á staðnum. Brotþoli og C hafi verið [...] og komið [...]. Greinilegt hafi verið að þau hafi verið ósammála um eitthvað og hafi C rokið í burtu á bílnum sínum. Brotþoli hafi svo

gefið ákærða fokk-merki [...] og hafist handa við að henda eigum hans út í drullu utan við skemmuna [...]. Þegar ákærði hafi séð það hafi hann farið niður að skemmuni og beðið hana um að hætta. Hann hafi ekki reiðst vegna hegðunar brotaþola, en sagðist hafa orðið hissa, meðal annars þar sem hún hafi átt að vera hrædd við hann. Hún hafi slegið hann á brjóstkassann og sagt honum að hann hefði átt að vera búinn að taka þessi tæki og tól, öskrað á hann og kallað hann öllum illum nöfnum. Hún hafi slegið hann að minnsta kosti þrisvar í brjóstkassann og hann hörfað undan henni.

Hann kvaðst minna að hann hafi snúið sér við þegar hún hafi öskrað á hann að hann fengi ekki að sjá barnið sitt aftur og að C myndi ala hann upp í föður stað. Það hafi gerst fyrir utan skemmuna og hann hafi „urlast“ af reiði við að heyra það. Svo muni hann ekki meir fyrr en hann ranki við sér. Það komi einhvern veginn í höfuðið á honum í „slædsmyndum“ að hann sitji ofan á brotaþola með járníð á hálsinum á henni, honum finnist hún hafa grátið, en þetta komi líka í mjög óljósum myndbrotum og sé þokukennt. Í myndbrotunum minni hann að hann hafi hent járnkarlinum til hliðar og minni sömuleiðis þokukennt að hafa sagt við brotaþola „sjáðu hvert þetta hefur leitt okkur, þetta rugl“, en kvaðst þó ekki 100% viss. Hann kvaðst bara muna í myndbrotum að honum finnist eins og hann hafi staðið upp og labbað út úr skemmuni. Honum finnist eins og hann sjái H þar, en sé ekki klár á því hvort það hafi verið þarna eða síðar. Næsta sem hann muni sé að hann sé uppi á [...] að horfa niður eftir. Hann muni óljóst eftir ferð sinni upp eftir. Hann muni ekki hvort það hafi verið í þessari eða annarri ferð því hann hafi ekið margar ferðir upp og niður eftir. Hann muni eftir sér á eldhúsgólfinu heima hjá sér á [...] og þá komi þessi slædsmynd upp í huga hans þar sem hann sitji ofan á brotaþola. Svo muni hann eftir sér labba á móti lögreglumanninum. Hann muni bara í glefsum leiðina á lögreglustöð og spurningar lögreglu um hundinn hans í fangaklefa [...]. Svo muni hann eftir að ranka almennilega við sér í lögreglubíl á leið til [...]. Þá hafi hann farið að koma til baka með fullri meðvitund.

Hann kvaðst aðspurður ekki muna eftir því að hafa farið aftur niður í skemmu eftir að hafa farið heim til sín. Hann hafi farið í þetta svokallaða geðrof og geti bara því miður ekki sagt já eða nei. Hann muni ekki eftir að hafa náð í járnteininn, en geri ráð fyrir að hann hafi legið við skemmuna, þetta sé teinn sem hann hafi verið að vinna með. Aðspurður um hvort hann myndi eftir að hafa reynt að stinga brotaþola A þrisvar með teininum kvaðst hann ekki geta varið sig því hann muni ekki hvað hafi gerst. Þetta geti gerst í svona hugrofi og hjá sér komi upp slædsmyndir.

Hann kvaðst heldur ekki muna eftir því sem haft væri eftir honum í frumskýrslu lögreglu, að hafa greint lögreglumanni frá því að hafa lent í deilum við brotþola og að hún hafi sagt hann ógeðslegan og viðbjóðslegan og að C væri betri. Ekki heldur að hafa greint lögreglumanninum frá því að hann hefði ráðist að brotþola og að þetta væri alvarlegt. Þá svaraði hann því neitandi hvort verið gæti að hann hefði munað betur eftir atvikum þarna strax í kjölfarið þegar hann hefði rætt við lögreglumanninn, líkt og myndband af því sýni. Þá kvaðst hann ekki muna eftir að hafa greint lögreglumanni frá því við skýrslugjöf 17. október 2024 að hann hefði verið í sturluðu ástandi og verið hræddur við sjálfan sig. Hann muni ekki hvers vegna hann hafi sagt það. Andlegt ástand hans á þessum tíma hafi verið mjög slæmt og hann sé að segja satt og rétt frá.

Aðspurður um þann framburð brotþola A að ákærði hafi sagst ætla að klára þetta þegar hann hafi setið ofan á henni kvaðst ákærði ekki geta varið sig því hann muni ekki hvað hafi gerst. Hann muni ekki hvað hafi gerst frá því að hún hafi sagst ætla að taka son hans frá honum en rámi í þessar upplifanir sem hann hafi greint frá. Þá kvaðst hann aðspurður um hvort hann hafi sagt við H eftir þetta að hann hafi „ætlað að kála henni“ ekki muna eftir H, en þó í einhverri mynd, þótt hann muni ekki á hvaða tímapunkti það hafi verið. Þá kvaðst hann ekki vita hvers vegna hann hafi látið af háttsemi sinni og greindi einnig frá því að svona óminni hefði oft hent hann áður og greindi í því samhengi frá minningum um atvik á [...].

Er hann var spurður að því hvort hann hafi ætlað að bana brotþola A kvað hann svo ekki vera. Hann muni það ekki, en hann hefði aldrei ætlað að bana henni og myndi aldrei reyna að gera það. Enn fremur svaraði hann því neitandi aðspurður um hvort ekki mætti draga þá ályktun að hann hafi ætlað að klára þetta miðað við að hann hafi verið með járntein á hálsinum á brotþola. Hann geti þó ekki sagt hvað hafi gerst eftir að hann hafi farið í þetta „blackout“, en áður og eftir að því hafi lokið hafi hann aldrei ætlað að kála henni. Það myndi hann aldrei vilja eða ætla að gera. Á hinn bóginn líti út fyrir að hann hafi valdið þeim áverkum sem á henni hafi verið miðað við það sem sagt sé.

Þá greindi ákærði frá líðan sinni og högum í gæsluvarðhaldi og á [...] frá 19. október 2024, viðtölum sínum þar við [...], þar á meðal að hafa upplifað óminnisköst á þessum tíma og upplifað slædsmyndir af [...]. Einnig að hafa greinst með mjög háan blóðþrýsting í fangelsinu á Hólmsheiði sem hann hafi fengið lyf við og náð niður á einum og hálfum til tveimur mánuðum. Sömuleiðis greindi hann frá þeirri hjálp sem hann hefði fengið innan veggja fangelsisins til að ná betri líðan og því hvernig hann sjálfur hefði unnið að

hinu sama. Einnig svaraði hann nánar almennum spurningum um óminnsköst sín og greindi meðal annars frá því að þau vörðu í um eina til tvær klukkustundir og hann væri uppgefinn á eftir. Slædsmyndirnar sem hann lýsi rifjist upp með tíð og tíma í kjölfarið. Þá greindi hann einnig frá martröðum vegna atvika á [...].

Einnig greindi ákærði frá því fyrir dómi að A hefði áður lamið hann í andlitið og slegið hann með bók í höfuðið, en hann hefði aldrei lyft litla putta á móti.

Við aðalmeðferðina greindi *brotapoli A svo frá aðdraganda og atvikum 16. október 2024* að hún og C hefðu verið að [...] og komið að [...]. H, vinkona hennar, hefði verið komin til hennar [...] eftir atvikið 13. október 2024 til að passa upp á hana gagnvart ákærða. H hefði meðal annars orðið vitni að nánar tiltekinni fyrirgefningargjöf sem ákærði hefði komið með að heimili brotþola 14. október 2024. Þá hafi öryggiskerfið á heimili brotþola verið sett upp 13. eða 14. október 2024 gagnert vegna ákærða því brotþoli hafi ekki getað treyst honum, en þau hafi spurt lögreglu hvort þau mættu setja myndavélina upp. C ætti myndavélina, hafi haft aðgang að útsendingu úr henni og hafi getað stýrt henni. Hún kvaðst aðspurð ekki hafa verið að reyna að ná ákærða á myndband með því að setja upp myndavélina.

Pegar brotþoli og C hafi komið [...] hinn 16. október 2024 hafi hún séð tvo menn komna til að sækja [...] o.fl. Hún hafi ákveðið að fara aðeins inn í skemmu og sagt C það sem hafi spurt hvort hún væri viss. Hún hafi sagst ætla að gera það og það væri í lagi. C hafi svo skotist heim til sín, en hún kvað þau tvö ekki hafa rifist. Hún hafi verið orðin pirruð og þreytt og sent ákærða fukk-merki [...] og byrjað að henda dótinu hans út úr skemmuni. Hún kvaðst ekki hafa sagt C hvað hún hafi ætlað að gera og hann ekki spurt um það. Hún hafi ekki verið að reyna að fá ákærða til sín með því að henda dóti út, en hún hafi getað gert ráð fyrir að hann yrði ekki sáttur. Ákærði hafi fljótlega komið niður eftir, sem hafi staðfest að hann hafi fylgst með henni öllum stundum. Hann hafi verið sultuslakur og spurt hvað hún væri að gera og hvort þetta væri ekki óþarfi. Hann hafi verið óvenju og óþægilega rólegur og greindi hún aðspurð frá því að hafa fundist hann áttaður á stað og stund. Hún hafi tjáð honum að hún væri að henda út dótinu sem hann hefði fyrir löngu átt að vera búinn að taka. Umræðan hafi svo snúist um [...], sem hann hafi ítrekað verið búinn að hóta að eyðileggja svo hún gæti ekki notað hana. Þau hafi svo rætt fleira, en hún sagst síðar í samtali þeirra að það væri löngu kominn tími til að klára

þetta. Hann hafi þá enn verið rólegur, og sagt „ókei, þá skulum við bara klára þetta“, teygt sig í járnkarlinn og ráðist á hana.

Hann hafi fyrst reynt að stinga hana í kviðinn, alla vega tvisvar eða þrisvar. Þá hafi hún öskrað og kallað á hjálp. Hún hafi vitað af H inni í húsi og líka vonast eftir að það myndi heyrast í myndavélinni á húsinu því C hafi verið með aðgang að henni. Hún hafi reynt að verjast með höndunum eins og hún hafi getað. Hann hafi þá sett járnkarlinn þversum og hún dottið aftur fyrir sig og lent í gólfinu inni í skemmu. Hann hafi þá farið ofan á hana, sett járnkarlinn á háls hennar og byrjað að þrengja að. Hún hafi reynt að ýta á móti til að viðhalda öndun, sem hafi verið erfið, en hann ítrekað talað um óheiðarleika hennar og hverjum hún væri að sofa hjá. Hann hafi sagt að hann myndi sleppa ef hún segði hver það væri. Hún hafi vitað að það væri tvíeggjað sverð að svara, en sagt honum að hún hefði sofið hjá C. Það hafi farið mjög illa í hann. Þá hafi hann þrengt enn meira að, hún reynt í smástund að segja eitthvað við hann, en fundið að hún væri ekki að fara að ná honum af sér. Hún hafi reynt að höfða til hans með því að tala um strákana, en það ekki virst skipta neinu máli. Hún hafi sagt honum að hann væri að drepa hana og hann sagt „já, ég ætla að drepa þig“. Það hafi hann sagt með háðslegu glotti. Þetta hafi verið lítið mál fyrir hann og hún ekki verið neitt fyrir honum. Það hafi ekki skipt hann neinu máli að svipta barnið hans móður þess og pabba þess líka. Það hafi verið svo minnisstætt því það hafi ekki verið neitt mál fyrir hann að gera það og hann hefði hæglega getað gert það. Hún viti ekki af hverju hann hafi hætt, en hún hafi á þessum tímapunkti hún séð út undan sér að H, vinkona hennar, hafi verið komin út og verið á leiðinni inn í skemmu. Mögulega hafi ákærði verið búinn að sjá hana áður. Ákærði og H hafi svo mæst. Brotapoli sjálf hafi verið að detta inn og út og muni ekki allt, en hún hafi náð meiri öndun þegar ákærði hafi verið kominn ofan af henni. Hann hefði ekki þurft að vera öllu lengur til að klára verkið. Eftir að ákærði hafi verið kominn ofan á hana hafi hún ekki öskrað, en það hafi hún gert fyrr. Hún kvaðst örugglega hafa misst meðvitund í einhvern tíma. Hún hafi dottið út og verið farin að sjá hvítt, verið meðvitundarskert. Hún hafi ekki haft tímaskyn á meðan á þessu hafi staðið.

H hafi líka hringt á neyðarlínuna og verið skíthrædd eins og brotapolí sjálf um að ákærði kæmi aftur, sem hann hafi gert. H og ákærði hafi rætt saman í dyrunum þegar hann hafi komið aftur, til að varna því að hann færi aftur inn, því það hafi hann ætlað sér. Hann hafi aldrei aftur komist að brotapolá. H hafi talað við ákærða, en brotapolí sjálf ekki alveg verið að tengja. H hafi verið búin að rétta brotapolá símann hennar. Hún hafi

hringt í C en H í lögregluna. Þá hafi brotaþoli líka beðið H að hringja í móður brotaþola því hún hafi vitað að einhver yrði að koma að sækja strákana, en brotaþoli kvaðst einnig hafa verið hrædd um H því brotaþoli hafi séð fyrir sér að ákærði myndi ráðast á hana líka. Það hafi hann ekki gert og hún náð að koma honum í burtu.

Augljóst hafi verið að ákærði hafi ætlað að klára þetta með því að drepa hana því hann hafi tekið járnkarlinn á sama tíma og hann hafi sagt það. Aðspurð kvað hún C ekki hafa komist til tals fyrir utan skemmuna. Brotaþoli hafi sagt að ákærði yrði að taka sér taki til að lenda ekki í því að missa strákinn meira frá sér, en ekki gefið í skyn að ákærði fengi ekki að umgangast son sinn. Hún hafi aldrei notað C sem vopn gagnvart ákærða. Hún hafi ekki hótad ákærða því að C myndi ala upp barnið. Í samtali þeirra fyrir utan skemmuna hafi hann verið sultuslakur, og verið það áfram þegar hann hafi náð í járnteininn. Hún hafi verið í uppnámi þarna og kvaðst aðspurð hafa móðgað ákærða með puttasendingu en muni ekki til þess að það hafi verið með einhverju sem hún hafi sagt við ákærða, ekki þá nema á þá leið að hann yrði að taka sér taki, en hafi sagt að ekki vildi hann að einhver annar en ákærði yrði fyrsti aðilinn með brotaþola að sinna drengnum. Þá hafi hún ekki átt við neinn tiltekinn. Hana hafi farið að langa að eiga sitt eigið privatlíf og það hafi ekki komið honum við hverja hún umgengist. Einhvern tímann hafi þau verið búin að ræða það að þegar þau yrðu komin í samband við annað fólk myndu þau láta hitt vita vegna barnsins, því það væri breyting að hafa annan einstakling á heimili.

Aðspurð um hvort það hafi verið skynsamlegt, miðað við hversu hrædd hún hafi verið við ákærða, að henda dótinu hans út úr skemmuni kvaðst hún ekki hafa velt fyrir sér skynsemi á þeim tímapunkti, þ.e. þegar hún hafi ítrekað verið búin að biðja hann að koma sér í burtu. Hann hafi verið búinn að hafa mánuði til að fjarlægja dótið sitt í ró og friði. Ekki sé réttlætlegt að reyna að drepa einhvern vegna „fokkjúputta“ eða að henda út dóti. Þá greindi hún aðspurð frá því að hún hafi lagt hendur á ákærða um páskana 2023 þegar hún hafi ætlað að fá lánaðan bílinn hans til að fara og rakti nánar frásögn af því. Hún hafi þá kýlt hann í nefið og gefið skýrslu um það atvik á lögreglustöð. Þá greindi hún einnig frá því að hafa kastað í hann bók og í eitt annað skipti lamið hann. Hann hafi ekki svarað því með líkamlegu ofbeldi, heldur andlegu.

Hún greindi frá því að í dag líði henni mun betur á meðan hún viti hvar ákærði sé. Þá hafi hún farið [...] vegna taugaskaða á hægri handlegg, sem hún lýsti nánar, og líka vegna mikillar streitu, vanlíðanar og ótta í kjölfar atviksins 16. október 2024. Þá hafi hún líka fengið hjálp frá R sálfræðingi sem hún hafi hitt frá árinu 2022. Hún hafi byrjað að hitta

sálfræðinginn það ár vegna breytinganna í sambandi sínu og ákærða. Hún hafi þurft að byggja sig upp til að geta komist út úr sambandinu. Andleg líðan í dag sé góð á stöðum þar sem hún sé örugg, en hún sé alltaf á varðbergi. Hún læsi alltaf húsinu og spyrji alla hvort ekki sé læst. Hún geti verið meyr og lítil í sér við lítil atvik og upplifað geðshræringu við ákveðnar aðstæður. Það séu góðir og verri dagar. Þá kvaðst hún hafa tekist á við atvikið með sálfræðingi sínum sem hafi hjálpað henni mikið. Hana hafi dreymt atvikið og ákærða, fengið martraðir.

Þá greindi hún einnig frá því að ákærði hafi viljað halda sambandi þeirra áfram en þau hafi slitið því fyrr á árinu, þ.e. 2024. Dagana á milli 13. og 16. október 2024 hafi hún reynt að sækja vinnu. H hafi verið á [...] og C hafi líka verið þar mikið og þau tvö alltaf vitað hvar hún væri. Þegar hún hafi verið úti við á [...] hafi annað hvort þeirra verið með henni. Henni hafi líka þótt óþægilegt að vera utandyra [...] þar sem hún hafi verið búin að heyra að ákærði væri með skotvopn [...].

Hún kvað aðspurð geðsveiflur ákærða hafa aukist þegar [...]. Hann hafi verið hátt uppi eða langt niðri. Þessi tímabil hafi getað varað frá nokkrum dögum upp í viku, mögulega tvær til þrjár vikur en ekki lengur. Hann hafi einnig getað fengið svakalegar hugmyndir þar sem hann hafi ætlað gera mikið og nefndi hún í því sambandi tiltekna framkvæmdir hans. Á þessum tímabilum hafi hann talað meira og hærra. Hann hafi einnig verið með samsæriskenningar sem ekki hafi átt við rök að styðjast og fólk hafi haft áhyggjur af honum. Hún hafi meðal annars í eitt skipti haft samband við lögreglu þar sem hún hafi [...]. Hann hafi verið farinn að halda alla á móti sér, en þeim hafi verið tekið vel af öllum. Þá rakti hún einnig nánar persónulega hagi ákærða, samskipti hans við annað fólk og hans líðan frá hennar bæjardyrum séð og einnig nánar samband þeirra tveggja. Þá greindi hún meðal annars frá því að langt væri síðan ákærði hefði verið hættur að sofa vel.

Lögreglumaður BB ritaði frumskýrslu vegna atvika 16. október 2024 sem hann staðfesti fyrir dómi. Á leiðinni á vettvang hafi hann óskað eftir heimild til að vopnast, sem hann hafi gert, en þá hafi legið fyrir upplýsingar um að ákærði hefði ráðist á brotapolu A og að alvarleikinn væri mikill. Á leiðinni á vettvang hafi hann frétt að ákærði væri farinn þaðan, en lögreglumaðurinn hafi farið að skemmunni til að tryggja að svo væri. Ákveðið hafi verið að sjúkrabíll færi að skemmunni, en hann sjálfur og annar lögreglumaður sem verið hefði með í för færu að heimili ákærða að [...]. Þegar upplýst hafi verið að ákærði

væri óvopnaður hafi hann verið færður í handjárn. Í framhaldinu hafi hann verið fluttur á lögreglustöð og settur í klefa. Ákærði hafi komið vitninu þannig fyrir sjónir við handtöku að vera mjög „tjúnaður“ og trekkur. Lögreglumaðurinn hefði spurt hann hvað hefði gerst og ákærði sagð að þetta væri mjög alvarlegt. Á þeim tímapunkti hafi honum verið kynnt réttarstaða sakbornings og málið ekki rætt meira á staðnum. Hann hafi virst áttaður á stað og stund. Kvaðst lögreglumaðurinn þekkja ákærða lítillga og virst hann hafa vitað hvað hann væri að gera. Ákærði hafi gengið ákveðið á móti lögreglumanninum við handtökuna, rólegur í tali en reiður. Hann hafi ekki verið órólegur. Vitnið hafi áður séð ákærða reiðan, þar á meðal nokkrum dögum áður á lögreglustöð.

C greindi frá því við aðalmeðferðina að hann og brotþoli A hefðu 16. október 2024 verið að koma [...]. Hún hafi viljað fara í skemmuna, en hann þurft að fara heim til sín. Það hafi staðið til að sækja [...] og það hafi verið þungt í brotþola. Hann hafi haft lúmskan grun um að brotþoli hafi ætlað í skemmuna og hreinsa út eigur ákærða. Hún hafi ekki sagt það við hann, en hún hafi verið búin að óska eftir því að hann fjarlægði eigur sínar. Hún hafi ekki verið sátt við hann, meðal annars vegna sölu á munum.

C kvaðst hafa hringt í vinkonu brotþola sem verið hafi inni í húsi til að fylgjast með ef eitthvað kæmi upp á. Þegar þau hafi rætt saman í símann hafi hún sagt að bíll væri að koma [...] á fullri ferð og hafi skellt á hann. Hann sjálfur hafi verið farinn af staðnum en farið í símann og í myndavélina, þar sem hann hafi verið staddur nokkra kílómetra í burtu, og séð ákærða kominn að skemmuni. Hann hafi svo heyrt öskrin í myndavélinni, sem hann hefði sett upp og ætti. Vélin hafi verið sett upp til að fylgjast með mannaferðum við húsið, þ.e. af hálfu ákærða.

Hann kvaðst svo hafa komið á vettvang í fylgd lögreglu og sjúkrabíls. Hann hafi komið að því að setja brotþola á börur og fylgt henni. Hann kvað sig og ákærða áður hafa verið kunningja og gat þess að ákærði hefði unnið fyrir hann. Samband þeirra í dag væri hins vegar ekkert.

Fyrir dómi greindi H í aðalatriðum svo frá atvikum 16. október 2024 að C hefði hringt í hana rétt fyrir klukkan 18 og látið vita að brotþoli A væri í uppnámi og að hún hefði farið út í skemmu. Ákærði hefði verið að [...]. Kvaðst H hafa séð bíl ákærða aka greitt [...], ákærða snarast út úr bílnum og inn í skemmu. H hafi ekki heyrt nein orðaskil, en skellt á C og hringt strax í 112 og verið með neyðarlínuna á línunni í framhaldinu. Hún

sjálf hafi farið í paník og fundið sér föt til að fara í út. Hún hafi beðið drengina tvo að koma alls ekki út. Hún hafi verið ofboðslega hrædd og fundist hún vera mjög lengi að koma sér á staðinn.

Ekki hafi liðið á löngu eftir að H hafi skellt hurð á íbúðarhúsinu þar til ákærði hafi komið æðandi út úr skemmuni, stokkið inn í bíl og ekið á móti henni og brunað [...]. Þau hafi ekki rætt saman í það skipti. Þegar hún hafi komið inn í skemmuna hafi hún verið með neyðarlínuna í símanum, þar hafi verið járnkarl, glerbrot og brotnir plastkassar og brotapolí legið hreyfingarlaus á bakinu. Henni hafi virst hún vera dái. Aðspurð um hvort mögulega mætti draga þá ályktun að þannig hafi brotapolí verið þegar ákærði hafi farið frá henni kvað hún ekki margar sekúndur hafa liðið frá því að ákærði hafi farið frá brotapolá og nefndi í því sambandi 30 sekúndur. Erfitt hafi verið að ná sambandi við hana. Í fyrstu hafi brotapolí ekki svarað sér, en farið að umla og svara þegar H hafi potað í bringu hennar og háls. Hún hafi verið með skurð og blóð á hendi og andliti. Hún hafi ekki haldið uppi samræðum, dottið inn og út, verið þvoglumælt og kaldsveitt. H hafi einnig séð áverka á hálsi og hnakka brotapolá. Brotapolí hafi sagt ákærða hafa ráðist á sig, reynt að stinga sig, haft sig undir og reynt að kyrkja sig með járnkarlinum. Hún hafi verið helaum og ekki getað staðið upp. H hafi hlúð að brotapolá og breitt yfir hana úlpu. Hún kvaðst ætla að um þrjár mínútur hafi liðið frá því að hún hafi komið inn í skemmuna þar til brotapolí hafi byrjað að tala við hana. Þetta hafi ekki verið miklar samræður, ekki nákvæmar lýsingar, heldur beinskeytt um að ákærði hafi reynt að stinga hana og kyrkja með járnkarlinum. Hún hafi dottið inn og út, en umlað um ákærði hafi reynt að drepa hana.

H hafi svo heyrt að bíll væri að koma [...] og farið út í dyr og stoppað ákærða við að reyna að komast aftur inn í skemmuna. Hann hafi verið mjög æstur og reiður og þau H rifist. Á þeim tímapunkti hafi hún haldið á símanum sínum með neyðarlínuna á hinum endanum. Ákærði hafi greint H frá því að hann hafi ætlað „að kála henni“ þegar H hafi spurt ákærða hvern fjandann hann hafi verið að gera. Hann hafi talað um hverjum brotapolí hefði verið að ríða, en H sagt að brotapolí mætti ríða hverjum sem væri. Aðspurð um ástandið á ákærða kvað hún ekki miklar röksemdir hafa verið í samræðunum, en hann hafi verið fokreiður án þess að hafa verið í sturlunarástandi, frekar afbrýðisamur. Grunnurinn að því að þetta hafi verið í fullum rétti gert hafi virst vera að brotapolí hafi verið að ríða öðrum. Henni hafi liðið þannig að ef ákærði hefði komist inn í skemmuna, þá hefði hann klárað verkið. Hún kvaðst ekki átta sig á því hvort ákærði hefði gert sér

grein fyrir hvort brotþoli hefði verið á lífi eða ekki. Hún hafi stoppað ákærða tvisvar í dyrunum og hann að minnsta kosti í síðara skiptið séð að brotþoli hreyfði sig. Svo hafi ákærði kveikt sér í vindli og þá farið að koma ró yfir hann og hann orðið kaldur. Það hafi hægt á honum og hann orðið kaldur í augunum. Hann hafi áttað sig á hvar hann væri og haldið þræði í samtalinu. Á þeim tímapunkti hafi hann sagt að hann hafi ekki ætlað að kála henni þar sem hann elskaði brotþola svo mikið, en þá verið búinn að sjá brotþola á hreyfingu. Hann hafi virkað rólegur á óþægilegan hátt og það hafi hrætt hana meira en að sjá hann reiðan. Hún hafi séð þetta fas á honum áður. Hún hafi ekki orðið persónulega hrædd við ákærða þegar hann hafi róast, en hafi verið hrædd um drengina, því það hafi verið eins og ákærði hafi verið að hugsa. Hún kvaðst ekki átta sig á því hvort hurðarskellur hjá sér þegar hún hafi farið út úr [...]húsinu hafi valdið því að ákærði hafi látið af atlögunni gegn brotþola eða hvort hann hafi sjálfur labbað frá henni þegar hún hafi komið út úr húsinu. Hún kvaðst ekki átta sig á hvort önnur umhverfishljóð hafi getað valdið því að ákærði hafi látið af atlögu sinni.

Þá greindi hún meðal annars einnig frá því að hafa rekið ákærða í burtu þegar hann hafi ætlað að bíða eftir lögreglunni á vettvangi. Hún hafi tjáð honum að það væri ekki í boði. Hann hafi svo farið í burtu upp á [...]. Þetta hafi verið mikil óreiða. Hún hafi lagt símann hjá brotþola A, svo hún gæti rætt við neyðarlínuna, en hún viljað vera úti við innganginn í skemmuna til að geta haft yfirsýn.

Þá kvað H sig og brotþola hafa verið í sambandi um sumarið á undan, en hún hafi þá ekki verið í „eftirliti“ með brotþola eins og dagana fyrir 16. október 2024. Brotþoli hafi verið búin að höfða til ákærða um að slíta sambandi þeirra á skynsamlegum nótum. Hún kvað sig og ákærða hafa þekkt lengi, þau hefðu áður búið saman [...] og henni hafi þótt vænt um hann. Hún hafi höfðað til hans að nota „hausinn en ekki hjartað“ þegar ákærði og brotþoli hafi verið að fara í sundur svo þau gætu bæði lifað sínu lífi. Hún hafi haft miklar áhyggjur af þeim báðum í þrjú ár, verið búin að bíða eftir að eitthvað gerðist, en „kannski ekki þetta“. Hún kvaðst ekki hafa orðið vör við það þegar brotþoli hafi hent verðmætum út úr skemmuni, eða vitað að það stæði til, en séð það þegar hún hafi komið út.

V greindi svo frá við aðalmeðferð málsins að hann hafi komið að [...] 16. október 2024 til að sækja [...]. Hann hafi hitt ákærða [...] og ákærði farið með honum að því sem V hafi átt að taka. Hann hafi svo kvatt V og sagt honum að hann mætti ekki vera þarna, eða

að honum væri illa við það. Þá hafi þeir verið staddir við [...] en ákærði svo farið [...]. V hafi farið með vörubílinn sinn að húsgrunni og lagt honum þar, en hann hafi ætlað að flytja [...] þangað til að koma þeim upp á bílinn. Ákærði hafi ekki sagt af hverju hann mætti ekki vera þarna eða vildi það ekki. Þeir hafi ekkert talað saman nema bara vegna [...].

Lögreglumaður Æ greindi fyrir dómi frá efnistöfum skýrslna sem hann vann við rannsókn á atvikum 16. október 2024. Staðfesti hann vinnslu sína á myndaskýrslu um vettvangsrannsókn og skýrslur um myndupptöku úr öryggismyndavél við heimili brotaþola að [...]. Hann greindi meðal annars frá mælinum á lengd og þyngd járnteinsins, þ.e. 126 cm og 7,3 kg, sem til umfjöllunar er í ákæruliðnum, og því að 84 metrar væru frá heimili brotaþola út í skemmu. Einnig upplýsti hann meðal annars að þær tímasetningar sem fram kæmu í skýrslu um myndupptöku úr öryggismyndavél væru úr upptökunni sjálfri og að það heyrðust öskur úr skemmuni á upptökunni. Meðal annars væri gerð grein fyrir þeim hljóðum sem heyrðust á upptökunni í skýrslu um hana. Lögreglumaðurinn vann einnig myndaskýrslu af áverkum brotaþola A og upplýsingaskýrslu er varðaði ósk um áverkavottorð sem eru á meðal málgagna.

Lögreglumaður Ö staðfesti fyrir dómi að hafa unnið upplýsingaskýrslu um hljóðupptökur af símtölum á tímabilinu klukkan 18:04 til 18:47 hinn 16. október 2024 sem eru á meðal málgagna. Hann staðfesti að hafa ritað upp eftir hljóðupptöku að hafa heyrt H tala við ákærða í fjarska, þar á meðal þegar H spyrji ákærða „Hvað í fjandanum er í gangi hérna?“ og ákærði svari „Á ég að segja þér það, ég ætlaði að kála henni“.

Lögreglumaður CC greindi frá því við aðalmeðferð málsins að hafa hitt ákærða á lögreglustöðinni [...] eftir handtöku hans. Ákærði hafi virkað í miklu uppnámi og hann leitaði upplýsinga hjá lögreglumönnum um ástand brotaþola A. Hann hafi virkað eins og hann væri í sjokki, hann hafi ekki virkað rólegur og yfirvegaður. Hann hafi ekki virkað hann sjálfur. Hann hafi virkað óreiðukenndur, eins og hann hafi verið í uppnámi, en lögreglumaðurinn hafi ekki átt samtál við ákærða. Hann hafi virst átta sig á því að þetta hefði verið alvarlegt, að hann hefði gert eitthvað slæmt. Kvaðst lögreglumaðurinn ekki gera sér grein fyrir hversu vel hann hafi gert sér grein fyrir stöðunni.

Þegar ákærði hafi verið í fangaklefa á lögreglustöðinni hafi hann talað um að brotþoli hafi verið blá í framan þegar hann hafi farið frá henni. Kvaðst lögreglumaðurinn sjálfur hafa heyrt ákærða segja þetta. Það hafi verið eins og hann hafi verið að reyna að ná áttum. Aðspurður um hvort ákærði hafi virst vera meðvitaður um hvort brotþoli væri dáið eða lifandi kvaðst vitnið ekki vita hvort spurningar ákærða hafi lotið að því eða heilsu brotþola að öðru leyti, það hafi ekki komið nákvæmlega fram.

Læknirinn G greindi við aðalmeðferðina frá áverkavottorðum, dags. 17. október 2024 og 23. sama mánaðar, sem hann staðfesti að hafa unnið vegna komu brotþola A á [...] að kvöldi 16. þess mánaðar. Hún hafi greint frá samskiptum við ákærða í skemmu þegar hún hafi verið að taka til dót sem lokið hafi með árás hans á hana. Hann hafi lagst ofan á hana og notað einhvers konar tind. Hann hafi þrengt að hálsi hennar með verkfærinu og brotþoli lent í öndunarerfiðleikum og verið við það að missa meðvitund samkvæmt hennar frásögn. Vinkona hennar hafi komið að henni eftir að sú hafi mætt ákærða á leið í skemmuna. Við flutning [...] af vettvangi hafi sjúkraflutningamaður haft áhyggjur af hálsi brotþola og við komu [...] hafi hún verið með bólgu á hálsi og átt erfitt með að hreyfa handlegginn vegna sársauka. Hún hafi verið flutt á sjúkrahúsið [...] með sjúkrabíl um klukkan 22 um kvöldið þar sem ekki hafi verið unnt að flytja hana með sjúkraflugi vegna þoku. Hann hafi haft áhyggjur af hálsi hennar þar sem þar sé ýmislegt sem þolir illa svona hnjask, til dæmis taugar og öndunarvegur. Ástand hennar hafi verið metið brátt þegar hún hafi verið send af stað. Þá kvaðst læknirinn hafa tekið myndir af brotþola sem væru á meðal málgagna.

Læknirinn K greindi frá því við aðalmeðferðina að deildarlæknir hafi ritað læknaþréf, dags. 20. október 2024, í nafni læknisins. Staðfesti hann bréfið og rakti nánar á hverju það byggðist. Hann kvaðst kunnugur málinu og hafa verið viðstaddur þegar brotþoli A hafi legið inni [...]. Hann hafi hitt hana morguninn eftir innlögn. Í bréfinu komi fram atvik og ástæður innlagnar. Hún hafi verið með bólgu og mar á hægri hendi og hálsi og máttminnkun á hægri handlegg. Grunur hafi verið um skaða á taugum frá hálsi, mænu og út í handlegg. Segulómun hafi leitt í ljós blæðingu eða mar út frá þessum taugum sem skýrt hafi máttminnkunina. Hún hafi legið inni eina eða tvær nætur og ekki sýnt mikinn bata vegna máttminnkunar. Við útskrift hafi verið fyrirhugað eftirlit að tveimur vikum liðnum sem læknirinn kvaðst ekki vita mikið um.

Læknirinn L greindi fyrir dómi frá skráningu sinni í sjúkraskrá, dags. 17. október 2024, við komu brotþola A [...] aðfaranótt þess dags. Hún greindi frá því að samkvæmt skráningunni hefði [...] ára gömul kona komið með sjúkrabíl frá [...]. Helstu áverkar hennar hafi verið stór marblettur hægra megin á hálsinum vegna kyrkingar. Hún hafi einnig verið bólgin þeim megin á hálsinum. Þá hafi hún haft marblett á bringunni og doða á sama stað. Hún var verkjuð á hægri öxl. Þá hafi hún verið með marbletti á handlegg og úlnliðum og ekki sjálf getað hreyft hægri handlegginn. Þá hafi hún haft sár á vinstra hné. Þá hafi hún upplifað sársauka við að hreyfa hálsinn. Röntgen- og tölvusneiðmyndir hafi ekki gefið neitt til kynna.

Aðspurð um hvort hún geti staðfest að í sjúkraskránni komi fram sá texti að brotþoli hafi ekki misst meðvitund við atvikið 16. október 2024 greindi læknirinn frá því að samkvæmt frásögn brotþola, sem skráð væri í sjúkraskrána, hafi hún ekki á neinum tímapunkti misst meðvitund, en hún hafi einnig sagst ekki muna allt frá atvikinu. Læknirinn hafi einungis verið með brotþola á bráðamóttökunni og hún hafi ekki misst meðvitund á leiðinni í sjúkrabílnum frá [...] á bráðamóttökuna. Læknirinn kvaðst ekki geta staðfest nánar hvort brotþoli hefði misst meðvitund við atvikið eða ekki, hún hafi bara orð brotþola fyrir því að svo hafi ekki verið. Nánar aðspurð um hvað brotþoli hafi sagt vitninu um ástand sitt við þá árás þegar þrengt hafi verið að hálsi brotþola greindi læknirinn meðal annars svo frá að brotþoli hafi sagt ákærða hafa notað járnstykki til að kyrkja hana. Eftir að árásin hafi verið yfirstaðin hafi vinkona hennar komið að. Eftir það hafi brotþoli ekki munað mikið eftir því hvað gerst hafi. Kvaðst hún ekki geta sagt nákvæmlega frá því sem brotþoli hafi greint henni frá um ástand hennar á meðan ákærði hafi haft járnstykkið upp að hálsi brotþola. Spurð á ný hvort brotþoli hafi sagt lækninum frá því að hún hafi ekki misst meðvitund þegar ákærði hafi reynt að kyrkja hana greindi læknirinn frá því að hún myndi það ekki. Hún myndi að brotþoli hefði sagt að hún myndi ekki allt eftir að vinkona hennar hefði komið að henni. Aðspurð um hvort það standi í skráningunni að brotþoli hafi ekki misst meðvitund, þá kvað læknirinn það standa í sjúkraskráningunni.

Læknirinn M greindi fyrir dómi frá áverkavottorði, dags. 22. október 2024, sem hann staðfesti að hafa ritað ásamt heilbrigðisgagnafræðingnum Þ vegna komu brotþola A [...] aðfaranótt 17. október 2024. Í máli hans kom meðal annars fram að vottorðið varðaði

[...] ára gamla konu sem á hefði verið ráðist nærri [...]. Hún hafi komið á sjúkrahúsið vegna áverka. Engin brot hafi komið fram og engir stærri áverkar við fyrstu skoðun, en talsverð hreyfiskoðun í öxl og olnboga hægra megin. Uppvinnsla í kjölfarið hafi sýnt bólgur í kringum hálstaugar sem valdið hafi þessum áhrifum niður í handlegg, doðatilfinningu og hreyfiskerðingu. Þetta hafi verið byrjað að ganga til baka í legu fyrir heimför, en hún hafi í kjölfarið þurft að fara í taugalínurit hjá taugalækni til eftirfylgni. Aðspurður um það sem fram komi í vottorðinu, að brotþoli hafi ekki misst meðvitund og við hvað væri átt, kvaðst hann mega skilja þetta þannig að hún hefði ekki misst meðvitund eftir atvikið. Þetta séu upplýsingar úr „sögutöku“ á bráðamóttöku.

Réttarlæknirinn O greindi við aðalmeðferð málsins frá réttarlæknisfræðilegri matsgerð sinni varðandi brotþola A sem hann staðfesti að hafa unnið. Beðinn um að gera grein fyrir helstu niðurstöður matsgerðarinnar kvað hann markverðasta áverka á hálsi, bæði grunnar og djúpar blæðingar, sem ætla mætti að væru tilkomnir eftir þrýsting á hálsinn, líklega beggja vegna frá. Meiri kraftur hafi komið til hægra megin á hálsinn sem samræmist því að járnteini hafi verið þrýst að hálsinum af nokkrum krafti og í drjúga stund því brotþoli hafi fengið blóðflæðitruflun upp í höfuðið, sem sjáist á þeim punktblæðingum sem komið hafi fram. Sár í lófa virðist vera í dýpra lagi og það passi við högg á odd þessa teins sem um ræðir, í öllu falli við einhvers konar steyt á eitthvað útstandandi eða oddmjótt. Einnig sjáist húðblæðingar á öðrum líkamshlutum, svo sem hægri framhandlegg og hægri öxl, vinstri öxl, lærunum og vinstri fótlegg og rakti læknirinn að slíkir áverkar samræmdust því að veist hefði verið að manneskju, hvort sem væri með höggum eða tókum. Svo væru einnig skrámur á hné og læri. Sumir áverkanna á líkamanum fyrir neðan háls gætu skýrst af brambolti eða eigin falli á gólf eða undirlag. Þetta séu áverkarnir í meginatriðum og tilurð þeirra.

Nánar aðspurður um dílablæðingar eða punktblæðingar í andliti og það að til að slíkar blæðingar kæmu fram þyrfti að hindra blóðflæði í drjúga stund greindi læknirinn frá því að erfitt væri að segja hversu lengi svo þyrfti að vera. Menn þori að segja lengur en örfá augnablik. Ekki sé til góð rannsókn á svona löguðu, en að lágmarki megi ætla að um 15 sekúndur þurfi til þess að punktblæðingar byrji að blómstra svona almennilega út. Hann kvaðst ekki geta staðfest að brotþoli hafi verið sett í lífshættulegt ástand, en ef krafturinn sem virki á hálsinn hafi truflað meðvitund, þá sé litið svo á að áhrifin á heilann séu komin á það stig að það sé nægilega nærri truflun á heilanum og nærri dauða til að það teljist

lífshættulegt. Hins vegar séu engar aðferðir til að staðfesta meðvitundarstigið og hvernig það hafi verið á þessari stundu. Áverkarnir vitni þó um að beitt hafi verið þónokkrum krafti og að þónokkuð hafi gengið þarna á.

Geðlæknirinn Ó gerði við aðalmeðferð málsins grein fyrir niðurstöðum tveggja matsgerða, dags. 15. nóvember 2024 og 3. febrúar 2025, sem hann vann um geðheilbrigði ákærða og svaraði spurningum. Staðfesti hann að hafa unnið þessar matsgerðir. Hann rakti sögu ákærða eins og hann þekkti til hennar og þar af meðal annars um frásögn ákærða vegna [...]. Þegar [...] hafi ákærði farið að endurupplifa erfiðleika sem hann hafi áður átt í. Þeir erfiðleikar hafi komið niður á sambandi hans við brotþola og hann fengið endurtekin einkenni [...], hann hafi fengið endurupplifanir. Þetta hafi háð honum í samskiptum við hans nánustu, en brotþoli hafi talið þessa erfiðleika hafi verið byrjaða fyrir [...]. Erfiðleikar á milli þeirra tveggja hafi haft vaxandi áhrif á samband hans við brotþola. Þau hafi ætlað að skilja að skiptum, en ekki verið almennilega búin að ganga frá því. Þá rakti hann einnig þær upplýsingar sem hann hafi haft um samskipti ákærða og brotþola í aðdraganda atvika í október 2024 og skýrði þar á meðal frá samskiptum brotþola við C og afbrýðisemi ákærða og þær upplýsingar sem hann hafi haft um atburðarásina 16. október 2024, meðal annars úr gögnum lögreglu. Ákærði hafi greint svo frá að árásin hafi hafist eftir að sambandi þeirra var lokið og að brotþoli hafi tjáð ákærða að annar maður myndi sjá um uppeldi sameiginlegs sonar þeirra. Við það hafi ákærði sagst hafa orðið hamslaus af reiði og ráðist að brotþola.

Hvað sakhæfismat geðlæknisins varði greindi hann frá því að ákærði kvæðist ekki muna atburðarásina inni í skemmumni, hann hafi ekki getað greint frá einu eða neinu. Nokkrar skýringar geti verið þar á. Í fyrsta lagi að hann hafi verið undir áhrifum efna, en svo hafi ekki verið. Í öðru lagi að hann sé að gera sér upp þetta minnisleysi, en þriðji möguleikinn, sem sé langlíklegastur, sé svokallað hugrof. Hugrof geti komið til undir miklu álagi og oft tengt [...], og kvað læknirinn telja það ástæðuna fyrir minnisleysinu. Hans niðurstaða væri á hinn bóginn sú að það ástand félli ekki undir 15. gr. almennra hegningarlaga. Það byggist á því að hugrof séu varnarhættir sálarinnar gegn skelfilegum atburðum. Menn verði kannski hams- og stjórnlausir á meðan, en ekkert í sögu ákærða í þessi skipti sem læknirinn hafi talað við hann gefi til til kynna geðrof, truflanir á hugsun eða ofskynjanir sem tengist því geðveikishugtaki sem talað sé um í lagaákvæðinu. Að hans mati falli hugrof ekki þar undir. Aðspurður um hvort ástandið gæti ekki fallið undir

rænskerðingu kvað geðlæknirinn hugrof ekki falla þar undir eða undir annað samsvarandi ástand. Þá greindi geðlæknirinn frá því að hans mat væri að ekki væri útilokað að refsing gæti borið árangur.

Aðspurður kvaðst geðlæknirinn ekki hafa tekið það með í reikninginn hvort háþrýstingur gæti hafa haft áhrif á ákærða 16. október 2024. Það hafi komið upp síðar þegar hann hafi dvalið í fangelsinu á Hólmsheiði. Háþrýstingur hafi ekki komið til álita að hans mati. Þegar borin voru undir geðlækninn þau mæligildi sem fyrir lægju um blóðþrýsting ákærða og hvort líklegt væri að þau hefðu áhrif á hans vitrænu getu eða gætu ýtt undir hans geðrænu einkenni kvaðst geðlæknirinn telja líklegra að ástandið væri á hinn veginn. Ákærði hafi verið í andlegu uppnámi þegar hann hafi komið [...] og upplifað þar endurtekin vanlíðunarköst. Líklegra væri að það ástand hafi ýtt undir hinn hækkaða blóðþrýsting en ekki öfugt. Þá var læknirinn spurður að því, ef gefa mætti sér að ákærði hefði haft háþrýsting 16. október 2024, hvort það ástand gæti hafa haft áhrif á vitræna getu eða ýtt undir geðræn einkenni ákærða og kvað geðlæknirinn það ólíklegt en hann hefði ekki spáð sérstaklega í það. Ekkert bendi í sjálfu sér til þess að hann hafi haft það háan blóðþrýsting í október 2024 að það hefði getað valdið slíkum einkennum, því þau einkenni hafi komið til í framhaldi af versnandi líðan með mikilli reiði og afbrýðisemi gagnvart brotaþola. Aftur á móti viti geðlæknirinn ekki hve mikill þrýstingur ákærða hafi verið.

Loks greindi geðlæknirinn frá því að hafa komist að sömu niðurstöðum í matsgerðinni 3. febrúar 2025, en ákærði hefði að vísu ekki lýst minnisleysi vegna atvikanna tveggja í nóvember 2023 og atviksins 13. október 2024. Greindi matsmaðurinn frá því að telja hvorki 15. né 16. gr. almennra hegningarlaga eiga við um ákærða vegna þeirra brota, sbr. 1. tl. I. kafla ákæru og II. og III. kafla ákæru.

P geðlæknir gerði við aðalmeðferð málsins grein fyrir yfirmatsgerð, dags. 8. apríl 2025, sem hún vann ásamt Q um geðheilbrigði ákærða og svaraði spurningum. Hún staðfesti að hafa unnið yfirmatsgerðina og skrifað undir hana. Greindi hún frá því að þau yfirmatsmennirnir hefðu hitt ákærða nokkuð oft og farið fremur ítarlega í gegnum hans lífssögu, áfallasögu, sögu hans [...] og ekki síst þá konu sem sé brotaþoli í málinu. Einnig hafi þau metið mörg geðræn einkenni ákærða og átt mörg samtöl við hann. Niðurstaða þeirra sé sú að hann glími við [...], en jafnframt að hann sé sakhæfur. Hvorki 15. né 16.

gr. almennra hegningarlaga eigi við í málinu og ákærði sé að jafnaði ekki hættulegur öðru fólki. [...]. Til lengri tíma sé hann [...] og þurfi stuðning og meðferð.

Sakhæfismatið kvað hún byggjast á því að hann sé ekki með einkenni geðrofs eins og það sé skilgreint, þótt hann kalli það sjálfur geðrof þegar hann detti út á einhvern hátt. Það sé ekki geðrof samkvæmt þeirri geðlæknisfræðilegu skilgreiningu að vera stjórnað af einhvers konar ranghugmyndum eða ofskynjunum, hann hafi engin slík einkenni. Hann lýsi því að upplifa óminni og aftengist því sem gerist í kringum hann, en það sé ekki að mati yfirmatsmanna nægilegt til að hann teljist ósakhæfur. Þau hafi heldur ekki talið ákærða rænu- eða meðvitundarskertan á þessum tíma, hann hafi verið með meðvitund. Greinilegt sé að ákærði muni ákveðin atriði þó að hann muni ekki skýrt í hvaða röð atvik hafi átt sér stað. Svo sé líka erfitt að meta þetta þar sem hann hafi lesið gögn í málinu. Hann lýsi þó sjálfur að þetta sé óskýrt en hann muni eitthvað, þannig að hann hafi minni af atburðum sem hann sjái fyrir sér, muni eftir að hafa komið á staðinn og heyrt ákveðna hluti. Svo lýsi hann því að það verði allt svart en svo séu glefsur sem hann kannist við.

Aðspurð hvort þau hafi tekið til úrlausnar hvaða áhrif háþrýstingur gæti hafa haft á andlegt ástand ákærða á verknaðarstundu kvað hún þau ekki hafa tekið það sérstaklega til skoðunar. Aðspurð út í þau gildi blóðþrýstings sem ákærði hafi haft þegar hann hafi komið til innlagnar á geðdeild, og hvort henni þyki líklegt að slíkur þrýstingur hafi getað valdið geðrænum einkennum hjá ákærða, greindi hún frá því að slíkur þrýstingur gæti hafa haft áhrif á þann höfuðverk sem ákærði hafi lýst, sem aftur gæti hafa haft áhrif á andlega líðan. Það hafi á hinn bóginn ekki getað verið úrslitabáttur. Aðspurð um hvort háþrýstingur geti valdið blóðþurrð í heila kvaðst hún ekki vita til þess, en hann geti valdið miklum óþægindum, svima og vanlíðan í kringum það, jafnvægisleysi o.s.frv. Hún sé hinn bóginn ekki viss um að háþrýstingur geti valdið blóðþurrð. Hann geti haft áhrif á hjarta og æðakerfi en hún sé ekki sérfræðingur á því sviði.

Q geðlæknir gerði fyrir dómi einnig grein fyrir yfirmatsgerðinni, dags. 8. apríl 2025, sem hann vann ásamt P geðlækni og svaraði spurningum. Hann greindi frá því að rannsókn þeirra hafi miðast við þær spurningar sem fyrir þau hafi verið lagðar. Til að svara þeim telji yfirmatsmennirnir ákærða sakhæfan, bæði samkvæmt 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Þau hafi farið mjög ítarlega yfir málið og rætt oft við ákærða. Árásin 16. október 2024 sé meginmálið, þ.e. þegar hann hafi misst sig og ráðist að brotaþola. Þar

lýsi hann gloppóttu minni, en þau telji ákærða hafa hlotið að vita hvað hann væri að gera. Ljóst sé að hann hafi misst sig í bræði og tilfinningalegu uppnámi yfir því sem gerst hafi. Ekki sé um geðrof, ranghugmyndir eða ruglástand að ræða þegar menn missa sig vegna einhvers sem gerist í aðdragandanum.

Engin spurning sé að þetta hafi haft mjög mikil áhrif á ákærða, hann sjái mikið eftir þessu en muni þetta illa. [...]. Aðalatriðið sé að hann sé ekki með geðrofssjúkdóm, hann sé [...], líði illa yfir stöðu sinni og því sem gerst hafi, þótt hann muni hvorki né skilji hvers vegna hann hafi gert það sem hann hafi gert. Aðspurður um þau orð í yfirmatsgerðinni að engin merki séu um heilasjúkdóm og ekkert styðji óminniseinkenni, þá greindi yfirmatsmaðurinn frá því að þau hefðu engar skýringar sem styðji óminni hans. Búið sé að taka heilamyndir og heilarit. Hann sé andlega miður sín. Menn geti fengið óminnisástand vegna krampa, af lyfjum eða áfengi, en ekkert af þessu eigi við og því sjái þau ekkert sem styðji óminnið. Í öllum viðtölum sé hann vel vakandi og áttaður og minni hans fyrir flestu öðru sé mjög gott, þess vegna segi yfirmatsmennirnir þetta svona.

Aðspurður hvort þau hafi tekið til úrlausnar hvaða áhrif háþrýstingur gæti hafa haft á andlegt ástand ákærða á verknaðarstundu kvaðst hann skilja að vera spurður að þessu. Hann hafi verið greindur síðar, löngu eftir atburð, með háþrýsting í fangelsinu en þau viti ekki nákvæmlega þá atburðarás. Mjög líklegt sé að hann hafi eitthvað verið byrjaður, því háþrýstingur komi ekki til einn, tveir og þrír, en í þeim gögnum sem þau hafi haft hafi þau ekkert séð um hann og erfitt hafi verið að meta þetta. Aðspurður um það ef það hefði verið staðfest að hann hefði verið með háþrýsting á verknaðarstundu og hvaða áhrif það hefði getað haft, þá kvað geðlæknirinn það geta hafa haft þau áhrif að honum hafi líðið illa og haft áhrif á höfuðverkina. Það geti haft einhver áhrif á það að menn séu ekki í eins góðu jafnvægi og þreyttari. Þetta hafi á hinn bóginn verið stígandi, ákærði og brotápoli hafi alltaf verið að ræða hluti og skilja að skiptum. Erfitt sé að taka þetta með sem einhverja útskýringu eina og sér. Aðspurður um hvort svona háþrýstingur geti valdið blóðþurrð í heila greindi geðlæknirinn svo frá að þá þyrfti að koma til blæðing. Þá myndist tappar og engin merki séu um það á heilamyndunum. Aftur á móti geti þetta haft áhrif á líðan manna og gert þá tæpari, en það gefi ekki heilðræna skýringu á öllum atburðinum 16. október 2024.

Aðspurður um hversu líklegt eða ólíklegt sé að ákærði hafi verið í hugrofi á verknaðarstundu 16. október 2024 kvaðst geðlæknirinn ekki telja líklegt að svo hafi

verið. Hugrof sé ekki sambærilegt við ruglástand eða ranghugmyndir eða að hann stýrist af einhverju slíku þó að sumir myndu gefa sér það. Geðlæknirinn kvaðst ekki telja að svo hafi verið, en ákærði hafi verið gríðarlega spenntur og reiður og misst stjórn á tilfinningum sínum. Undirliggjandi sé að hann sé [...], en hugrof geti ekki útskýrt þennan verknað.

Aðspurður um skýringar á atvikinu 13. október 2024 segi ákærði brotaþola hafa ráðist á hann. Þetta sé orð gegn orði og meira geti geðlæknirinn ekki sagt um það. Ákærði viðurkenni ekki að hafa ráðist á brotaþola, segir að hún hafi fremur ráðist á hann í það skipti. Hann viðurkenni á hinn bóginn að hafa ráðist á brotaþola 16. október 2024. Aðspurður kvað hann ályktanir yfirmatsmannanna um 15. og 16., 62. og 63. gr. almennra hegningarlaga eiga við um öll tilvik, þ.e. sakargiftir 20. nóvember 2023, 24. þess mánaðar, sem og um atvik 13. og 16. október 2024, sbr. 1. tl. I. kafla ákæru og II. og III. kafla ákæru. Staðfesti geðlæknirinn einnig að hafa unnið yfirmatsgerðina, dags. 8. apríl 2025, ásamt geðlæknum P og undirritun sína á hana.

Geðlæknirinn N, sem meðal annars annaðist ákærða [...] er hann var úrskurðaður til vistunar á sjúkrahúsi í október 2024, staðfesti fyrir dómi vottorð sem hún hafði ritað um ákærða, dags. 23. október 2024, og það sem þar kæmi fram. Hún kvað ákærða ekki hafa fengið óminnisköst á meðan á þeirri dvöl hafi staðið, en hann hafi nokkrum sinnum fengið kvíðaköst þar sem hann hafi upplifað [...]. Hann hafi fengið kennslu í að jarðtengja sig til að koma í veg fyrir þessi köst og hafi stundum náð að stöðva þau. Líklega hafi það haft þau áhrif að hann hafi ekki farið í óminnisköst. Óminnisköst og endurupplifanir séu aftur á móti vel þekkt fyrirbæri hjá einstaklingum með [...]. Þá greindi geðlæknirinn sömuleiðis að öðru leyti frá heilsufari ákærða á meðan á dvöl hans [...] hafi staðið. Hún haldi að hann hafi verið með háþrýsting þegar hann hafi verið þar inni, en ekki verið greindur áður. Hann hafi ekki verið á blóðþrýstingslyfjum á meðan á dvöl hans hafi staðið, en verið með vægan háþrýsting. Þá ræddi hún sömuleiðis nánar um lyfjanotkun ákærða og gildi vegna háþrýstings hans. Ein stök mæling hafi gefið hæsta gildið, en annars hafi þær verið nokkuð ásættanlegar.

Geðlæknirinn J, [...], staðfesti fyrir dómi að hafa ritað vottorð um andleg ástand ákærða, dags. 28. apríl 2025. Hún bar meðal annars um þá meðferð sem ákærði hefði fengið [...] fyrstu tvo til þrjá mánuðina eftir að gæsluvarðhaldsvist hans hafi hafist. Unnið hafi verið

að því að ná líðan hans stöðugri, því hann hafi verið mjög lasinn og þurft mikið af lyfjum til að byrja með. Hann hafi fengið viðtöl og nú þegar honum sé farið að líða betur hafi farið fram úrvinnsla á áföllum sem hann hafi greint frá. Hann hafi meðal annars einnig tekið þátt í stuðningshópi og lagt stund á slökunaræfingar og reynt að ná betri líðan. Í dag sé hann kominn í betra jafnvægi en engin dýpri vinna hafi farið fram. Hún kvað ákærða hafa greint sér frá [...]. Hann hafi eftir það upplifað [...]. Árið 2021 eða 2022 hafi þessi köst byrjað aftur eftir [...]. Það hafi „triggerað“ gömul áföll [...].

Þá hafi þau rætt atvikin [...], þar á meðal að hann hafi upplifað mikla reiði og farið í „blackout“. Aðeins minningaslitrur hafi komið þannig að hann hafi ekki getað gefið samfellda sögu af því sem gerst hafi og því sem á eftir hafi komið. Hún hafi metið þá frásögn þannig að ákærði glími við [...] þar sem fólk upplifi mikla vangetu til að stjórna tilfinningum og geti upplifað óminni. Það sé kallað hugrof, það hreinlega slokkni á stöðvum í heilanum sem meðtaki ekki það sem gerist í núinu. Hugrof geti komið til undir miklu álagi. Ákærði hafi verið trúverðugur í lýsingum við geðlækninn. Þá greindi hún frá því að umfjöllun í vottorðinu, um hækkaðan blóðþrýsting og tímabundna blóðþurrð í heila sem geti hafi hrif á meðvitundarástand, væri „spekúlasjónir“, en hún hafi ekkert meira fyrir sér í þeim. Það hafi tekið lækna [...] þónokkrar vikur að ná blóðþrýstingi ákærða niður. Á meðan hafi andleg vanlíðan verið mikil. Þau hafi grunað að hinn háí blóðþrýstingur hafi getað verið til staðar í tvö til þrjú ár. Þetta sé einn þáttur en ekki rót vanda líðanar ákærða. Þá rakti hún nánar vangaveltur um hugrof og háan blóðþrýsting. Hún taldi víst að hár blóðþrýstingur hefði ýtt undir [...], en ekki sé unnt að vita hvort hafi komið á undan, hinn háí blóðþrýstingur eða ástand ákærða.

Ákærði sé ekki búinn að fara í áfallameðferð [...], en hafi verið búinn að sækja einhverja aðra meðferð sem hafi ekki skilað nægum árangri. Ætlunin sé að bíða eftir að málinu ljúki svo ákærði geti komist í betra jafnvægi, en þá sé unnt að bjóða honum meira krefjandi meðferð. Þá ræddi hún einnig nánar vilja ákærða til að takast á við sinn vanda og mögulegar bjargir þegar hann missti stjórn á sér. Þau tvö hafi rætt mörg erfið mál og honum líði vel í því umhverfi sem hann sé búinn að vera í. Hann fái mikinn stuðning og ekkert slæmt geti gerst þótt hann lendi í hugrofi.

R sálfræðingur bar um andlega líðan brotaþola A fyrir dómi. Hún staðfesti að hafa ritað sálfræðivottorð, dags. 28. mars 2025, sem lyti að líðan brotaþola og hvernig hún hefði breyst. Hún greindi frá því að brotaþoli hefði leitað til hennar í nóvember árið 2022 og

væri enn í meðferð hjá sér, sem ekki væri fyrirséð hvenær lyki. Þær hafi hist 23 sinnum, þar af í 10 tilvikum frá október 2024. Upphaflega hafi brotþoli leitað til hennar sem sálfræðings til að vinna að betri líðan. Í upphafi hafi líðan hennar verið nokkuð góð en versnað eftir því sem á hafi liðið. Sálfræðingurinn hafi greint mun á andlegri heilsu brotþola fyrir og eftir atvik í október 2024 og að brotþoli fyndi fyrir víðtækum og djúpstæðum áhrifum. Hún reyni að forðast hugsanir sem tengist áfallinu. Munurinn á brotþola eftir október 2024 felist í greinilegum [...]. Þegar hún hafi komið til hennar í upphafi hafi hún talað um þá erfiðleika að maka hennar liði ekki vel. Hún hafi ekki búist við að neitt myndi gerast, en þegar á hafi liðið hafi hún orðið hræddari og stöðugt tiplað á tánum. Henni hafi fundist hún þurfa að halda öllu góðu, einnig barnanna vegna. Sálfræðingurinn hafi ekki grunað ofbeldi í sambandinu, en brotþola hafi fundist það vera á hennar ábyrgð að hafa alla hluti góða, að það væri í hennar höndum að allt gengi upp. Haustið 2023 hafi hún séð að sambandið gengi ekki, hún hafi upplifað að hann væri að ýta sér í burtu og upplifað óvissu í sambandinu.

Eftir október 2024 sýni hún meiri [...]. Henni finnist hlutirnir vera óréttlátir og sýni leiða yfir að þetta hafi þurft að gerast. Brotþoli sé nú greind [...], nýjasta greiningin sé frá febrúar 2025, en hafi ekki greinst [...] í nóvember 2022. Þá hafi hún heldur ekki mælst [...]. Þá rakti sálfræðingurinn nánar kvarða til mælinga á andlegri heilsu brotþola, sem vörðuðu [...]. Sálfræðingurinn kvaðst telja orsakatengsl milli [...] og atvikanna í október síðastliðnum. Brotþoli endurupplifi atvikin og forðist það sem minnt geti á þau, sem sé erfitt þar sem hún búi á staðnum. Sálfræðingurinn kvaðst telja að brotþoli geti alltaf sýnt einkenni [...], en muni geta lifað með þeim. Fram undan væri áframhaldandi meðferð og sjálfsvinna. [...]. Ekki sé orðið tímabært af hálfu brotþola að [...] þar sem hún upplifi sig enn ekki örugga.

II. kafli ákæru, atvik 24. nóvember 2023.

Ákærði neitaði því við aðalmeðferð málsins að hafa slegið brotþola B ítrekað í andlit og líkama, meðal annars með áldós. Þá neitaði hann einnig að hafa sparkað ítrekað í bók hans. Greinargerð sem hann hafi skrifað og afhent lögreglu á rannsóknarstigi sé mjög skýr um hvað gerst hafi, B hafi veist að ákærða með hækju, en ekki öfugt. Þegar B hafi komið að húsinu hafi ákærði verið að koma sér út. Kvaðst ákærði sekur um að hafa brotið upp hurð, hann hafi verið að sækja muni sem hann hafi átt í húsnæðinu, en búið hafi verið að skipta um sílindera á neðri hæð hússins. Því hafi hann brotið hurðina upp. Kvaðst

ákærða minna að hann hafi haldið á borvél í fanginu er brotþoli hafi komið að. Hann hafi ýtt í brjóstkassa ákærða með hækju og spurt hvern djöfulinn það eigi að þýða að hafa brotið hurðina upp. Ákærði hafi nær dottið vegna þessa, en lagt borvélinu á kerru. Er brotþoli hafi aftur ýtt í hann með hækjunni hafi ákærði ýtt til baka með því að taka í hækjuna og brotþoli látið sig detta milli bílsins og kerrunnar. Kvaðst ákærði hafa reynt að toga brotþola upp, en þá hafi hann byrjað að láta eins og ákærði hefði slegið hann. Engir aðrir hafi verið viðstaddir þegar þetta hafi gerst, en S, vinur brotþola, hafi komið akandi að þegar brotþoli hafi labbað í bílinn sinn. Kvað ákærði S búa í næstu götu og hafa spjallað við brotþola, báðir með rúður bíla sinna skrúfaðar niður. Ákærði hafi labbað til þeirra og sagt honum að drulla sér burtu.

Aðspurður um hvort ákærði hefði skýringar á þeim áverkum sem verið hefðu á brotþola B kvaðst ákærði viðurkenna að hafa ýtt við hækjunni hans en það hafi ekki verið af gríðarlegu afli, en brotþoli hafi sem fyrr segir látið sig detta á milli bíls og kerru. Kvað ákærði ekki rétt að áverkarnir hefðu verið á brotþola þegar hann hefði farið frá honum. Hann kvaðst 100% á því að svo hefði ekki verið, en hann hafi fengið einhverja áverka þegar hann hafi lent á milli bíls og kerru.

Aðspurður um það sem hann sjálfur hefði borið um í skýrslu hjá lögreglu, að hafa slegið brotþola í andlitið með áldós og að honum væri illt í hendinni eftir það, kvað ákærði það geta verið að það hefði verið áldós á pallinum og hann hefði ætlað að fá sér sopa eða eitthvað og tekið upp þessa áldós, en hann muni þetta ekki alveg þar sem langt sé um liðið. Kvaðst hann þannig ekki muna eftir þeim framburði sínum hjá lögreglu að hafa haldið á áldós og slegið manninn í andlitið. Aðspurður um hvort hann teldi framburð sinn hjá lögreglu réttan kvað hann framburðinn vera frá þessum tíma. Hann vísi í sína greinargerð og skýrslur, „það er rétt og þessi átök okkar á milli“, en hann hafi aldrei ráðist eða veist að brotþola með einhverjum ógnvænlegum hætti eins og brotþoli lýsi. Málið hafi aldrei verið rannsakað til hlítar.

Nánar aðspurður um þessi atvik kvaðst ákærði muna það þegar þetta væri rifjað upp fyrir honum að þetta hefði verið svar við því að ákærði hafi ýtt hækjunni í brjóstkassa hans og ögrað honum. Verið geti að áldósin hafi farið í andlitið á honum en þessir áverkar hafi ekki verið á honum, ekki nema brotþoli hafi búið þá til sjálfur. Hann hafi verið með allar tennur uppi í sér, en ekki viljað að ákærði drægi sig á fætur. Ákærði hafi þá bara sagt brotþola að standa upp sjálfur og drulla sér burtu á meðan ákærði tæki dótið sitt.

Hann hafi ekki verið í óminnisástandi á þessum tíma. Kvaðst ákærði skjóta á að þessi atvik hafi gerst á um fimm til tíu mínútum, á mjög stuttum tíma.

Lögreglumaður CC ritaði frumskýrslu vegna atvika 24. nóvember sem hann staðfesti fyrir dómi. Þar greindi hann frá útkalli fyrir klukkan átta að morgni, hann hafi verið á bakvakt, farið beint á vettvang og hafi mætt þangað nokkrum mínútum síðar. Þá hafi brotþoli B verið farinn af vettvangi en ákærði verið þar einn. Þeir hafi rætt þar saman og svo farið á lögreglustöð.

Því næst hafi lögreglumaðurinn farið ásamt öðrum lögreglumanni að heimili brotþola og rætt þar við hann. Brotþoli hafi lýst atvikum þannig að hann hafi verið í framkvæmdum heima hjá sér og komið á vettvang til að sækja eitthvað. Hann hafi komið við á neðri hæðinni þar sem búið hafi verið að brjótast inn og eyðileggja hurðina. Hann hafi því farið upp fyrir hús þar sem ákærði hafi verið að tæma aðstöðu sem hann hafi haft hjá brotþola og spurt „var þetta nú ekki óþarfi?“. Þá hafi orðið einhver orðaskipti og ákærði ráðist á brotþolann. Hann hafi talað um að ákærði hafi slegið til sín með plasthólk, einnig með járnprófil og rafmagnsborvél. Ákærði hafi lamið brotþola svo hann hafi dottið niður á beisli á kerru sem ákærði hafi verið með. Ákærði hafi svo rifið hann upp og brotþoli þá farið í jörðina. Þá hafi ákærði farið að sparka í hann.

Lögreglumaðurinn kvaðst hafa séð áverka á brotþola, að því er hann minni á gagnauga, vörin hafi verið sködduð, einnig áverka á hné. Einhverjir fleiri áverkar hafi verið sem hann muni þó ekki eftir. Hann kvaðst þó ekki þora að fullyrða að hann hafi séð þessa áverka strax. Hann hafi séð þó séð þessa áverka og myndað þá heima hjá brotþola. Einhverjir frekari áverkar hafi komið fram við skoðun hjá lækni.

Við aðalmeðferð málsins greindi S frá því að 24. nóvember 2023 hafi hann verið heima hjá sér rétt hjá vettvangi og orðið var við læti. Hann hafi farið á vettvang, því hann hafi þekkt til ástands brotþola B, og skakkað leikinn. Brotþoli hafi ekki verið í ástandi til að standa í slagsmálum. Vitnið hafi séð ákærða berja brotþola þegar hann hafi horft út um stofugluggann heima hjá sér og séð hann sparka í brotþola. Hann hafi séð sparkið undir bílinn þegar hann hafi verið á leiðinni á staðinn. Ákærði hafi slegið brotþola á kjamman og brotið í honum neðri góminn og sparkað í hann í kjölfarið. Ákærði hafi stoppað þegar vitnið hafi mætt á staðinn. S hafi beðið brotþola að fara, sem hann hafi gert. Brotþoli, sem þá hafi staðið við bílinn sinn, hafi þannig farið upp í bílinn eftir að

vitnið kom á staðinn. Ákærði hafi lesið S einhver orð en þá hafi lögregla komið og „skakkað þetta“. Þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi brotþoli verið að fara eða verið farinn. Hann hafi séð ákærða slá brotþola einu höggi og sparka einu sinni í brotþola, en kvaðst ekki hafa séð hvar ákærði hafi sparkað í hann. Hann kvaðst þó vita til þess að brotþoli hafi rifbeinsbrotnað. Hann kvaðst hafa rætt við brotþola eftir þetta og hann hafi lýst þessu fyrir honum. Hann hafi séð áverka í andliti brotþola. Þá kvaðst hann hafa séð áverka á brotþola heima hjá brotþola síðar sama dag. Það hafi verið eftir að hann hafi farið í skýrslutöku. Áverkarnir hafi verið í andliti og þá hafi brotþoli sýnt honum brotinn góm. Brotþoli hafi einnig greint S frá því að hann væri rifbeinsbrotninn.

S kvaðst hafa þekkt brotþola B mjög vel, þeir hafi verið vinir og eiginlega alist upp saman. Hann kvaðst ekki þekkja ákærða, en hafa umgengist hann. Engin óvild hafi verið milli þeirra. Hann kvaðst vita til þess að brotþoli hafi notað lyf á þessum tíma, en viti ekki hvaða lyf það hafi verið. Hann kvaðst þó telja að þetta hljóti að hafa verið verkjalyf. Hann kvaðst ekki oft hafa séð brotþola undir áhrifum.

Lögreglumaður EE kvaðst hafa verið staddur í stofunni heima hjá sér [...] 24. nóvember 2023. Konan hans hafi hringt í hann þar sem hún hafi orðið vör við einhver læti. Hann hafi séð út um gluggann að einhver væri „niður frá“ í [...] og hafi séð ákærða þar, en ekki spáð meira í það þar sem ákærði hafi verið með fyrirtæki þarna. Stofuglugginn vísi þarna beint að. Svo hafi hann heyrt öskur og læti og sýnst ákærði vera að sparka í eitthvað, en ekki séð í hvað. Hann hafi séð slíka hreyfingu. Stuttu síðar hafi hann séð brotþola B rísa upp á þessum stað þar sem ákærði hafi verið að sparka, en geti ekki sagt hvað hann hafi verið að gera eða hvort sparkað hafi verið í brotþola. Það sé aðeins brekka fyrir þannig að hann hafi bara séð í efri búkinn. Kvaðst hann svo hafa hringt á neyðarlínuna og sagt frá þessu. Hann hafi séð ákærða fara eitthvað inn og aftur út og stuttu síðar hafi S komið að og þá hafi brotþoli farið inn í bílinn sinn. Ákærði og S hafi skipst á einhverjum orðum.

Læknirinn T staðfesti fyrir dómi að hafa ritað áverkavottorð, dags. 9. janúar 2024, en greindi frá því að hafa ekki hitt brotþola B. Teknar hafi verið myndir af brotþola. Samkvæmt vottorðinu hafi brotþoli notað [...] vegna verkja, en hafi verið beðinn um að minnka notkun lyfja og nota ekki eins sterkt verkjalyf. Vottorðið byggist á þremur samtölum brotþola við lækna. Fyrsta samtalið, 24. nóvember 2023, lúti að árás sem

hann hafi orðið fyrir og greint sé frá því hvernig það hafi atvikast. Síðari samtölin, 30. nóvember 2023, hafi lotið að því að fylgja þessu eftir. Þar séu verkjalýsingar í kjölfarið á þessum áverkum sem hann hafi orðið fyrir. Samskiptin 19. desember 2023 snúi að ósk brotapolu um sterkari verkjalyf vegna verks í hné í kjölfar árásarinnar. Aðspurður um hvort verið geti að brotapolu hafi fengið verkjalyf vegna slyss sem hann hafi orðið fyrir áður staðfesti læknirinn að brotapolu hafi 22. ágúst 2023 fengið ávísað [...].

III. kafli ákæru, atvik 20. nóvember 2023.

Ákærði kvaðst halda að skotvopnaleyfi hans hefði verið útrunnið þegar lögregla hefði framkvæmt húsleit á heimili hans 20. nóvember 2024 og fundið þar 14 skotvopn. Vopnin hafi ekki öll verið skráð á hann, en tvær haglabyssur hafi verið það, þ.e. Stoeger- og Remington-haglabyssur. Vopnin hafi á þessum tíma ekki verið geymd á viðeigandi hátt eða verið í læstum hirslum. Auk þessara tveggja vopna hafi ákærði verið með eitt bilað vopn í viðgerð, en hin vopnin hafi hann erft eftir FF. Mörg þeirra hafi verið óvirk og hann hafi verið að dunda sér við að gera þau upp og laga. Hann hafi verið að vinna að því að fá vopnin skráð á sig, en það hafi tekið gríðarlega langan tíma að afla upplýsinga um þau og að fá skotvopnaleyfi. Hann hafi þrívægis verið búinn að eiga í samskiptum við BB yfirlögregluþjón [...] um aðstoð við þetta, sem hafi á endanum tjáð sér að það væri breytt snið á þessu og að ákærði þyrfti „að fara með þetta suður í Reykjavík“. Lögregla hafi vitað af vopnum þarna á heimilinu, sem hann hafi verið búinn að sækja og fara með á [...]. Fjögur þeirra hafi hangið uppi á vegg sem punt, óvirk, ein byssan hafi verið í viðgerð niðri í geymslu, en hin vopnin hafi legið eða hangið á vegg í þvottahúsi. Vopnin hafi í raun ekki átt að vera þar heldur [...] í læstum byssuskáp sem þau hafi áður verið í. Skotfærin hafi verið geymd í lokuðum skáp en magasín verið geymd á öðrum stað í húsinu. Lögregla hafi ekki tekið magasínin heldur bara óvirk skotvopn og skot sem fundist hafi í læstum skáp. Hann hafi vitað að þetta gæti verið í ólagi og reynt að koma þessu í lag, en bara fengið mjög óljós svör. Lögregla hafi aldrei gert neinar athugasemdir þrátt fyrir að hafa komið margoft á heimilið af ýmsu nánar tilgreindu tilefni og vitað af vopnunum þar, komið inn í þvottahús og stofu, séð byssurnar og ekki gert athugasemdir. Það hafi verið lögreglumennirnir BB og CC. Það hafi verið vandamál að skrá vopnin þar sem mæla hafi þurft lengdir og aðgreina að um réttar byssur væri að ræða. Eins hafi hann verið að reyna að endurnýja skotvopnaleyfi sitt þegar hann hafi byrjað að ræða þetta við

BB lögreglumann, sem hann kvað hafa verið tveimur árum áður en vopnin hafi verið tekin.

Lögreglumaður BB greindi frá því við aðalmeðferðina að hafa verið í veikindaleyfi þegar þetta mál hafi komið upp. Honum hafi verið kunnugt um skotvopn á heimili ákærða og átt samskipti við ákærða og A vegna þeirra. Þau hafi ætlað að skrá vopnin á ákærða og leitast eftir því við lögreglu. Það hafi verið einhverjum mánuðum fyrir 20. nóvember 2023, en hann viti ekki hversu löngu áður. Sjálfur hafi lögreglumaðurinn séð tvær til þrjár byssur í þvottahúsi á heimili ákærða. Þá hafi hann einnig vitað af fleiri vopnum á heimilinu, en ekki jafn mörgum og um ræði í málinu, þ.e. 14 byssum. Hann hafi verið að aðstoða ákærða við að koma þessum vopnum á skrá og vitað af því að þau væru ekki rétt vörsluð.

Fyrir dómi greindi *lögreglumaður CC* svo frá að 20. nóvember 2023 hafi hann fengið símtal frá BB, sem verið hafi í veikindaleyfi, um að ákærði væri [...]. Eftir útkall frá neyðarlínu hafi lögreglumaðurinn farið ásamt fleirum að [...]. Hann hafi verið æstur og reiður þegar rætt hafi verið við hann og hann talið marga [...] vera á móti sér sem væru samsekir um að ákærða gengi illa að fá vinnu. [...].

Þá hafi komið fram upplýsingar um skotvopn á heimilinu og því hafi átt að koma aðstoð frá [...] og sérsveit [...]. Sérsveit hafi handtekið ákærða, en vitnið hafi tekið þátt í húsleit á heimili ákærða. Í húsleitinni hafi fundist 14 skotvopn, þar af eitt sundurtekið í viðgerð. Lögreglumaðurinn hafi unnið skýrslu um húsleitina, sem væri meðal málsgagna, og útbúið munaskrá. Staðfesti lögreglumaðurinn vinnslu þessarar skýrslu og það sem þar kæmi fram. Einnig skráningar í munaskrá. Hann kvaðst áður hafa komið á heimili ákærða, bæði sem lögreglumaður og sem gestur. Við þær komur hafi hann séð einhver skotvopn, án þess að vita hvort hann hafi séð öll sem um ræði. Hann hafi séð gamlar byssur sem hann telji að hafi verið ónothæfar, en einhverjar í þvottahúsi. Hann kvaðst þó ekki þora að greina frá frágangi á þeim, en einhverjar hafi verið uppi á vegg. Lögreglumaðurinn kvaðst hafa heyrt af því að ákærði hafi verið búinn að vera í samskiptum við lögreglu um að fá vopn skráð á sig. Það hafi verið eftir að hann hafi séð vopnin er hann hafi komið á heimilið sem gestur.

Lögreglumaður DD ritaði skýrslu vegna aðkomu sérsveitar að handtöku ákærða 20. nóvember 2023. Hann greindi frá því að sérsveit hefði komið akandi [...]. Ákærði hafi komið út úr húsi sínu með semingi [...]. Hann hafi hlýtt fyrir mælum sérsveitar með semingi, en á endanum verið settur í handjárn. Hann hafi í kjölfarið verið afhentur lögreglumönnum á Austurlandi.

U lögmaður greindi frá því fyrir dómi að eftir því sem hann myndi hefði hann verið í samskiptum við ákærða og A á þessum tíma og Ú, [...] lögreglustjórans á Austurlandi, og hafi þau samskipti lotið að því að reyna að ljúka málinu með einhverjum hætti. Ákærði og A hafi verið búin að vera í samskiptum við lögregluna áður en þetta hafi komið upp til að koma lagi á skráningu skotvopna. Skotvopnaleyfi ákærða hafi verið afturkallað á svipuðum tíma og lögmaðurinn verið búinn að mótmæla því. Síðan hafi þetta snúist um að gera sátt og að ákærði myndi greiða sekt. Á sama tíma hafi hann verið að fara til læknis til að fá vottorð sem hafi átt að vera forsenda þess að hann fengi aftur skotvopnaleyfið. Ekki hafi verið gefið loforð um að hann fengi skotvopnin aftur, en rætt hafi verið að það kæmi til álita. Aðkoma lögmannsins að málinu hafi öll verið eftir 20. nóvember 2023, þ.e. eftir að vopnin hafi verið tekin. Muni hann rétt hafi A verið í einhverju sambandi við hann áður, þar sem hún hafi verið reyna fá eitthvert skotvopn skráð á sig sem hún hafi talið sig eiga, en aðallega hafi þetta verið eftir þennan atburð.

IV

Niðurstaða vegna sakargifta samkvæmt I. kafla ákæru:

Við mat á sekt ákærða eða sýknu er í meginatriðum annars vegar til þess að líta að ákærði neitar að hafa viðhaft þá háttsemi sem honum er gefin að sök samkvæmt 1. tl. I. kafla ákæru. Þá ber ákærði ekki brigður á háttsemi sem lýst er 2. tl. I. kafla ákærunnar en hann man ekki eftir þeim, eins og áður er rakið. Um þann hluta málsins hverfast varnir ákærða í aðalatriðum, um að hann hafi verið ófær um að stjórna gerðum sínum þar sem svo hafi verið ástatt fyrir honum sem greini í 15. gr. almennra hegningarlaga. Brot ákærða samkvæmt þessum kafla ákærunnar eru talin varða við 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og að auki er sú háttsemi sem ákærða er gefin að sök í 1. tl. kaflans heimfærð til 199. og 231. gr. sömu laga og háttsemi samkvæmt 2. tl. kaflans talin varða við 211. gr., sbr. 20. gr., sömu laga.

Samkvæmt framburði beggja, ákærða X og brotþola A, kynntust þau árið 2014 og hafa búið saman undanfarin ár að [...]. Þeim ber ekki saman um hvenær ársins 2024 sambandi þeirra og sambúð hafi lokið. Fyrir dómi bar brotþoli um að ákærði hefði flutt að [...], í mars 2024, en ákærði kvað það hafa gerst mun síðar. Allt að einu var sambúð þeirra lokið á þeim tíma sem sakargiftir samkvæmt ákærukafla I taka til. Þau bjuggu saman [...] ásamt sameiginlegum syni þeirra og hálfbróður hans. Kemur því til álita vegna tengsla ákærða og brotþola, að nánari skilyrðum uppfylltum, hvort háttsemi ákærða geti, auk annarra fyrrgreindra hegningarlagaákvæða, varðað við 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga, líkt og saksókn samkvæmt I. kafla ákæru miðar að.

Hvað varðar ætlað húsbrot ákærða samkvæmt *1. tl. I. kafla ákærunnar* er af hálfu dómsins lagt til grundvallar að sönnun hafi tekist fyrir því að ákærði hafi í umrætt sinn komið óboðinn á heimili brotþola. Er þá litið til þess að húsnæðið var ekki lengur heimili hans, heldur einvörðungu brotþola og drengjanna tveggja. Einnig að ákærði bar sjálfur um það fyrir dómi að hafa bankað þegar hann hafi komið að húsinu en ekki verið svarað. Telur dómurinn einkum í þessu ljósi að ákærði hafi ekki haft ástæðu til að ætla að hann hefði heimild til að ganga óboðinn inn í húsnæðið. Er þá og horft til þess að ekki þyki getað breytt væntingum hans að því leyti að hann hafi dagana á undan annast drengina á heimili brotþola þegar hún hafi verið stödd í öðrum landshluta. Þá kemur skýrlega fram á hljóðupptöku af símtali brotþola við neyðarlínu að brotþoli vildi, í kjölfar hins ætlaða kynferðisbrots, að ákærði yfirgæfi heimili hennar, án þess að það hafi gengið vandræðalaust fyrir sig, og gildir í þeim efnum að mati dómsins einu þó svo að brotþoli hafi samþykkt að ræða við ákærða eftir að hann var þegar kominn óboðinn inn í húsnæðið.

Þá er enn fremur til þess að líta að framburður ákærða um að hafa heilsað syni sínum þegar hann kom að [...] þennan dag, oftast en einu sinni er hann hafi farið inn og út úr húsnæðinu til að ná í kvittanir fyrir nærfatakaupum sem hann og brotþoli hafi meðal annars rætt, er í ósamræmi við viðbrögð sonar þeirra samkvæmt fyrrgreindri hljóðupptöku. Þar heyrir sonurinn segja „pabbi, ert þú hér“, en þau viðbrögð drengsins eru í samræmi við frásögn móður hans um að ákærði hafi ekki farið aftur út í bílinn sinn eftir að brotþoli samþykkti að ræða við hann.

Samkvæmt öllu framangreindu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi farið í heimildarleysi inn í hús brotþola og síðan svefnherbergi hennar og ekki yfirgefið heimili hennar þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um, eins og

háttseminni er lýst í ákæru. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot gegn 231. gr. almennra hegningarlaga.

Í samræmi við þetta, en einnig að öðrum atriðum virtum, telur dómurinn ótrúverðuga frásögn ákærða um hvað honum og brotþola fór á milli í svefnherbergi brotþola. Ákærði kvaðst fyrir dómi hafa ætlað að kyssa brotþola A á ennið með því að beygja sig yfir hana þegar hún hafi sparkað honum fram úr rúminu. Hann taldi viðbrögð hennar stafa af samtali þeirra um þvagprufu, kaup á nærfatnaði og ætlaðan óheiðarleika hennar gagnvart honum þar sem þau hafi gert samkomulag um að ætla ekki að vera með öðrum einstaklingum. Viðbrögð brotþola, sem meðal annars birtast á hljóðupptöku hennar við neyðarlínu þar sem hún er í miklu uppnámi, rekur brotþoli til þess að ákærði hafi, þegar hún hafi verið í rúmi sínu, rifið hana úr brók og náttbuxum, reynt að kyssa hana á munninn, þuklað á henni og sleikt á henni andlitið. Við mat á þessum ólíku frásögnum telur dómurinn frásögn brotþola eiga sér mun meiri samsvörun við önnur gögn málsins en frásögn ákærða, og sem því nemur vera trúverðugri um atvik málsins. Ljóst sé af samtali hennar við neyðarlínu að henni er mikið niðri fyrir vegna þess sem hún telur í símtalinu að hafi verið tilraun til nauðgunar. Er hún ber ákærða í símtalinu sökum um að hafa rifið sig úr fötunum heyrst ákærði biðjast afsökunar og, sem fyrir segir, ekki hljóma eins og maður sem sé að kveðja brotþola eða fara vandræðalaust út úr húsi hennar. Þá er sömuleiðis til þess að líta að lögreglumaður BB sem hitti brotþola á heimili hennar síðar um kvöldið, I félagsmálastjóri og C báru öll fyrir dómi um frásögn brotþola af atvikum í nokkru uppnámi vegna þess að ákærði hafi leitað á hana kynferðislega. Verður því framburður brotþola samkvæmt framansögðu, sem er í samræmi við verknaðarlýsingu 1. tl. I. kafla ákæru, látinn ráða úrslitum við sönnunarmatið. Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi með háttsemi sinni sem lýst er í ákæru áreitt A á kynferðislegan máta í umrætt sinn og verður hann því sakfelldur fyrir brot gegn 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í þessum hluta málsins er ekki deilt um sakhæfi ákærða og að því virtu kemur það atriði ekki til umfjöllunar hér.

Hvað 2. tl. I. kafla ákærunnar áhrærir er af hálfu ákærða aðallega á því byggt að hann hafi verið í slíku ástandi á verknaðarstundu að 15. gr. almennra hegningarlaga eigi við um hann og því skuli sé háttsemi hans ekki teljast refsiverð. Ákærði bar um það fyrir dómi að muna einungis slitrótt eftir atvikum 16. október 2024, en kannaðist þó við ýmis tilvik þeirrar atburðarásar sem aðrir skýrslugjafar lýstu fyrir dómi. Samkvæmt framburði

hans við aðalmeðferð kvaðst hann hafi farið að skemmu þeirri sem varð vettvangur atvika eftir að brotþoli sendi honum „fokk-merki“ að heimili hans [...], og þar sem hún hafi hent verðmætum í hans eigu út úr skemmuni. Um þessi atvik eru hann og brotþoli samsaga, en munur er á frásögn þeirra tveggja fyrir dóminum um samtal þeirra eftir að ákærði kom að skemmuni. Þannig kveður ákærði brotþola hafa sagt C munu ala upp son þeirra, en brotþoli kveðst hafa sagt ákærða verða að taka sig taki ef hann ætli að vera fyrsti kostur við hennar hlið að ala upp son þeirra. Bar brotþoli um að í tengslum við samræður þeirra um [...] og aðra muni hafi ákærði, í kjölfar þess að brotþoli hafi haft á orði að þau yrðu að klára þetta, rólegur sem fyrr, sagt „ókei, þá skulum við bara klára þetta“, teygt sig í rúllubaggateininn og ráðist á hana. Bar hún um atlögu hans að því að reyna að stinga hana, að hún hafi öskrað og kallað á hjálp og að hún hafi reynt að verjast með höndunum eins og hún hafi getað. Hann hafi þá sett teininn þversum og hún dottið aftur fyrir sig og lent í gólfinu inni í skemmu. Hann hafi þá farið ofan á hana, sett teininn á háls hennar og byrjað að þrengja að hálsinum og þrengt meira þegar þau tvö hafi rætt hjá hverjum brotþoli hefði sofið. Brotþoli kvaðst ekki vita af hverju ákærði hafi hætt háttsemi sinni, en hún hafi verið farin að detta út og sjá hvítt.

Ákærði kvaðst við aðalmeðferðina á hinn bóginn ekki muna eftir atvikum eftir að brotþoli hafi öskrað á hann að hann fengi ekki að sjá barnið sitt aftur og að C myndi ala hann upp í föður stað. Hann hafi „urlast“ af reiði og muni ekki meir fyrr en hann ranki við sér. Hann kvaðst muna eftir slædsmyndum að sitja ofan á brotþola með járníð á hálsinum á henni og honum finnist hún hafa grátið. Í þessum myndbrotum minni hann að hann hafi hent járnkarlinum til hliðar og sömuleiðis þokukennt eftir að hafa sagt við brotþola „sjáðu hvert þetta hefur leitt okkur, þetta rugl“. Hann kvaðst bara muna í myndbrotum að honum finnist eins og hann hafi staðið upp og labbað út úr skemmuni. Honum finnist eins og hann hafi séð H þar. Sömuleiðis að hafa verið [...] að horfa niður eftir ferð sinni upp eftir, en kvaðst ekki muna hvort það hafi verið í þessari eða annarri ferð. Þá kvaðst hann muna eftir sér á eldhúsgólfinu heima hjá sér [...] og eftir sér að labba á móti lögregluþjóninum. Svo muni hann bara í glefsum leiðina á lögreglustöðina og ranki almennilega við sér í lögreglubíl á leið til [...], en eftir það hafi hann verið með fullri meðvitund.

Að virtum framburðum beggja, ákærða og brotþola, sem og frásögn vitnisins H um aðkomu sína í skemmuna í umrætt sinn eftir að hafa mætt ákærða á leið sinni þaðan, verður við sönnunarmatið lagt til grundvallar við úrlausn sakargifta hinn 16. október

2024 að ákærði hafi ráðist að brotaþola með rúllubaggateini í skemmumni, eins og háttseminni er lýst í ákæru. Bar H meðal annars um járnkarl, glerbrot og brotna plastkassa er hún kom að og að brotaþoli hefði legið hreyfingarlaus á bakinu. Er hún hafi að lokum náð sambandi við brotaþola hafi brotaþoli sagt ákærða hafa ráðist á sig, reynt að stinga sig, haft sig undir og reynt að kyrkja sig með járnkarlinum. Þá er frásögn brotaþola fyrir dómi af atvikum einnig í samræmi við það sem ákærði greindi þar frá um að hafa munað eftir sér ofan á brotaþola með rúllubaggateininn á hálsi hennar. Eins bera fyrirbyggjandi gögn um áverka brotaþola og framburðir sérfræðinga um þá fyrir dómi með sér að ákærði hafi reynt að stinga brotaþola og að brotaþoli hafi varist með því að bera fyrir sig hendurnar. Sömuleiðis, út frá hinu sama, telst sannað að áverkar á hálsi og afleiðingar þeirra hafi komið til á þann veg sem lýst er í ákæru. Enn fremur má sjá og heyra aðdraganda þessarar atburðarásar í upptöku úr títtnefndri öryggismyndavél [...].

Kemur þá til skoðunar hvort atлага ákærða í skemmumni geti hlutrænt talist vera alvarlegt ofbeldi í merkingu 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga eða alvarlegir verknaðarþættir sem liður í manndrápstilraun samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr., sömu laga.

Brotaþoli sjálf bar um það fyrir dómi að hafa dottið út og séð hvítt á meðan á árásinni stóð og þá greindi H frá því að hún hafi talið brotaþola vera dána er hún kom að henni. Ekki hafi liðið margar sekúndur frá því að ákærði hefði farið frá brotaþola þar til H hafi komið að henni. Erfitt hafi verið að ná sambandi við hana. Í fyrstu hafi brotaþoli ekki svarað henni, en hún farið að umla og svara þegar H hafi potað í bringu hennar og háls. Hún hafi verið með skurð og blóð á hendi og andliti. Hún hafi ekki haldið uppi samræðum, dottið inn og út, verið þvoglumælt og kaldsveitt. Hún hafi einnig séð áverka á hálsi og hnakka brotaþola. Eftir það hafi brotaþoli, samkvæmt framansögðu, greint H frá því hvernig ákærði hefði ráðist gegn sér. Hún kvaðst ætla að um þrjár mínútur hafi liðið frá því að hún hafi komið inn í skemmuna þar til brotaþoli hafi byrjað að tala við hana. Þetta hafi ekki verið miklar samræður, ekki nákvæmar lýsingar, heldur beinskeytt um að ákærði hafi reynt að stinga brotaþola og kyrkja hana með járnkarlinum. Hún hafi umlað um að ákærði hafi reynt að drepa sig. Þá bar réttarlæknirinn O meðal annars um það fyrir dómi að meiri kraftur hafi komið til hægra megin á hálsinn sem samræmist því að járnteini hafi verið þrýst að hálsinum af nokkrum krafti og í drjúga stund því brotaþoli hafi fengið blóðflæðitruflun upp í höfuðið, sem sjáist á þeim punktblæðingum sem komið hafi fram. Nánar aðspurður um díflablæðingar eða punktblæðingar í andliti og það að til að slíkar blæðingar kæmu fram þyrfti að hindra blóðflæði í drjúga stund greindi læknirinn

frá því að erfitt væri að segja hversu lengi svo þyrfti að vera, en að lágmarki megi ætla um 15 sekúndur til þess að punktblæðingar byrji að blómstra svona almennilega út. Hann kvaðst ekki geta staðfest að brotaþoli hafi verið sett í lífshættulegt ástand, en hafi krafturinn sem virki á hálsinn truflað meðvitund, þá sé litið svo á að áhrifin á heilann séu komin á það stig að það sé nægilega nærri truflun á heilanum og nærri dauða að það sé lífshættulegt. Hins vegar séu engar aðferðir til að staðfesta meðvitundarstigið og hvernig það hafi verið á þessari stundu. Áverkarnir vitni þó um að það hafi verið beitt þónokkrum krafti og að þónokkuð hafi gengið þarna á.

Að virtu því sem rakið er af frásögnum brotaþola og H fyrir dómi um ástand brotaþola í umrætt sinn, og með hliðsjón af framburði réttarlæknisins O, leggur dómurinn til grundvallar að sönnun hafi tekist fyrir því að brotaþoli hafi verið í andnað og meðvitund hennar hafi skerst vegna árásar ákærða þegar þrengt var að hálsi hennar með járnteininum og hún þannig verið sett í lífshættulegt ástand. Styðst það mat einnig við það sem heyra má ákærða segja á upptöku í búkmyndavél er hann var staddur í fangaklefa [...], að brotaþoli hafi verið orðin blá. Um þessi orð ákærða bar einnig lögreglumaður CC fyrir dómi, en á upptökunni má sjá lögreglumanninn með ákærða í klefanum. Þykir framangreint í aðalatriðum geta samrýmst framburðum læknanna L og M fyrir dómi. Telur dómurinn þannig atlögu ákærða að brotaþola með rúllubaggateininum, sem samkvæmt mælingu lögreglu er 126 cm að lengd og vegur 7,3 kg, hafa verið lífshættulega og til þess fallna að svipta brotaþola lífi.

Hvað mögulegan ásetning ákærða til fullframins brots gegn 211. gr. almennra hegningarlaga varðar er til nokkurra atriða að líta. Án tillits til þess hvort ákærði hafi mögulega verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga, þá liggur samkvæmt því sem að framan er rakið fyrir að ákærða gat af ástandi brotaþola og árás hans gegn henni ekki dulist að árásin gæti banað brotaþola. Enn fremur liggur fyrir fyrrgreindur framburður brotaþola fyrir dómi um að ákærði hafi sagst ætla að klára þetta er hann tók upp rúllubaggateininn og réðst í kjölfarið að brotaþola, en einnig framburður H um að ákærði hafi í fyrstu greint henni frá því, utan skemmunar er hann kom til baka, að hafa ætla að kála henni. Þau orð ákærða má enn fremur heyra á hljódupptöku þegar brotaþoli ræðir við neyðarlínu á vettvangi. Þykir því í ljós leitt að ásetningur ákærða hafi staðið til að svipta brotaþola lífi.

Þá gætir dómurinn sjálfstætt að því hvort eitthvað sé fram komið sem rennt gæti stoðum undir að ákærði hafi látið af háttsemi sinni í skemmunni af sjálfsdáðum, þannig að

hegning geti fallið niður að nánari skilyrðum 21. gr. almennra hegningarlaga uppfylltum. Ákærði sjálfur er ekki til frásagnar þar um, enda ber hann að mestu við minnisleysi um þessi atvik. Þó kom fram í frásögn hans fyrir dómi að eitt þeirra myndbrota sem hann myndi væri að hafa hent járnkarlinum til hliðar og sömuleiðis þokukennt eftir að hafa sagt við brotþola „sjáðu hvert þetta hefur leitt okkur, þetta rugl“. Honum finnst eins og hann hafi staðið upp og labbað út úr skemmuni og séð H þar, en kvaðst ekki viss um að svo hafi verið þarna eða síðar. Það sem á hinn bóginn er hönd á festandi að mati dómsins er að heyra má og sjá á upptöku öryggismyndavélarinnar á [...] að ákærði fer af vettvangi skömmu eftir að H skellir á eftir sér hurð á [...]húsinu og hundur við skemmuna byrjar í þann mund að gelta. Einnig að helst verður ráðið af háttsemi ákærða er hann kom að nýju að skemmuni og hitti H þar fyrir utan að hann hafi á þeim tímapunkti verið ómeðvitaður um hvort brotþoli væri á lífi, enda brotþoli hreyfingarlaus að sögn H þegar hún kom að henni skömmu eftir að ákærði fór af vettvangi. Telur dómurinn ljóst að þannig hafi ákærði skilið brotþola eftir. Telur dómurinn því ekkert haldbært liggja fyrir um afturhvarf ákærða af sjálfsdáðum frá háttsemi sinni í skilningi 21. gr. almennra hegningarlaga eða að hann gert nokkrar ráðstafanir til að varna því að brotþoli léti lífið. Án tillits til þess hvort ákærði hafi að endingu talið sig hafa banað brotþola eða hvort um ónothæfa tilraun til þess háttar verknaðar var að ræða getur háttsemi hans því varðað refsingu samkvæmt 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

Hvað varðar þá málsvörn að svo hafi verið ástatt fyrir ákærða sem 15. gr. almennra hegningarlaga tiltekur, þá er í ákvæðinu mælt svo fyrir að þeim mönnum skuli eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sínum. Í greinargerð með frumvarpi til almennra hegningarlaga segir: „Markmið refsingar er fyrst og fremst verndun almenns réttaröryggis og viðhald lögbundins þjóðskipulags. En auk þess fullnægir refsing réttlætistilfinningu almennings, er ekki sættir sig við það, að menn skerði órefsað mikilvæg réttindi annarra.“ Þessi sjónarmið, sem búa að baki refsilögum, mæla með því að umrætt ákvæði sé fremur skýrt þröngt en rúmt, enda hefur það að geyma undantekningu frá þeirri meginreglu að mönnum sé refsað fyrir afbrot er þeir hafa framið. Samkvæmt því leiðir það ekki til sakhæfisskorts þótt sá, sem uppvís hefur orðið að refsiverðum verknaði, hafi brenglað raunveruleikaskyn eða sé haldinn ranghugmyndum af völdum geðsjúkdóms nema hann hafi alls ekki verið fær um

að hafa stjórn á gerðum sínum þegar hann vann verkið, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar Íslands frá 13. október 2011 í máli nr. 198/2011. Við mat þetta horfir dómurinn þannig þessu samkvæmt hvort tveggja til geðheilbrigðis ákærða á verknaðarstundu og þess stranga mælikvarða sem hinu lögfræðilega sakhæfi hefur verið markaður að lögum.

Í málinu liggja fyrir tvær matsgerðir Ó geðlæknis og yfirmatsgerð geðlæknanna P og Q, sem eru samdóma um að ekki hafi verið svo ástatt fyrir ákærða á verknaðarstundu 16. október 2024 að 15. gr. almennra hegningarlaga eigi við. Staðfestu geðlæknarnir mót sín þar um í skýrslugjöfum fyrir dómi. Ó greindi í skýrslugjöf sinni frá mögulegum skýringum á því minnisleysi sem ákærði bæri um. Þar af taldi hann svokallað hugrof langlíklegustu skýringuna. Hugrof geti komið til undir miklu álagi og [...]. Það ástand félli á hinn bóginn ekki undir 15. gr. almennra hegningarlaga, þar sem hugrof væri varnarhættir sálarinnar gegn skelfilegum atburðum. Menn yrðu kannski hams- og stjórnlausir á meðan, en það sé ekkert í sögu ákærða sem gefi til kynna geðrof, truflanir á hugsun eða ofskynjanir sem tengist geðveikishugtaki 15. gr. laganna og hugrof falli ekki þar undir. Það félli heldur ekki undir hugtakið rænukerðingu eða annað samsvarandi ástand. Þá bar yfirmatsmaðurinn, P geðlæknir, um að ákærði væri ekki með einkenni geðrofs eins og það sé skilgreint, þótt hann kalli það sjálfur geðrof þegar hann detti út á einhvern hátt. Einnig að hann lýsi því að upplifa óminni og aftengjast því sem gerist í kringum hann, en það væri að mati yfirmatsmannanna ekki nægilegt til að hann teldist ósakhæfur. Þá hafi yfirmatsmenn heldur ekki talið ákærða rænu- eða meðvitundarskertan á þessum tíma og að hann hafi verið með meðvitund. Greinilegt væri að hann muni ákveðin atriði þó að hann muni ekki skýrt í hvaða röð atvik hafi átt sér stað. Hann lýsi þó sjálfur að þetta sé óskýrt en hann muni eitthvað, þannig að hann hafi minni af atburðum sem hann sjái fyrir, muni að hafa komið á staðinn og að hafa heyrt ákveðna hluti. Enn fremur bar yfirmatsmaðurinn Q geðlæknir meðal annars um að yfirmatsmennirnir teldu ákærða hafa hlotið að vita hvað hann væri að gera. Ljóst væri að ákærði hafi misst sig í bræði og tilfinningalegu uppnámi yfir því sem gerst hafi og sagt hafi verið. Ekki sé um geðrof, ranghugmyndir eða ruglástand að ræða þegar menn missa sig vegna einhvers sem gerist í aðdraganda.

Þá taldi enginn matsmanna mögulegan háþrýsting ákærða á verknaðarstundu geta hafa leitt til þess að svo hafi verið ástatt fyrir ákærða á verknaðarstundu að hann hefði verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, en samkvæmt skýrslugjöfum þeirra getur háþrýstingur haft neikvæð áhrif á andlega líðan. Þá er til þess að líta að geðlæknirinn J,

sem hefur komið að málum ákærða [...], greindi frá því fyrir dómi að umfjöllun í vottorði hennar vegna ákærða, um hækkaðan blóðþrýsting og tímabundna blóðþurrð í heila sem geti haft áhrif á meðvitundarástand, vera „spekúlasjónir“, en hún hafi ekkert meira fyrir sér í þeim. Í því tilliti er sér í lagi til þess að líta að þann möguleika útilokaði geðlæknirinn Q með vísan til heilarits og heilamynda sem teknar hafi verið af ákærða.

Að mati dómsins er meðal annars með vísan til þessa ekkert talið fram komið í málinu sem rennt getur haldbærum stöðum undir það að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu þrátt fyrir frásögn hans um gloppótt og slitrótt minni. Styðst það mat við niðurstöður fyrrgreindra matsgerða, framburð geðlæknanna sem þær unnu og aðrar skýrslugjafir fyrir dómi, en ekki síst á atvikum sjálfum. Ekki þykir ástæða til að efast um slæma andlega líðan ákærða 16. október 2024, þar á meðal einkenni [...] og að hann hafi þá glímt við [...]. Ekki heldur að hann kunni, meðal annars af þeim sökum, að hafa komist í uppnám í samtali sínu við brotþola. Hins vegar telur dómurinn það ástand hans, þar á meðal mögulegt hugrof eða vanlíðan sökum hugsanlegs háþrýstings á því tímamarki, ekki geta skýrt háttsemi hans á verknaðarstundu þann dag á þann máta að hann hafi verið ófær um að stjórna gerðum sínum. Hann hefur sjálfur borið um hluta þeirrar atburðarásar sem um ræðir, þar á meðal um að hafa haldið rúllubaggateininum að hálsi brotþola, og þá báru lögreglumaður BB, H og brotþoli öll um háttalag ákærða þennan dag. Lögreglumaðurinn, sem kvaðst þekkja ákærða lítillega, bar um að ákærði hefði verið áttaður á stað og stund og vírst vita hvað hann væri að gera. Sams konar lýsingar gáfu bæði brotþoli og H fyrir dóminum, sem báru um yfirvegun ákærða, annars vegar á verknaðarstundu og hins vegar utan skemmunar er hann kom til aftur á vettvang. Þá bera fyrirbyggjandi myndbönd af ákærða eftir atburðinn ekki með sér að þar fari einstaklingur sem svo hafi verið ástatt um, heldur maður sem meðvitaður hafi verið um atburði og eigin gerðir á þeim tíma sem ætlað óminnisástand á að hafa verið til staðar. Er þannig hafnað þeirri málsvörn ákærða að hann hafi á verknaðarstundu verið ófær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu svo að 15. gr. almennra hegningarlaga eigi við.

Að öllu framangreindu virtu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi hinn 16. október 2024 sýnt þann ásetning í verki og að auki tjáð hann berum orðum að hafa ætlað að taka líf brotþola, A. Telur dómurinn hann hafa verið meðvitaðan um háttsemi sína og mögulegar afleiðingar hennar og ekkert haldbært fram komið er rennt geti stöðum undir að hann hafi horfið frá háttsemi sinni, eða gert nokkrar

þær ráðstafanir til að varna dauða brotaþola, að leitt geti til refsileysis hans. Þá er lýsing á áverkum brotaþola í ákæru vegna atlögu ákærða einkum studd áverkavottorði þar um og matsgerð réttarlæknis um tilurð þeirra. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem lýst er í 2. t. l. ákæru og er háttsemin réttilega heimfærð til 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í ákæru.

Loks er til þess að líta að brotaþoli hefur fyrir dómi borið um vaxandi vanda í sambandi þeirra ákærða og á sú frásögn einnig samsvörun í framburði ákærða að því leyti, þar á meðal vegna aukinnar vanlíðanar hans. Bar brotaþoli auk annars um hræðslu við ákærða, þjónkun sína við ákærða óháð vilja sínum þegar hann sóttist eftir kynlífi, til-efnislausa afbrýðisemi ákærða, skapofsaköst og stjórnun. Þó báru þau bæði um að brotaþoli hafi í tilgreindum tilvikum beitt líkamlegu ofbeldi og voru samsaga um að ákærði hafi ekki beitt brotaþola ofbeldi af því tagi. Á hinn bóginn bar brotaþoli um að þess í stað hafi ákærði beitt hana andlegu ofbeldi. H, sem þekkt hefur bæði ákærða og brotaþola til nokkurra ára, bar einnig fyrir dómi um aukinn vanda í sambandinu hin síðari ár. Hún hafi haft miklar áhyggjur af þeim báðum í þrjú ár, verið búin að bíða eftir að eitthvað gerðist, en „kannski ekki þetta“. Hún kvað brotaþola hafa verið búna að höfða til ákærða um að slíta sambandi þeirra á skynsamlegum nótum. Greindi H meðal annars enn fremur frá því að henni hafi þótt vænt um ákærða og að hún hafi höfðað til hans að nota „hausinn en ekki hjartað“ þegar ákærði og brotaþoli hafi verið að fara í sundur svo þau gætu bæði lifað sínu lífi. Þá liggur fyrir frásögn brotaþola, H og C um að tvö hin síðarnefndu hafi dagana frá 13. október 2024 til og með 16. október 2024 haft nær stöðugar gætur á brotaþola vegna ótta hennar um að ákærði gerði henni eitthvað. Af þeirri ástæðu hafi einnig verið komið upp títtnefndri öryggismyndavél að [...] og óttaðist brotaþoli ákærða, sem hún taldi vera með hana í beinni sjónlínu [...]. Auk þessa bar R, sálfræðingur brotaþola, um frásagnir brotaþola af þróun sambands hennar við ákærða og hvernig aukin stjórnun og ótti hafi haft áhrif á líðan brotaþola, einkum nýliðin ár.

Að virtum ákæruatriðum samkvæmt 1. og 2. t. l. I. kafla ákæru sem slíkum, sem ákærði hefur verið fundinn sekur um, í ljósi þess sem að framan er rakið um samband ákærða og brotaþola, þeirrar stigmögnunar sem átti sér stað og þess stórfellda heilsutjóns og lífsháskna sem brotaþoli varð að lokum fyrir af völdum ákærða hinn 16. október 2024, allt eins og áður er rakið, þykir háttsemi ákærða samkvæmt I. kafla ákæru, auk annarra fyrrgreindra ákvæða laga nr. 19/1940, einnig réttilega heimfærð til 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga.

Niðurstaða vegna sakargifta samkvæmt II. kafla ákæru:

Hvað sakargiftir 24. nóvember 2023 varðar, þá neitar ákærði að hafa ráðist að brotaþola B og segist hafa varist árás hans gegn sér með því að grípa í hækju sem brotaþolinn hafi veist að ákærða með.

Brotapoli B lést [...] og gaf því ekki skýrslu við aðalmeðferð málsins í upphafi nýliðins mánaðar. Á hinn bóginn gaf hann skýrslu hjá lögreglu sem rakin hefur verið í aðalatriðum í kafla I þessa dóms. Við mat á þeim framburði verður því gætt að reglum 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en skýrslugjöfin, sem hvort tveggja liggur fyrir meðal gagna málsins í hljóði og mynd og endurrituð, var spiluð í heild sinni við aðalmeðferð málsins.

Ákærði er samkvæmt ákæruliðnum borinn sökum um líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga með því að ráðast gegn brotaþola B og veitt honum ítrekuð högg í andlit og líkama, meðal annars með áldós, og ítrekað sparkað í bók hans með nánar tilgreindum afleiðingum. Er þeim áverkum sem fram koma í ákæru lýst í áverkavottorði, dags. 9. janúar 2024, sem læknirinn T ritaði á grunni þriggja heimsókna brotaþola til lækni haustið 2023. Einnig eru á meðal málgagna myndir af áverkum brotaþola sem bárust frá [...] með því vottorði.

Tvö vitni báru fyrir dómi um atlögu ákærða gegn brotaþola B. Annars vegar lögreglumaður EE, sem staddur var heima hjá sér og sá til þeirra tveggja, og hins vegar S, sem einnig kvaðst hafa verið staddur á sínu heimili þegar hann hafi orðið var við ákærða og brotaþola. Lögreglumaðurinn kvaðst hafa séð ákærða út um stofuglugga á heimili sínu við svokallað [...] eftir að hafa fengið símtal frá konu sinni um að hún hefði orðið vör við læti. Hann hafi heyrt öskur og læti og sýnst ákærði vera að sparka í eitthvað. Stuttu síðar hafi brotaþoli risið upp þaðan sem ákærði hefði verið að sparka. Hafi lögreglumaðurinn í kjölfarið hringt á neyðarlínuna og sagt frá þessu. Þá greindi hann meðal annars einnig frá því að hafa séð S koma á vettvang og þá hafi brotaþoli farið inn í bílinn sinn, en S og ákærði skipst á einhverjum orðum. Fyrir dómi bar S meðal annars um að hafa séð ákærða berja brotaþola þegar S hafi verið staddur á heimili sínu og farið af heimilinu á vettvang eftir að hafa heyrt læti. Á leiðinni hafi hann séð hvar ákærði hafi sparkað í brotaþola og bar um að hafa séð ákærða sparka er hann hafi horft undir bifreið. Þess er að gæta að fyrir dómi bar S meðal annars einnig um mikinn vinskapa sinn og B heitins og verður framburður hans því metinn með hliðsjón af því.

Ákærði kannaðist aðspurður við það fyrir dómi að verið geti að hann hafi slegið brotþola með áldós og það gerði hann einnig við skýrslugjöf hjá lögreglu. Við þá skýrslugjöf kvað hann brotþola hafa ógnað sér með hækju, án þess þó að brotþolinn hafi beitt henni með ofbeldi. Bar ákærði fyrir dómi um að vegna ógnandi hegðunar brotþola hafi hann slegið áldós í andlit brotþola og eftir það hafi brotþoli hent sér sjálfur til. Samkvæmt skýrslugjöf brotþola hjá lögreglu hóf ákærði strax að lemja brotþola eftir að þeir byrjuðu að ræðast við á vettvangi, fyrst með hnefunum, en í kjölfarið plastkefli og járnprófil.

Af málgögnum og framburði ákærða fyrir dómi verður ráðið að í aðdraganda þeirra atvika sem hér um ræðir hafi samskipti þeirra tveggja verið erfið og að þeir hafi verið ósáttir hvor við annan. Í ljósi framburðar brotþola um að ákærði hafi veist að honum með því að berja hann, sem á sér samsvörun í framburði ákærða um að hann hafi slegið brotþola með áldós, sem og með hliðsjón af framburði S fyrir dómi um að hafa séð ákærða berja brotþola er vitnið var statt heima hjá sér, er lagður til grundvallar framburður brotþola um að ákærði hafi slegið hann í andlit í umrætt sinn, meðal annars með áldós, líkt og lýst er í ákæru. Talið er sannað að það hafi gerst ítrekað, einkum í ljósi þeirra áverka sem á ákærða voru við myndatöku síðar um daginn og skoðaðir voru af lækni. Nákvæm tildrög þess þykja að einhverju leyti óráðin, en þykir það ekki geta haft þau áhrif að háttsemi ákærða kunni að vera talin honum refsilaus. Þá renna framburðir lögreglumanns EE og S fyrir dómi stöðum undir það að ákærði hafi einnig sparkað í bók brotþola, líkt og brotþoli bar sjálfur um við skýrslugjöf hjá lögreglu. Ekkert hefur komið fram við rannsókn eða fyrir dómi sem leitt þykir geta líkum að því að brotþoli hafi veitt sér þá áverka sem um ræðir sjálfur, og er þá einnig gætt að því að brot ákærða gegn 217. gr. er fullframið án tillits til þeirra áverka. Samkvæmt öllu framangreindu, gegn neitun ákærða, þykir lögfull sönnun hafa tekist fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás sem honum er gefin að sök samkvæmt II. kafla ákærða og verður hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi og er brotið rétt heimfært til refsíákvæðis. Í þessum hluta málsins er ekki deilt um sakhæfi ákærða og að því virtu kemur það atriði ekki til umfjöllunar hér.

Niðurstaða vegna sakargifta samkvæmt III. kafla ákæru.

Í þessum kafla ákærunnar eru til umfjöllunar þær sakir að ákærði hafi haft í fórum sínum 14 skotvopn og skotfæri á heimili sínu 20. nóvember 2023 án þess að hafa til þess

gilt skotvopnaleyfi, án þess að skotvopnin væru skráð á hann og án þess að tryggja viðeigandi og áskilda geymslu þeirra í aðskildum og læstum hirslum þar sem óviðkomandi aðili næði ekki til þeirra. Við aðalmeðferð málsins kom ákærvaldið á framfæri leiðréttingu á verknaðarlýsingu þess efnis að brotið hefði átt sér stað á [...], en ekki [...], líkt og í ákæru greinir. Að mati dómsins er í því tilliti um að tefla aukaatriði brots í skilningi 2. málslíðar 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008, sem ekki þykir geta komið niður á vörnum ákærða, og verður dómur því lagður á málið samkvæmt því að háttsemin hafi verið viðhöfð að [...].

Dómurinn leggur til grundvallar að það fái ekki leyst ákærða undan sök þó svo að þeir lögreglumenn sem komið hafi að [...], ýmist starfa sinna vegna eða sem gestir, hafi orðið varir við ófullnægjandi vörslur á einhverjum þeim vopnum sem um ræðir samkvæmt ákæruliðnum. Heldur ekki að ákærði hafi unnið að því að afla sér á ný skotvopnaleyfis og skrá vopnin í kjölfarið á sig, en skotvopnaleyfi ákærða, sem hann hafði verið með frá árinu 1997, gildi til 16. nóvember 2017, eða að sum vopnanna kunni að hafa verið óvirk. Sýnt þykir af því að ákærði vann að því að afla sér á ný slíks leyfis samkvæmt 12. gr. vopnalaga nr. 16/1998 að honum var ljóst að handhöfn leyfis af því tagi var forsenda þess að honum væru heimil umráð og eignarhald á þeim vopnum og skotfærum sem um ræðir. Auk þess verður ráðið af framburði ákærða fyrir dómi að honum var ljóst að skylda hvíldi á honum til að ábyrgjast vörslur þessara muna þannig að óviðkomandi hefðu ekki aðgang að þeim samkvæmt 1. og 2. mgr. 23. gr. sömu laga. Samkvæmt framangreindu eru skilyrði um ólögmdæta, saknæma og refsinaema háttsemi nægjanlega uppfyllt, eins og atvikum er háttáð. Verður ákærði því sakfelldur fyrir háttsemi sína eins og henni er lýst í ákæru og þykja brot hans réttilega heimfærð til refsíákvæða samkvæmt ákæru. Í þessum hluta málsins er ekki deilt um sakhæfi ákærða og að því virtu kemur það atriði ekki til umfjöllunar hér.

V

Sakfelling ákærða samkvæmt framansögðu tekur til allra þriggja kafla ákæru, þ.e. vegna brota hans 20. og 24. nóvember 2023 og 13. og 16. október 2024, eins og áður greinir. Dómurinn hefur samkvæmt framansögðu ekki talið 15. gr. almennra hegningarlaga eiga við um ákærða, og þá þykir 16. gr. sömu laga, meðal annars með stoð í fyrirbyggjandi matsgerðum, ekki standa í vegi þess að ákærða verði gerð refsing.

Við ákvörðun refsingar vegur tilraun ákærða til að svipta brotþola A lífi hinn 16. október þingst en sú háttsemi ein og sér varðar samkvæmt 211., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi ekki skemur en fimm ár, eða ævilangt. Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. sömu laga má dæma lægri refsingu fyrir tilraun til brots en fyrir fullframin brot. Í greininni segir að það skuli einkum gert þegar af tilrauninni megi ráða að brotamaður sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla megi að sé um menn sem fullfremja slík brot. Brot ákærða 16. október 2024 var ofsafengið og að atvikum virtum þykir hending hafa ráðið því að því að ekki hlaust bani af atlögunni. Ekki þykja því efni til þess að beita heimild 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga til refsilækkunar við ákvörðun refsingar ákærða. Þá er og til þess að líta að dómurinn getur í ljósi alvarleika þeirrar háttsemi og þess hve fjarri sú atlega þykir þeirri móðgun sem hann telur sig hafa orðið fyrir heldur ekki fallist á að 4. tl. 1. mgr. 74. gr. laganna eigi við í málinu. Í ljósi þess að ákærði hefur einnig verið sakfelldur fyrir brot gegn 199. gr., 1. mgr. 217. gr., 1. mgr., sbr. 2. mgr., 218. gr. b og 231. gr. sömu laga, auk brota gegn vopnalögum nr. 16/1998, verður refsing hans ákvörðuð í einu lagi samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga.

Litið til þess að brot ákærða samkvæmt I. kafla ákæru gegn brotþola A voru framin gegn fyrrverandi maka. Eru afleiðingar háttseminnar 16. október 2024 stórfelldar og ekki er séð fyrir um bata brotþolans vegna taugaskaða á hægri handlegg, eða bata vegna þeirrar andlegu vanlíðanar sem sú háttsemi og háttsemi ákærða 13. sama mánaðar hafa valdið henni. Andspænis því verður ráðið af yfirmatsgerð geðlæknanna P og Q og framburði þeirra og geðlæknisins J fyrir dómi að ákærði hefur að nokkru leyti sýnt iðrun gjörða sinna og vinnur að því að takast á við vanda sinn. Þá er þess og sér í lagi að geta að [...] hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar nú.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og 1., 2., 3., 5., 6. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga verður ákærða gert að sæta fangelsi í sex ár. Frá refsingunni með fullri dagatölu dregst gæsluvarðhald og vist ákærða á sjúkrahúsi sem ákærði hefur sætt frá 19. október 2024 til uppkvaðningar dómsins, sbr. 76. gr. sömu laga.

VI

Ákærði hefur samkvæmt því sem greinir í kafla IV þessa dóms verið sakfelldur fyrir að brjóta tvívegis gegn brotþola A, annars vegar 13. október 2024 og hins vegar 16. sama mánaðar, og beindust brot hans gegn brotþola sem fyrrverandi maka í skilningi 218. gr.

b almennra hegningarlaga. Ákærði hefur í fyrra tilvikinu verið sakfelldur fyrir að koma óboðinn á heimili brotþola og áreita hana kynferðislega, en í hinu síðara fyrir tilraun til manndraps. Brotþoli hefur átt erfitt andlega eftir á og gengið til sálfræðings vegna atvikanna. Þá hefur hún ekki náð líkamlegum bata vegna afleiðinga atlögu ákærða 16. október 2024. Að mati dómsins þykja miskabætur til brotþola A samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, eins og málsatvikum er háttáð, hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna og verður ákærða gert að greiða brotþola þær bætur. Er þá einnig í ljósi framlagðra gagna, og málatilbúnaðar að því leyti, fallist á að ákærða verði gert að greiða brotþola bætur á grunni 1. mgr. 1. gr. sömu laga vegna þess fjártjóns sem hlotist hefur af háttsemi hans, 141.891 krónu. Einkaréttarkrafan var fyrst birt fyrir ákærða 15. janúar 2025 samhliða birtingu ákæru. Að því virtu, og með vísan til 8. gr. og fyrri málsliðar 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þykir rétt að miða vexti og dráttarvexti af dæmdum bótum samkvæmt því sem í dómsorði greinir.

VII

Ákærði hefur hafnað upptökukröfum á haldlögðum vopnum og skotfærum, en ákærði hefur verið sakfelldur fyrir þá háttsemi að hafa haft þessa muni í vörslum sínum að [...], mánudaginn 20. nóvember 2023, sbr. IV. kafla dómsins. Óháð því hvernig varsla þessara muna kom til, þ.e. fyrir erfð eða með öðrum hætti, var hún ákærða saknæm og óheimil í umrætt sinn. Verður honum því á grundvelli 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998 gert að sæta upptöku skotvopna og skotfæra samkvæmt III. kafla ákæru á þann veg sem í dómsorði greinir.

VIII

Í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað málsins. Til þess kostnaðar heyra málsvarnarlaun verjanda hans fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Hlyns Jónssonar lögmanns, sem ráðast af tímaskýrslu og upplýsingum um störf hans vegna gæsluvarðhaldskröfu 22. maí síðastliðinn, 7.209.360 krónur, og útlagður kostnaður verjandans að fjárhæð 64.700 krónur. Einnig þóknun réttargæslumanns brotþola, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, sem ræðst af tímaskýrslu, 2.343.600 krónur, og útlagður kostnaður þess réttargæslumanns að fjárhæð 123.400 krónur. Sömuleiðis þóknun fyrri réttargæslumanns brotþola, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, sem ræðst einnig af tímaskýrslu,

1.398.720 krónur, og annar sakarkostnaður samkvæmt yfirliti ákærvaldsins og framlögðum reikningum, samanlagt að fjárhæð 3.890.475 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknana lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson, settur varahéraðs-saksóknari.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan sem dómsformaður, ásamt meðdómsmönnum Daða Kristjánssyni héraðsdómara og Erik Brynjari Schweitz Erikssyni geðlækni.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex ár. Frá refsingu með fullri dagatölu dregst vist ákærða í gæsluvarðhaldi og á sjúkrahúsi frá 19. október 2024 til dómsuppkvaðningar.

Ákærði sæti upptöku á átta haglabyssum, fjórum rifflum, einni kindabyssu og einum afsöguðum riffli auk skotfæra sem haldlögð voru.

Ákærði greiði A 3.141.891 krónu auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af 700.000 krónum frá 13. október 2024 til 16. október 2024, en af 3.000.000 króna frá þeim degi til 15. febrúar 2025, en með dráttarvöxtum af 3.141.891 krónu samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, 15.030.255 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Hlyns Jónssonar lögmans, 7.209.360 krónur, og útlagðan kostnað verjandans, 64.700 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola A, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmans, 2.343.600 krónur, og útlagðan kostnað réttargæslumannsins, 123.400 krónur, og þóknun fyrri réttargæslumanns brotþolans, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmans, 1.398.720 krónur.

Hákon Þorsteinsson

Daði Kristjánsson

Erik Brynjar Schweitz Eriksson